

**MÓTMÆLT Í HONG KONG**
▶38



**ELDHUGI Í KENÍA BJARGAR STÚLKUM FRÁ LIMLESTINGUM**
▶32

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
4. október 2014
233. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




## FÓR ÚR UPPISTANDI Í STÓLINN

**Grínarinn Davíð Þór Jónsson hlaut prestsvígslu nýlega og ætlar að þjóna öllu Austurlandi. Hann á fjölbreyttan starfsferil að baki og segir uppistandsreynsluna koma sér til góða þótt boðskapurinn sé annar en áður.**
▶ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HESTASTELPA** Svandís Dóra Einarsdóttir vekur athygli í sjónvarpsseríunni Hrauninu, en er feimin sveitastelpa í raun. ▶30



**LEIKLISTIN Í FRAMHALDSSKÓLUNUM**
**DÓRI DNA LEIKSTÝRIR NÝJU VERKI HJÁ MH**
▶18



**KRISTÍN ÍSAFOLD EIN AF KRÖKKUNUM MEÐ VASALJÓS**
▶48






## GLEÐIFRÉTTIN



Hjartaknúsarinn George Clooney og mannréttindalögfræðingurinn Amal Alamuddin gengu í það heilaga í Feneyjum um síðustu helgi. Alamuddin er virt á sínu starfssviði og eins og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni er hún strax byrjuð að vekja athygli fyrir óaðfinnanlegan fatastíl.

## FIMM Í FRÉTTUM TILVONANDI SENDIHERRA OG ÖRLÁTUR RÁÐHERRA



**KRISTÍN ÞÓRUNN TÓMASDÓTTIR** furðar sig á bænaskrá á Kristsdegi þar sem beðið var fyrir breyttu viðhorfi til fóstureyðinga.



**GEIR H. HAARDE,** fyrrverandi forsætisráðherra Íslands, segist hlakka til að taka við stöðu sendiherra í Washington en stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa samþykkt skipun hans í embættið.



**ÓLÖF ÁSTA FARESTVEIT,** forstöðumaður Barnahúss, fagnar því að með frumvarpi til laga um breytingu á meðferð sakamála sé lagt til að allar skýrslutökur af börnum fari fram í Barnahúsi.



**INGVI HRAFN ÓSKARSSON,** formaður stjórnar RÚV, er bjartsýnn á að RÚV muni geta greitt af skuldabréfi að fjárhæð 190 milljónir króna eftir að hafa fengið frest til 31. desember 2014.



➜ **Kristján Þór Júlíusson** heilbrigðisráðherra ákvað að úthluta 132 milljónum króna úr Framkvæmdasjóði aldraðra til 11 verkefna. Rúmlega 60% af þeirri upphæð fara til verkefna í kjördæmi ráðherrans.

## VIKAN 28.09.➜04.10.2014



**SUNNUDAGUR Beittu táragasi í Hong Kong** Lögreglan í Hong Kong beitti táragasi eftir að til átaka kom á milli lögregluþjóna og mótmælenda í borginni. Margir mótmælendur voru handteknir en þeir eru ósáttir við að yfirvöld í Kína leyfi ekki lýðræðislegar kosningar í Hong Kong.

**MÁNUDAGUR Prestar undrast bænaskrá** Fréttablaðið greindi frá því að prestar þjóðkirkjunnar hefðu undrast bænaskrá sem var gefin út fyrir Kristsdag sem haldinn var í Hörpu. Í einni bæninni var beðið fyrir breyttum viðhorfum til fóstureyðinga.

**ÞRIÐJUDAGUR Segist saklaus** Maðurinn sem grunaður er um að hafa orðið eiginkonu sinni að bana í Stelkshólum á laugardag hélt því fram að konan hefði svipt sig lífi. Hann hefur staðfastlega haldið fram sakleysi sínu í skýrslutökum hjá lögreglu.

**MIÐVIKUDAGUR Ný stjórnsýslustofnun undirbúin** Fréttablaðið greindi frá því að allar líkur væru á því að ný stjórnsýslustofnun sem á að taka yfir málefni Barnaverndarstofu, Fjölmenningarseturs, réttargæslumanna fatlaðs fólks auk annars sem félagsmálaráðuneytið sinnir, verði höfð á landsbyggðinni.

**FIMMTUDAGUR Lýsti yfir vanhæfi** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætis- og dómsmálaráðherra, brást við niðurstöðu ríkissaksóknara í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu, en hún kvaðst vera vanhæf vegna fjölskyldutengsla. „Ég mun fara yfir erindi ríkissaksóknara og bregðast við því á viðeigandi hátt, eins fljótt og kostur er,“ sagði hann í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

**FÖSTUDAGUR ESB-umsókn verði dregin til baka** Hanna Birna Kristjánsdóttir telur rétt að draga til baka aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þetta kom fram í máli hennar á fundi með Sambandi eldri sjálfstæðismanna.

**LAUGARDAGUR Samstarf við Ísland eftirsóknarvert**

**„Okkar vilji stendur til þess að koma á fót framsæknum sjávarútvegi í eigu landsmanna. Það er langtímaverkefni og samstarf við önnur lönd, eins og Ísland, sem hafa þekkinguna er okkur afar mikilvægt.“** ▶ SÍÐA 4



*Samuel Ankama, sjávarútvegsráðherra Namibíu.*

# Ómakleg gagnrýni og ósæmandi fullyrðing

Ríkisendurskoðun segir gagnrýni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á hendur stofnuninni vegna Þorláksbúðar ómaklega og fullyrðingar Áhugamanna um velferð Skálholts ekki sæmandi. Ekkert sérstakt stingi í augun og allt stemmi í reikningi Þorláksbúðarfélagsins.



**Í SKÁLHOLTI** Staðsetning Þorláksbúðar við hlið Skálholtskirkju og sögulegt gildi búðarinnar er umdeilt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**STJÓRNSÝSLA** „Ítrekað skal að engar vísbendingar eru um annað en að framlög þessi hafi verið notuð í þágu byggingarinnar,“ segir í greinargerð Ríkisendurskoðunar þar sem fjallað er um notkun á skattfé sem runnið hefur til uppbyggingar Þorláksbúðar í Skálholti.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hvatti í mars í fyrra Ríkisendurskoðun til að „ljúka því verki að upplýsa um hvernig skattfé sem runnið“ hefði til Þorláksbúðarfélagsins hefði verið varið. Árni Johnsen hefur verið aðalforsvarsmaður félagsins.



**ÁRNI JOHNSEN**

Nú segir Ríkisendurskoðun fullyrðingu þingnefndarinnar, um að Ríkisendurskoðun hafi í bréfi til forsætisnefndar Alþingis í júní 2012 ekki lokið við að upplýsa hvernig skattfé sem rann til Þorláksbúðar hafi verið varið, bæði ranga og ómaklega. „Bréfið upplýsti einmitt um hvert fjármunirnir hefðu runnið,“ segir Ríkisendurskoðun.



**EIÐUR GUÐNASON**

Þá segir Ríkisendurskoðun að tilefni gagnrýni þingnefndarinnar á starf Ríkisendurskoðunar sé fyrst og fremst fullyrðingar svokallaðra áhugamanna um velferð Skálholtsstaðar í bréfi til nefndarinnar. Í þeim hópi voru Eiður Guðnason, Vilhjálmur Bjarnason, Ormar Þór Guðmundsson og Jón Hákon Magnússon, sem nú er látinn. Ríkisendurskoðun segir engan þeirra hafa haft samband til að afla gagna eða renna stoðum undir þessar fullyrðingar.

„Fullyrðing bréfritara um að ekki hafi farið fram nein athugun á fylgiskjölum í bókhaldi félagsins á sér enga stoð í raunveruleikanum og er bréfriturum ekki sæmandi. Staðreyndin er einfaldlega sú að sá starfsmaður Ríkisendurskoðunar, sem annaðist athugun á fjárreiðum félagsins, skoðaði hvert einasta fylgiskjal í bókhaldi þess sem og yfirlit bankareikninga,“ segir Ríkisendurskoðun.



**SVEINN ARASON**

Að sögn Ríkisendurskoðunar er Þorláksbúðarfélagið skilgreint sem félagasamtök og að engu leyti í eigu eða undir stjórn ríkisins eða annars opinbers aðila. Engu að síður hafi starfsmaður Ríkisendurskoðunar fengið að skoða hvert einasta fylgiskjal í bókhaldi Þorláksbúðarfélagsins og yfirlit bankareikninga. „Ekkert sérstakt þótti stinga í augu auk þess sem allt stemmdi,“ segir Ríkisendurskoðun.

gar@frettabladid.is

### HÖRÐ GAGNRÝNI

„Ríkisendurskoðun vill að lokum lýsa vonbrigðum sínum með að þáverandi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd skuli hvorki hafa talið ástæðu til að kalla forsvarsmenn stofnunarinnar á sinn fund til að gera grein fyrir athugun sinni né að gefa henni kost á andmælum við drög að skýrslu nefndarinnar. Skýrslan verður þó hvorki skilin eða túlkuð á annan hátt en sem hörð gagnrýni af hálfu nefndarinnar á það hvernig Ríkisendurskoðun stóð að verki við athugun sína. Í henni er gagnrýnislaust tekið undir alvarlegar en tilhæfulausar athugasemdir áhugamannanna við fyrri könnun Ríkisendurskoðunar á fjárreiðum Þorláksbúðarfélagsins.“

*Úr greinargerðinni*




Forystumenn lækna segja þá ekki geta sætt sig við þriggja prósenta hækkun:

# Fátt kemur í veg fyrir verkfall



**Á LANDSPÍTALA** Læknar greiða þessa dagana atkvæði um verkfallsboðun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KJARAMÁL** Það er fátt sem bendir til þess komið verði í veg fyrir að verkfall lækna hefjist 27. október. Mikið ber í milli hjá deiluaðilum og enginn fundur hefur verið boðaður. Rafræn kosning hjá Læknafélagi Íslands og Skurðlæknafélagi Íslands stendur yfir og er niðurstöðu að vænta í næstu viku.

Sigurveig Pétursdóttir, formaður samninganefndar lækna, segir að hún eigi ekki von á öðru en að læknar samþykki að boða til verkfalls. „Ég geri fastlega ráð fyrir því og ég er bjartsýn á að þeir samþykki þessa beiðni þó að það sé okkur ekki ljúft að fara í verkfall.“

Sigurveig segir að takmarkað umboð samninganefndar ríkisins til að mæta kröfum lækna torveldi viðræður. Fast sé haldið í þá stefnu stjórnvalda sem sett var í byrjun árs að miða eigi við 2,8 prósenta hækkun hjá opinberum starfsmönnum. Þau takmörk séu hins vegar fokin út í veður og vind og forsendur fyrir slíkum samningum löngu brostnar.

„2,8-3 prósent duga ekki því við vitum að það er flótti lækna frá landinu og við læknar vitum um hvað málið snýst. Við verðum að sporna við því og það verður ekki gert öðruvísi en að hækka laun,“ segir Sigurveig. *- hh*


VÖRUGJÖLD
LÆKKA
KJARA
KLÚBBUR
Til stendur að afnema vörugjöld um áramót en Kjaraklúbbur Húsasmiðjunnar færir þér kjarabætur strax og lækkar verð á parketi, flísum, ljósum, blöndunartækjum, hreinlætistækjum, grillum og völdum heimilistækjum í formi sérkjara til klúbbmeðlima.
Þessi sérkjör til Kjaraklúbbsmeðlima gilda til áramóta.
Skráðu þig í Kjaraklúbbinn og fáðu afsláttinn strax!
KJARABÓT STRAX!
13% AFSLÁTTUR
PARKET
KJARABÓT STRAX!
13% AFSLÁTTUR
FLÍSAR
KJARABÓT STRAX!
13% AFSLÁTTUR
LJÓS
KJARABÓT STRAX!
13% AFSLÁTTUR
BLÖNDUNAR-TÆKI
KJARABÓT STRAX!
13% AFSLÁTTUR
HREINLÆTIS-TÆKI
KJARABÓT STRAX!
17% AFSLÁTTUR
GRILL
Gildir ekki af Weber grillum.
KJARABÓT STRAX!
17% AFSLÁTTUR
HEIMILISTÆKI
– valdar vörur
KJARA KLÚBBUR
Þú skráir þig í Kjaraklúbbinn á afgreiðslukassa í næstu verslun Húsasmiðjunnar
Sérkjör til Kjaraklúbbsmeðlima gilda ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar„
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## 27.9.2014 → 3.10.2014

**33.400** tonn var síldar- og makrílafli skipa HB Granda í sumar.





**112** mál hafa stjórnarandstöðuflokkarnir lagt fram af þeim 182 málum sem lögð hafa verið fram á þingi í haust.



TÆPLEGA **12.000** dýr voru talin vera í landselsstofninum árið 2011 eða þriðjungur þess sem hann var árið 1980.



**62** mörk hafa íslenskir knattspyrnumenn skorað í norsku úrvalsdeildinni í ár.



**300** einstaklingar hafa að meðaltali á hverju ári óskað eftir því að komast í endurhæfingu á Reykjalundi vegna offituvanda.

**507** ÞÚSUND KRÓNUR eru meðalgrunnlaun VR en meðallaun SFR-félaga eru rúmar 336 þúsund krónur.



**40.000** FLÓTTAMENN hafa látist frá árinu 2000, samkvæmt skýrslu Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar.



**VIÐ AUSTURBRÚN** Í suðvesturhorni blokkarlóðarinnar á að byggja sambýli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Deiluskipulagið samþykkt:

# Reisa sambýli fyrir fatlaða

**BORGARMÁL** Borgarráð hefur samþykkt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir að sambýli rísi á lóðinni við Austurbrún 6. Um er að ræða byggingu með sex litlum einstaklingsíbúðum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga.

Áður höfðu 49 íbúar við Austurbrún og Vesturbrún mótmælt því að byggt yrði á umræddum stað. Bentu þeir meðal annars á að hverfið væri skilgreint sem fullbyggt og þeir hefðu mátt vænta þess að ekki yrðu reist fleiri hús nærri þeirra. Heildarmynd svæðisins myndi skaðast og útsýni skerðast.

Íbúar telja líka að bílastæðavandamál muni aukast og verið sé að þrengja að byggð sem fyrir er, ganga á opið rými og græn svæði. Fyrirhugaðar byggingar muni rýra verðgildi eigna á svæðinu. Segjast þeir munu leita réttar síns ef af framkvæmdinni verður. - aí

**SKIPULAGSMÁL**

### Varðveiti landbúnaðarland

Samtök ungra bænda um varðveislu landbúnaðarlands hvetja sveitarstjórnafulltrúa til að kynna sér og nýta heimildir í skipulagslögum við gerð aðal- og deiliskipulags til að varðveita landbúnaðarland.

**LEIÐRÉTTING**

Í viðtali blaðsins við Sigríði Friðjónsdóttur ríkissaksóknara í gær var sagt að ríkislögreglustjóri hafi yfirumsjón með símhlustunum. Hið rétta er að það er lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

# Vilja samstarf við að efla sjómannaskóla

**Efling sjávarútvegs, menntun sjómanna og alþjóðleg viðurkenning hennar er meginmarkmið með heimsókn sendinefndar frá Namibíu til Íslands. Sjávarútvegsráðherra landsins segir verkefni stjórnvalda framsækinn sjávarútveg í landinu.**

**UTANRÍKISMÁL** Sendinefnd á vegum ríkisstjórnar Namibíu er hér á landi til að freista þess að endurvekja rótgróið samstarf við Íslendinga. Upplýsingaöflun fyrir eflingu sjávarútvegs í landinu og ekki síst faglegur stuðningur við menntun sjómanna er í forgrunni heimsóknarinnar.

Samuel Ankama, sjávarútvegsráðherra Namibíu, segir að honum hafi verið falið það verkefni að óska eftir samstarfi við Íslendinga til að færa menntun sjómanna í landinu upp á næsta stig. Í því felst að sjómannaskóli landsins, sem Íslendingar áttu þátt í að stofna og byggja upp, nái þeirri stöðu að hann njóti alþjóðlegrar viðurkenningar. Heimsóknin hingað sé hugsuð til að kynna sér uppbyggingu náms á Íslandi og kanna hvort hér á landi séu stofnanir sem séu viljugar til kennaraskipta. „Takmarkið er að nemendur skólans uppfylli sömu skilyrði og nemendur á Íslandi og verði viðurkenndir alþjóðlega,“ segir Samuel og bætir við að í dag sé það því miður ekki svo.

Sendinefndin hefur undanfarna daga heimsótt fjölda fyrirtækja og stofnana. Þar á meðal Íslenska sjávarklasann þar sem nýsköpun og fullvinnsla vöktu sérstaka athygli hópsins. Eitt takmarkið eftirleiðis í huga Samuels er að byggja upp sjávarútveg þar sem mögulegt væri að draga úr sókn, en auka verðmæti afurðanna í þá átt sem þróunin er hér og víðar.

„Okkar vilji stendur til þess að koma á fót framsæknum sjávarútvegi í eigu landsmanna. Það er langtímaverkefni og samstarf við önnur lönd, eins og Ísland, sem hafa þekkinguna er okkur afar mikilvægt,“ segir Samuel og bætir við að samband landanna sé í hans huga góður grunnur fyrir frekari samvinnu.

Grunnurinn hefur verið lagður í landinu, fiskveiðistjórn hefur verið komið á fót og hafsvæði Namibíu er ómengað og ríkt verðmætra fisktegunda. Skip frá fjölmörgum ríkjum sækja á mið Namibíu, og Ísland er þar engin undantekning en Samherji hefur haft starfsemi í landinu.

En óttast sjávarútvegsráðherrann ekki rányrkju? „Við getum ekki einangrað okkur. Við höfum samstarf við sjómenn víða að úr heiminum, Kína, Rússlandi, Spáni og mörgum Afríkuríkjum. Þeir sem hafa heimild til veiða vinna með okkar fyrirtækjum. Þess vegna óttumst við ekki að of nærri verði gengið auðlindum okkar,“ segir Samuel. svavar@frettabladid.is



**SAMUEL ANKAMA** Ráðherrann, fyrir miðju, segir menntun heimamanna grundvallaratriði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Rótgróin samvinna Namibíu og Íslands

- Þróunarsamvinnu Namibíu og Íslands lauk formlega 31. desember 2010. Samningslokin áttu rætur að rekja til hrunsins en verulegur niðurskurður á framlögum til ÞSSÍ í kjölfar kreppunnar leiddi til fækkunar samstarfsríkja úr sex í þrjú.
- Samvinna Namibíu og Íslands stóð yfir í rúm 20 ár, alla tíð frá því Namibía hlaut sjálfstæði árið 1990. Um nokkurra ára bil var Namibía stærsta samstarfsland ÞSSÍ.
- Árið 1994 tók ÞSSÍ að senda sérfræðinga til að kenna í sjómannaskólanum sem staðsettur er í strandbænum Walvis Bay, til að kenna skipstjórum og vélstjórum til verka.
- Formlegum afskiptum ÞSSÍ af skólanum var hætt 2007 þegar hann stóð styrkum fótum.

Slæm tíðindi í BNA:

# Heróín drepur tvöfalt fleiri

**BANDARÍKIN, AP** Dauðsföll af völdum heróínnotkunar hafa tvöfaldast á aðeins tveimur árum í Bandaríkjunum. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar rannsóknar bandarískra stjórnvalda.

Fjöldi þeirra sem deyja af völdum of stórs skammts af heróíni hefur farið vaxandi undanfarin tuttugu ár í landinu. Stjórnvöld hafa samt mestar áhyggjur haft af kröftugum lyfseðilsskyldum lyfjum á borð við Vicodín og OxyContin. Dauðsföll af völdum slíkra lyfja eru enn algengari en af völdum heróíns. Á árunum 2010 til 2012 fjölgaði dauðsföllum í 28 ríkjum Bandaríkjanna af völdum of stórs skammts af heróíni úr 1.779 í 3.665. Dauðsföllunum fjölgaði bæði hjá körlum og konum, á öllum aldri og hjá þeldökku, hvítu og spænskættuðu fólki. - fb

Aðstoðarmaður fer í hart:

# Stefnir blaðamönnum DV

**DÓMSMÁL** Þórey Vilhjálmsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra, hefur falið lögmanni að birta blaðamönnum DV, þeim Jóni Bjarka Magnússyni og Jóhanni Páli Jóhannssyni, stefnu vegna ærumeiðandi ummæla og grófra aðdróttana í hennar garð.



**ÞÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR**

Í tilkynningu frá Þóreyju segir að ástæðan sé meðal annars umfjöllun í DV þann 20. júní síðastliðinn „… þar sem því var ranglega haldið fram og slegið upp að ég hafi „lekið“ trúnaðarupplýsingum um hælisleitendur til fjölmiðla og jafnframt að ég væri „starfsmaður B“ skv. úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.“ aí






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Friedrichshafen | 20° | New York | XX° |
| Aþena | 22° | Gautaborg | 16° | Orlando | XX° |
| Basel | 22° | Kaupmannahöfn | 16° | Ósló | 15° |
| Berlín | 17° | Las Palmas | 27° | París | 22° |
| Billund | 18° | London | 17° | San Francisco | XX° |
| Frankfurt | 19° | Mallorca | 26° | Stokkhólmur | 15° |




**Á MORGUN** 8-15 m/s. hvassast SV- og NA-til.

**MÁNUDAGUR** NA hvassviðri eða stormur

**STORMUR EFTIR HELGI** Fremur stífur vindur af suðaustri um helgina með úrkomu einkum syðra. Gengur í norðaustan hvassviðri eða storm á mánudag með mikilli rigningu sunnan- og austanlands. Hiti breytist lítið.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN OG ENN BETUR BÚINN VOLVO XC60 AWD MEÐ ÖFLUGRI DÍSILVÉL
AFLMIKILL, SPARNEYTINN OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. $CO_2$ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Norræn ráðstefna á Íslandi:

## Sameinast í kristinni trú

**SAMFÉLAG** Um helgina fer fram árleg Norræn stúdentaráðstefna í höfuðstöðvum KFUM&K á Íslandi.

Þátttakendur eru frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum og Íslandi. Þátttökuþjóðir skiptast á að halda ráðstefnuna, en markmiðið með henni er ávallt að sameina kristna stúdenta á Norðurlöndum, kynnast og fá fræðslu sem hægt er að nýta í starfinu heimafyrir. **- glp**

Framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. segir mikinn áhuga á því að borga ekki lán til baka:

# Ólöglegt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær gengislán, sem sveitarfélagið Skagafjörður tók hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., ólöglegt.

Skagafjörður tók lánið hjá lánasjóðnum í erlendum gjaldmiðlum og taldi Hæstiréttur að lánið hefði verið í íslenskum krónum bundið með ólöglegum hætti við gengi erlendra gjaldmiðla.

Hagsmunir Skagafjarðar í málinu voru miklir, eða rúmar 115 milljónir króna. Með dómnum var viðurkennt að í mars 2012 stóð lánið í rúmum 103 milljónum króna en ekki rúmlega 218 milljónum líkt og lánasjóðurinn hélt fram.

„Það eru engir aðrir lánasamningar hjá okkur nákvæmlega eins og þessi,“ segir Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Hann segir fordæmisgildi dómsins því vera takmarkað.

Lánasjóðurinn á í tvennum deilum fyrir dómstólum vegna uppgjörs á gengislánasamningum. Annars vegar við Fjarðabyggð en það mál hefur þegar verið dæmt í héraðsdómi þar sem samningurinn var talinn löglegur. Þá hefur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins stefnt sjóðnum og er málflutningur fyrirhugaður í desember.

Óttar segir marga hafa samband við sjóðinn til að spyrjast fyrir um lögmæti lána sinna.

„Það er mjög mikill áhugi á Íslandi um þessar mundir fyrir því að borga ekki til baka lán sem fólk eða fyrirtæki hafa tekið,“ segir Óttar. **- fbj**



**MARGAR FYRIRSPURNIR** Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga, segist fá þó nokkrar fyrirspurnir um lögmæti lána.






**HITTUST Í KABÚL** David Cameron ásamt Ashraf Ghani Ahmadzai, forseta Afganistans, í heimsókninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Styður við bakið á nýkjörnum forseta

**Forsætisráðherra Bretlands fór í óvænta heimsókn til Afganistans í gær. Hann ætlar að styðja við bakið á nýkjörnum forseta landsins, Ashraf Ghani Ahmadzai.**

**AFGANISTAN, AP** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hét því í gær að styðja við bakið á nýkjörnum forseta Afganistans og nýrri ríkisstjórn landsins. Þetta sagði hann í óvæntri heimsókn sinni til Kabúl, höfuðborgar Afganistans.

Cameron varð fyrstur heimsleiðtoga til að hitta Ashraf Ghani Ahmadzai síðan hann sór embættiseið síðastliðinn mánudag. „Bretland hefur greitt það háu gjaldi að hjálpa til við að koma á stöðugleika í þessu landi,“ sagði Cameron og átti við þá 453 breska hermenn sem hafa fallið í landinu.

„Það þjónar okkar þjóðarhagsmunum og hagsmunum Afganistans að landið sé laust við al-Kaídasamtökin,“ sagði hann. „Núna, þrettán árum síðar, getur og verður Afganistan að halda sjálft uppi öryggi í landinu. En við ætlum ekki að láta þetta land eiga sig. Þið munuð eiga sterkan samherja og vin í Bretlandi.“

Hét hann því að styrkja Afganistan um 35 milljarða króna á ári til ársins 2017. Féð mun fara í mennta- og heilbrigðiskerfið og í annars konar opinbera þjónustu í landinu.

Cameron heimsótti Afganistan degi eftir að hann heilsaði upp á breska herflugmenn á Kýpur sem taka þátt í loftárásum á Íslamska ríkið í Írak. Breskar herþotur hafa tekið þátt í árásunum í eina viku, eða síðan Bretar gerðust samherjar Bandaríkjanna og annarra ríkja í baráttunni gegn öfgasamtökunum.

„Baráttan við að sigra íslamska hryðjuverkamenn heldur áfram annars staðar í heiminum,“ sagði Cameron í Kabúl. „Þar sem þetta ógnar okkur heima fyrir verðum við að halda áfram að leggja okkar af mörkum.“

Ghani Ahmadzai þakkaði Bretum fyrir fórnir þeirra í Afganistan, sérstaklega fjölskyldum þeirra sem féllu í stríðinu. „Þeir stóðu með okkur og við munum ekki gleyma þeim,“ sagði hann.

Degi eftir að Ahmadzai tók við embætti skrifaði ríkisstjórn hans undir samning um að Bandaríkin fái að halda 9.800 manna herliði í landinu fram yfir frest sem átti að renna út um næstu áramót, til að þau geti þjálfað upp þarlendar öryggissveitir. **freyr@frettabladid.is**

**453** breskir hermenn hafa fallið í Afganistan.

Fleiri farnir að kaupa mjólkurvörur frá mjólkurvinnslunni Örnu ehf:

# Umræðan um MS jók söluna

**VIÐSKIPTI** Aukning á sölu mjólkurvara mjólkurvinnslunnar Örnu var vel merkjanleg í síðustu viku, að því er samlagsstjórinn, Hálfdán Óskarsson, greinir frá. Aukninguna telur Hálfdán vera vegna umræðunnar um Mjólkursamsöluna, MS. Um tvær vikur eru síðan greint var frá því að Samkeppniseftirlitið hefði lagt 370 milljóna króna sekt á MS fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu. MS var sagt beita smærri keppinauta samkeppnishamlandi mismunun með því að selja þeim hrámjólk á 17 prósenta hærra verði en fyrirtækjum sem eru tengd MS greiddu.

„Ég held að umræðan sem verið hefur í gangi með MS hafi haft þessi áhrif. Menn hafa ekki mikið val ef þeir vilja ekki versla við MS. Ætli fólk sé ekki bara að sýna hvað því finnst um þetta. Svo erum við náttúrlega að selja afbragðsgóðar mjólkurvörur sem eru laktósafríar. Þetta eru mjólkurvörur sem henta öllum og fólk virðist sækja í þær,“ segir Hálfdán. **- ibs**



**SAMLAGSSTJÓRINN** Hálfdán Óskarsson telur fólk vera að sýna hvað því finnst um MS.

# TAX FREE DAGAR




AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF **ÖLLUM DÖMUFATNAÐI**
2.-5. OKTÓBER

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Fjárfestinga-tækifæri í verslun og þjónustu



Opinn morgunfundur í Hörpu um stöðu verslunar og þjónustu, framtíðarhorfur og tækifærin framundan. Silfurbergi, fimmtudaginn 9. október kl. 8.30 - 10.15.

**Dagskrá** #verslun

**Opnunarávarp**
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans

**Úttekt Hagfræðideildar Landsbankans á verslunar- og þjónustugeiranum kynnt**
Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans

**Að vera skráð félag**
Finnur Árnason, forstjóri Haga

**Íslenskt smásöluumhverfi og tækifæri til framtíðar**
Jón Björnsson, forstjóri Festar hf.

**Hvað gerir fyrirtæki að áhugaverðum fjárfestingarkosti?**
Jón Diðrik Jónsson, fjárfestir

**Samantekt**
Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans

**Fundarstjóri:** Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu

**Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00.**
**Skráning fer fram á landsbankinn.is.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




Tekur við Guðmundar- og Geirfinnsmálunum:

# Ætlar að hugsa málið í allt að þrjá mánuði

**DÓMSMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson dómsmálaráðherra hefur sett Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, ríkissaksóknara til að gefa endurupptökunefnd umsögn um viðhorf embættisins til tveggja endurupptökubeiðna Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.

Endurupptökubeiðnin er lögð fram í kjölfar skýrslu nefndar ráðherra sem komst meðal annars að þeirri niðurstöðu að veigamiklar ástæður væru fyrir því að taka málin upp að nýju. Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari sagði sig frá málinu þar sem hún telur sig vanhæfa vegna fjölskyldutengsla við Örn Höskuldsson, einn rannsakenda í málinu.

Davíð Þór sagði við Stöð 2 í gær að hann myndi taka sér allt að þrjá mánuði til að yfirfara gögn áður en hann kæmist að niðurstöðu.

Kjarninn greindi frá því í gær að Davíð Þór hefði tjáð sig efnislega um endurupptöku málsins í þætti á RÚV árið 1997. Í þættinum sagði Davíð Þór meðal annars að það sem einkenndi þetta sakamál



**SETTUR** Davíð Þór Björgvinsson mun svara endurupptökunefnd af hálfu ákæruvaldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

væri að niðurstaða þess byggðist nánast eingöngu á játningum sakborninga. Illa hefði gengið að styðja þær játningar með öðrum gögnum. „Þetta er allt mjög rækilega rakið í héraðsdóminum og tekið svo til orða að þessi sýnilegu sönnunargögn, önnur en játningar sakborninga, tengi ekki sakborninga með óyggjandi hætti við þessa atburði,“ sagði Davíð. - jhh



**DRYKKJA** Áfengisneysla íslenskra unglinga hefur minnkað og er það rakið til þess að á Íslandi er ströng áfengislöggjöf. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ströng löggjöf skilar árangri

Unglingar drekka mest í löndum þar sem fullorðnir drekka mikið. Ísland er meðal þeirra landa þar sem fæstir 15 ára unglingar hafa drukkið sig ölvaða.

**SAMFÉLAG** Unglingar drekka mest í löndum þar sem fullorðnir drekka mikið. Þetta er niðurstaða rannsóknar danskra vísindamanna sem skoðað hafa gögn úr könnunum frá 2010 með svörum um 140 þúsunda unglinga í 37 löndum Evrópu og Norður-Ameríku við spurningum um áfengisdrykkju. Ísland er meðal þeirra landa þar sem fæstir 15 ára unglingar hafa drukkið sig ölvaða einu sinni, eða 27 prósent. Hér var drykkja fullorðinna 6,3 lítrar af áfengi á ári, að því er segir í frétt á vef Jótlandspóstsins þar sem vitnað er í grein í ritinu Addiction.

„Við höfum í raun notið ávaxta af strangri áfengislöggjöf sem skilar sér í þessu,“ segir Ársæll Arnarsson, prófessor í sálfræði við Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri.

Hann segir könnunina sem dönsku vísindamennirnir skoðuðu gögn úr vera gerða á fjögurra ára fresti. „Hér gengur hún undir heitinu Heilsa og lífskjör skólabarna og Rannsóknasetur forvarna sér um fyrirlagninguna. Á Íslandi taka allir í sjötta, áttunda og tíunda bekk grunnskólanna þátt, eða alls 12 þúsund börn og unglingar.“



**„Við höfum í raun notið ávaxta af strangri áfengislöggjöf sem skilar sér í þessu.**

*Ársæll Arnarsson, prófessor við Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri.*

Að sögn Ársæls, sem er einn stjórnenda könnunarinnar hér, benda niðurstöður hér á landi í ár til þess að áfengisneysla íslenskra unglinga hafi minnkað enn meira miðað við árið 2010. „Það eru margir þættir sem koma að því, eins og til dæmis almennt breytt hugarfar gagnvart áfengisneyslu unglinga. Þetta er ekki samþykkt lengur.“

Áhrif félagslegrar stöðu foreldra á drykkju unglinga er hvergi meiri en á Íslandi, að því er Ársæll bendir á. „Það eru miklu meiri líkur á að krakkar sem eiga foreldra sem eru í erfiðri félagslegri stöðu hafi drukkið sig ölvaða en aðrir krakkar. Við sjáum hvergi sambærileg áhrif af þessu.“ ibs@frettabladid.is

www.volkswagen.is




**Framtíðin er á uppleið með fyrsta Volkswagen rafbílnum.**

Við kynnum fyrsta meðlim Volkswagen fjölskyldunnar sem gengur eingöngu fyrir rafmagni. Komdu og skoðaðu þetta netta tækniundur.







**Draumi líkastur á degi hverjum.**

Ef þú ert að leita að öruggum, rúmgóðum, kraftmiklum og fallegum fjölskyldubíl er nýr Golf Sportsvan svarið.

**Stærri og kraftmeiri með smáatriðin á hreinu.**

Nýtt útlit, ný vél, ný skipting. Nýi Poloinn er eyðslugrennri, hærri, kraftmeiri, öruggari og umhverfisvænni. Þú ert greinilega á réttum stað í nýjum Polo.

# VELKOMIN Í VOLKSWAGEN FJÖLSKYLDUNA

**Hvort sem fjölskylda þín er stór eða smá finnur þú örugglega Volkswagen sem passar ykkur.**




**Það eru svo margar ástæður fyrir því að eignast Volkswagen. Ein sú helsta er að maður hreinlega fellur fyrir honum. Komdu við í HEKLU eða hjá umboðsmönnum um land allt og heilsaðu upp á Volkswagen fjölskyldumeðlimina. Þeir hlakka til að sjá þig.**

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 10 milljónum króna í samfélagsstyrki úr Samfélagssjóði Landsbankans. Samfélagsstyrkjum er ætlað að styðja við verkefni á ýmsum sviðum, þar á meðal í mannúðarmálum, menningu og listum, menntun, rannsóknum og vísindum, einnig forvarna- og æskulýðsstarfi og sértækri útgáfustarfsemi.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með mánudeginum 6. október 2014. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

S A F T
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



**GÓÐ GJÖF** Borðið sem ræðismenn færðu utanríkisráðuneytinu vekur mikla lukku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gáfu ráðuneytinu forláta borð að gjöf

Um 130 ræðismenn Íslands gáfu utanríkisráðuneytinu borð úr timbri frá yfir áttatíu löndum.

**UTANRÍKISMÁL** „Við erum alveg ofboðslega ánægð með gjöfina. Hugsunin á bak við borðið er svo falleg,“ segir Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins, um forláta timburborð sem ráðuneytið fékk að gjöf frá um 130 ræðismönnum Íslands frá 57 löndum sem sækja nú ræðismannaráðstefnu sem haldin er á vegum utanríkisráðuneytisins í Hörpu.

Borðið er gert úr timbri frá yfir 80 löndum en í því er meðal annars bútur úr Björgvinjarbryggju sem byggð var 1702, tré úr Himalajafjöllum og úr Amasonregnskóginum. Eiga bútarnir að endurspegla hinn fjölbreytta bakgrunn ræðismannanna.

Það var ræðismaður Íslands á Borgundarhólmi, Jørgen Hammer, sem fékk hugmyndina að því að láta gera borðið en það var húsgagnaarkitektinn Leifur Ebenezarson sem smíðaði það.

Urður segir að borðið verði notað sem eitt af aðalfundarborðum ráðuneytisins. „Það verður í sal sem við notum aðallega til að taka á móti erlendum gestum. Það verður gaman að geta sýnt þeim borðið, því að öllum líkindum er það með bút úr þeirra heimahögum.“

Að sögn Urðar er vinnan á bak við borðið mikil og undirbúningur langur. Það flóknasta var að þurrka timbrið og koma því saman sem og að safna því saman. Hugmyndin kviknaði um 2010 þannig að þetta hefur tekið heillangan tíma í undirbúningi.“ **- hó**

MENNTUN NÚNA í Norðvesturkjördæmi

Breiðholt MENNTUN NÚNA

Íslenska og fjölmenningarsamfélagið

Tilraunaverkefnin Menntun núna í Breiðholti og Norðvesturkjördæmi ásamt Fjölmenningarsetri standa fyrir tveimur ráðstefnum um íslenskunám og þátttöku innflytjenda í íslensku samfélagi á Ísafirði 8. október og í Breiðholti 10. október

Dagskrá í Edinborgarhúsinu á Ísafirði
Kl. 10.00 Setningarávarp
Árangursríkar aðferðir við íslenskukennslu kynntar
- Íslenskuþorpið
- Íslenskukennsla í gegnum leiklist – tilraunaverkefni á Flateyri
- Starfstengd íslenskunámskeið á vegum Mímis
- Landnemaskóli II
Kl. 12:00 Léttur hádegisverður
Kl. 13:00 Þátttaka í samfélaginu - árangursríkar aðferðir
- Stefnumótun Innflytjendaráðs
- Íslenska sem lykill samskipta og þátttöku í samfélaginu
- Fjölmenningarleg ævintýri Borgarbókasafns
- Söguskjóðan í Dalvíkurbyggð
- Að flytja til Íslands - reynslusögur
Kaffihlé
Pallborð og umræður
Kl. 16:00 Dagskrárlok

Ráðstefnustjóri: Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst

Dagskrá í Gerðubergi í Breiðholti
Kl. 13.00 Íslenskunám og þátttaka innflytjenda í íslensku samfélagi
- Opnunarávarp, Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra
- Lærdómur um íslenskunám frá ráðstefnu á Ísafirði, Geirlaug Jóhannsdóttir, verkefnastjóri
- Vettvangur fjölskyldna, fjölmenningar og menntunar, Nichole Leigh Mosty, leikskólastjóri og formaður hverfisráðs
- Að flytja til Íslands, Mirela Protopapa, verkefnastjóri í Menntun núna
Kl. 14:00 Kaffi
Kl. 14:20 Hvernig geta innflytjendur lært íslensku og auðgað íslenskt samfélag?
- Juan Camilio Roman Estrada, formaður fjölmenningaráðs Reykjavíkurborgar
- Sigurjón Kjærnested, formaður Innflytjendaráðs
- Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra
Pallborð og umræður (fyrirlesarar sitja fyrir svörum)
Kl. 16:00 Dagskrárlok

Ráðstefnustjóri: Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri Breiðholts

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á menntun.nuna@bifrost.is

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á menntun.nuna@reykjavik.is



**KÓPASKER** Íslandspóstur vill draga úr póstdreifingu á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Boða skerta póstþjónustu:

## Telja Kópasker vera dreifbýli

**ÞJÓNUSTA** Íslandspóstur vill fækka póstdreifingardögum í dreifbýli. Þetta kemur fram í erindi Póst- og fjarskiptastofnunar til sveitarfélagsins Norðurþings.

Þorpin Raufarhöfn og Kópasker falla undir skilgreiningu Íslandspósts um dreifða byggð. Bæjarráð Norðurþings segist leggjast alfarið gegn skerðingu á póstþjónustu í dreifðum byggðum sveitarfélagsins en tekur undir áhyggjur Íslandspósts af ástandi vega á svæðinu. **- gar**

Kastaði glasi í mann:

## Hlaut sár og djúpa skurði

**LÖGREGLUMÁL** Tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir að hafa kastað glerglasi í andlit manns og kýlt hann ítrekað í andlitið í júní 2012 á skemmtistaðnum Paddys í Reykjanesbæ, með þeim afleiðingum að hann hlaut djúpa skurði og mörg sár á enni og kinnum.

Í ákæru er þess krafist að hinn tvítugi sakborningur verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. **- hó**


45
MILLJÓNIR
POTTURINN STEFNIR Í
45 GLÓANDI MILLJÓNIR
LAUGARDAGINN 4. OKTÓBER
Lottó
ALLTAF Á LAUGARDÖGUM
facebook / lotto.is

Eru innviðirnir eins góðir og við höldum fram?

# Með í maganum

Þegar við Íslendingar vegum og metum stöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum grípum við oft til þess að segja að innviðirnir hér séu svo sterkir. Því sé staða okkar sterk, möguleikar okkar miklir, og meiri en flestra annarra þjóða, til að komast yfir erfiða hjalla. En er það svo? Erum við betur stödd en flestar aðrar þjóðir? Sé það rétt í einhverjum tilfellum, fer fjarri að það sé svo alls staðar. Fréttablaðið var með langt viðtal við ríkissaksóknarann í gær þar sem kom glögglega fram að ekki er allt sem sýnist og álag á embættið og það fólk sem þar starfar er mikið. Grípum aðeins niður í viðtalið:

„Maður hefur náttúrulega verið með í maganum yfir því að málsmeðferðartíminn er að lengjast. Er andvaka yfir því. En hvernig eigum við að geta sinnt þessu öllu?“ spurði saksóknarinn. Það er ekkert annað. Verkefnin eru fleiri og meiri en embættið hreinlega ræður við. Þetta gengur svo langt að saksóknara verður ekki svefnsamt.



Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Saksóknari var þá spurður hvort embættið réði við að sinna lögbundnum skyldum, sem hlýtur jú að vera lágmark.

„Nei. Það finnst mér ekki. Ég hugsa að ég þyrfti tvo starfsmenn til viðbótar, þá værum við betur sett. Málatölurnar eru aðeins að batna, en mál hafa alveg orðið skrambi gömul hérna.“ Og svo þetta: „Við erum öll meðvituð um þetta en við bara getum ekki hlaupið hraðar. En ég held við séum bara að standa okkur nokkuð vel miðað við málafjöldann og allt klárast þetta náttúrulega að lokum en tekur heldur langan tíma. Þetta er bara spurning um réttaröryggið; að málin skemmist ekki og það má ekki gleyma öllu þessu fólki sem þarf að bíða eftir of hægri afgreiðslu.“

Þannig lýsir saksóknari ríkisins innviðunum í sínu embætti. Sérstakur saksóknari talar á svipuðum nótum, dómstólarnir eru önnum kafnir, málafjöldinn vex endalaust, en dómurum fjölgar fjarri að sama skapi. Dómsvaldið, þriðja stoðin í þrískiptingu valdsins, er illa sett. Jafnvel er sú stoð lömuð að hluta. Þar eru innviðirnir greinilega ekki traustir.

Heilbrigðiskerfið, sem á tyllidögum er sagt eitt það besta, ef ekki bara það besta í heimi, er í sýnilegum vanda. Aðbúnaður er ekki nægilega góður, læknar undirbúa verkfall, það er þeir sem hafa ekki flúið til útlanda, þar skortir hús og þar skortir tæki. Við sjáum öll og vitum öll að við erum ekki með besta heilbrigðiskerfi í heimi. Samt tölum við eins og staðan væri allt önnur og betri. En við erum lánsöm. Meðal okkar er, enn að minnsta kosti, vel menntað og hæft fólk sem hefur tekist við erfiðar aðstæður að vinna afrek nánast hvern dag. Það þekkja þau sem hafa þurft að treysta á burði heilbrigðiskerfisins.

Þegar við berum saman námsárangur íslenskra nemenda og næstu þjóða kárnar gamanið enn. Við stöndum illa í samanburðinum. Við meira að segja hikum ekki við að útskrifa fólk úr grunnnámi sem alltof margt getur ekki einu sinni lesið sér til gagns. Brottfall úr framhaldsskólum er meira hér en víða annars staðar. Og það sárasta er að áfram er hægt að telja upp þætti sem sanna að innviðir menntakerfisins eru ekki með neinum ágætum. Því miður.

Ríkissaksóknari er með í maganum og sefur ekki af áhyggjum. Ætli það eigi við um margt annað fólk sem hefur tekið að sér vera í forsvari hér og þar?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


Komdu í yoga
Lækkar blóðþrýstinginn
Betri svefn
Áhersla á mjóbak og axlir
Rétt öndun góð slökun

Yoga II
- Ertu að æfa en vilt ná lengra
- Meiri liðleiki
- Meiri stirkur og jafnvægi
- Yngri og sterkari líkami
- Með krefjandi yogaæfingum

Yoga I
- Ertu með stirðan kropp
- Ertu í yfirþyngd
- Ertu að ná þér eftir veikindi
- Ertu með vefjagigt
- Ertu komin á efri árin

Kennt í Sjúkraþjálfaranum Hafnarfirði 691 0381 Kristin Björg

SPOTTIÐ




MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

## Útgöngubannið

Þegar dagar styttast fer að bera á tilkynningum þar sem fjórðungi Íslendinga er sagt að nú megi þeir vera styttra úti á kvöldin. Þetta er tilkynnt á veggspjöldum með brosandi klukkum og í tölvupósti sem lendir í pósthólfum íslenskra foreldra. Gjarnan er minnt á eftirfarandi lagatexta:

„Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.“



Til að byrja með hljóta allir að sjá hve gallað þetta ákvæði er. Lesum það orðrétt. Mega þá börn 13-16 börn ekki vera á almannafæri þótt þau séu með fullorðnum ef þau eru ekki að koma heim af fimleikaæfingu? Aldursmörkin eru svo ekki nægilega skýr og hefð virðist ráða túlkun þeirra.

Loks má nefna hið augljósa: Hvenær lýkur þessu útgöngubanni? Klukkan 6.00? Klukkan 7.00? Ákvæði sem felur í sér svona víðtæka frelsisskerðingu getur ekki verið svona óljóst þegar kemur að gildistíma.

Það má efast um að einhver dómari myndi einhvern tímann dæma einhvern fyrir brot á þessum lögum. Þetta ákvæði ber öll þess merki að vera hugsað sem leynivopn rökþrota foreldra sem hafa sagt „af því að að ég segi það“ það oft yfir að þá vantar eitthvað eins og „af því að Alþingi segir það“ til að brjóta hlutina aðeins upp.

## Verða að vera reglur …

Nú mun einhver spyrja: Verða ekki að vera einhverjar reglur? Svarið við því er: „Kannski.“ Það virðist gera börnum ágætt að setja ákveðnar, fyrirsjáanlegar reglur. En það er allt annað en sjálfsagt mál að ríkið verði að setja þær. Það ættu foreldrar einfaldlega sjálfir að gera. Það eru fá svæði heimsins sem taka jafnmikið fram fyrir hendurnar á þeim eins og Ísland gerir.

Vissulega hafa margir bæir Bandaríkjanna sett sér útivistarreglur. Sums staðar hefur verið dæmt að umræddar reglur standist ekki stjórnarskrá, annars staðar hafa dómarar leyft þeim að halda gildi sínu. Það er ekki komin lokaniðurstaða í þessi mál vestanhafs. Hæstiréttur Bretlands hefur hins vegar dæmt á þann veg að óheimilt sé að handtaka börn sem ekki eru líkleg til vandræða. Bresku lögin tóku þó einungis til afmarkaðra svæða. Ísland er einstakt að því leyti að hér ná lögin til alls landsins.

Þá má finna fréttir af því að árið 2006 hafi verið rætt um að setja sambærilegt útgöngubann milli 23.00 og 5.00 í nokkrum borgum Bosníu en að mannréttindahópar hafi mótmælt því. Fulltrúi svokallaðrar Helsinkinefndar fyrir mannréttindi í Bosníu taldi á sínum tíma að reglurnar væru brot á réttindum barna eins og þau kæmu fyrir í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á Íslandi er umboðsmaður barna furðu meðvirkur stjórnvöldum í þessu máli í ljósi þess hve sérstök frelsisskerðingin er á heimsvísu.

Útivistarlög eru oftar en ekki sett í kjölfar frásagna af glæpum þar sem börn eru gerendur. En virka þær? Um það er mjög deilt. Margir hafa þó bent á að framkvæmd þeirra vestanhafs feli gjarnan í sér kynþáttamismunun því í langflestum tilfellum er einfaldlega verið að handtaka ungt, svart fólk sem er að dunda sér við að spila körfubolta eða eitthvað álíka saklaust.

## Afglæpavæðum labbitúrinn

Haustið er komið. Á mörgum heimilum munu ungir frelsisaktívistar reyna að snúa ráðandi öflum á sitt band. Þeir munu benda á að „allir aðrir fái að vera úti lengur“. Að reglurnar vegi að frelsi þeirra, feli í sér mismunun og dæmi allt ungt fólk fyrir óframin heimskupör nokkurra.

Rökræðurnar geta verið langar og erfiðar. Og þær geta verið erfiðar einfaldlega vegna þess að unga fólkið hefur rétt fyrir sér. Eins og áður sagði, foreldrar eiga að ráða þessu, en heildarútgöngubann alls fólks undir 16 ára aldri er óhefðbundið og ósanngjarnt. Aðstæður ungs fólks geta verið ólíkar. En ungt fólk á að geta verið úti á kvöldin án þess að vera handtekið.

Kannski eru margir sem eru búnir að gleyma því en margt ungt fólk upplifir þessi sérstöku íslensku útivistarlög sem talsvert ranglæti. Og þau eru ranglát. Það versta við lögin er að þau glæpavæða algerlega saklausa hegðun. Einhver fimmtán ára er bara að labba heim klukkan korter yfir tíu frá vini eða vinkonu. Hvern er verið að skaða? Hvert er fórnarlambið?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



Þjónusta við fyrirtæki

# Stoltur samstarfsaðili

MANNVERK
FRAMKVÆMDIR
OG RÁÐGJÖF

120 íbúðir • 4ra hæða fjölbýlishús
mannverk.is

Íslandsbanki er stoltur samstarfsaðili Mannverks sem byggir 120 glæsilegar fjölskylduíbúðir að Lyngási 1, Garðabæ. Íslandsbanki fjármagnar framkvæmd þessa verkefnis, sem hófst á þessu ári og er áætlað að ljúki árið 2017.

Íslandsbanki er framsýnn og öflugur samstarfsaðili í framkvæmdafjármögnun í fasteigna- og byggingariðnaðinum. Við leggjum metnað okkar í að bjóða fyrirtækjum sérþekkingu og erum traustur bakhjarl alla leið.

Þekking okkar sprettur af áhuga.

EUROMONEY
Awards for excellence
2014

Íslandsbanki var annað árið í röð valinn besti íslenski bankinn af hinu virta tímariti Euromoney.

islandsbanki.is   Netspjall   Sími 440 4000   Facebook

Íslandsbanki




Komdu í bílaréttir í Kauptúni í dag enda hefur þú ríka ástæðu til að velja þér skemmtilegt aksturslag og syngja með öðrum í fjölskyldunni eða njóta þess bara að sleppa þér dálitla stund innan um heilt stóð af glæsilegum fararskjótum frá Toyota sem bjóðast nú með 90% fjármögnun.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ Sími: 570-5070

Allt að 90% lánshlutfall og lægri vextir Lykill

Bílarnir á myndinni kunna að vera búnir aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
*Miðað er við 10% útborgun þegar tekið er 90% lán.


TOYOTA
ALWAYS A
BETTER WAY
RÉTTIR
PTÚNI
um fararskjótum
. 12-16 í dag.
YARIS
Útborgun
frá 265.000 kr.*
YARIS - VELDU ÞÉR SKEMMTILEGT
AKSTURSLAG
Verð frá 2.650.000 kr.
AVENSIS

# Auglýst eftir efndum og endurnýjun

MENNING



**Hilmar Sigurðsson**
formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda



**Friðrik Þór Friðriksson**
formaður Samtaka kvikmyndaleikstjóra

Árið 2006 var gert samkomulag við þáverandi ríkisstjórn um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð 2007-2010. Aðilar voru sammála um að Kvikmyndasjóður þyrfti að vera 700 milljónir króna til að geta rækt menningarhlutverk sitt við framleiðslu á íslensku kvikmyndaefni og var sett upp áætlun hvernig því markmiði yrði náð á samningstímabilinu.

700 milljónir á verðlagi dagsins í dag samsvara tæplega 1.200 milljónum. Framlög í Kvikmyndasjóð á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa aldrei náð markmiðum samkomulagsins, þótt vissulega hafi þau farið nálægt því árið 2013. Öll hin árin er munurinn sláandi og samanlagt á árunum 2010-2014 vantar 2,6 milljarða til að þetta markmið náist. Í fjárlögum fyrir árið 2014 var framlag til Kvikmyndasjóðs skorið niður um hartnær 40% milli ára, eða um 400 milljónir króna.

Árið 2010 var Kvikmyndasjóður líka skorinn niður á milli ára um hartnær 30%. Þá var verið að vinna með fjárlagagat upp á 240 milljarða króna. Í slíku árferði var ekki um auðugan garð að gresja og kvikmyndagerðinni var stillt upp við vegg þegar núverandi samkomulag var endurnýjað. Í samkomulaginu sem gildir 2011-2015 var áætlað að framlag ársins 2015 yrði 700 milljónir króna.

Á núvirði er sú tala 812 milljónir króna og því vantar enn þá nær 100 milljónir króna í áætlað framlag 2015 til að ná framlagi sem var í kreppusamningnum frá árslokum 2010. Á sama tíma eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar að raunvirði 17,7% hærri en 2010 á verðlagi í ágúst 2014.

### Ekki áhugi

Af þessum tölum er fátt annað hægt að álykta annað en að vilji stjórnvalda standi ekki til þess að hér sé framleitt íslenskt kvikmyndaefni af því magni og gæðum sem þó var víðtæk sátt um árið 2006. Þrátt fyrir betri stöðu ríkissjóðs í dag og hærri framlög til mennta- og menningarmála en árið 2006, virðast stjórnvöld ekki hafa áhuga á að efna samninga frá 2006 og 2010. Íslensk kvikmyndagerð er sú eina í heiminum sem talar íslensku. Innlend kvikmyndagerð endurspeglar þá menningu og samfélag sem við lifum í og sú eina í heiminum sem endurspeglar íslenskt þjóðfélag. Og þetta er staðan, þrátt fyrir að fyrir löngu sé sýnt fram á að öll opinber fjárfesting í innlendri kvikmyndamenningu skili sér margfalt til baka í ríkiskassann í krónum talið.

Kvikmyndasjóður er samkeppnissjóður. Rétt eins og tveir aðrir slíkir, varð hann fyrir miklum niðurskurði á síðustu árum. Kvikmyndaframleiðendur fagna því að stjórnvöld hafi séð að sér með frekari niðurskurð á tveimur af þessum mikilvægu samkeppnissjóðum en finnst á sama tíma undarlegt að þriðji samkeppnissjóðurinn sé skilinn eftir. Þegar þróun þessara sjóða er skoðuð á sex ára tímabili sést greinilega hvernig Kvikmyndasjóður hefur verið skilinn eftir. Árið 2009 eru Tækniþróunarsjóður og Kvikmyndasjóður nær jafnir að stærð, en árið 2015 stefnir í að sá síðarnefndi sé einungis um helmingur af stærð hins fyrri, eða 1.373 m. kr. á móti 725 milljónum. Þarna munar því um 650 milljónir á framlagi til samkeppnissjóða sem voru nær jafn stórir árið 2009.

Af framansögðu er kannski ekkert undarlegt að undirritaðir auglýsi eftir efndum og endurnýjun frá ríkisstjórn Íslands á stefnumörkun í íslenskri kvikmyndamenningu.

**KVIKMYNDASJÓÐUR 2006-2015**




**ÞRÓUN SAMKEPPNISSJÓÐA 2009-2015**




# Bænin sem má ekki heyrast

SAMFÉLAG



**Guðrún Sæmundsdóttir**
situr í stjórn félagsins Valkostir.is

Er þörf fyrir breytt viðhorf til fóstureyðinga? Að mínu mati er þörf fyrir umræðu og samtal um fóstureyðingu. Ástæðan er sú að hátt í 1.000 fóstureyðingar eru framkvæmdar á Íslandi ár hvert, sem þýðir að hátt í 2.000 manns taka árlega þá ákvörðun að binda enda á meðgöngu barns síns. Nú skyldi enginn halda að sú ákvörðun og framkvæmd láti nokkurt foreldri ósnortið. Foreldrið þarf að lifa við þessa ákvörðun og það reynist mörgum erfitt, fyrir suma er fóstureyðingin kveikjan að þunglyndi sem aldrei læknast. Tilhugsunin og söknuðurinn yfir því lífi sem hefði getað orðið verður óbærileg, og engin geðlyf geta læknað þessa hjartasorg,

### Bæn til þjóðar

Eflum forvarnir, fækkum þeim foreldrum sem neyðast til að enda líf barns síns. Upplýsum betur um stuðning velferðarkerfisins sem er til staðar fyrir þá verðandi foreldra sem kjósa að ganga með barnið sitt. Hvetjum foreldra unglinga til að ræða meira við unglinginn sinn um kynlíf, engin getnaðarvörn veitir 100% vörn gegn þungun, því fylgir kynlífi alltaf áhætta á getnaði og fóstureyðing er engin lausn. Fóstureyðing er neyðarúrræði sem þarf að vera til staðar en henni fylgir áhætta, það er enginn samur eftir þetta neyðarúrræði. Bætum fræðslu um kynlíf, ræðum um afleiðingar kynlífs og áhættuna sem fylgir kynlífi. Spyrnum gegn markaðsvæðingu óhefts kynlífs, gerum athugasemdir þegar fjölmiðlar hvetja til óábyrgrar kynlífsiðkunar. Bætum sjálfstraust ungmenna okkar, þau þurfa ekki að vera kynferðislega virk til að þóknast tíðarandanum.

Umfram allt rjúfum þagnarmúrinn.





Nýr Hyundai i10
Verðlaunabíll frá 1.990.000 kr.

10% ÚTBORGUN INN Á NÝJAN HYUNDAI
Kynnið ykkur nýja lánamöguleika hjá sölumönnum Hyundai

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til 10 verðlauna á síðastliðnum fjórum mánuðum og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Með fullkominni 4G Wi-Fi tengingu geta farþegar auðveldlega breytt i10 í minnsta skemmtistað í heimi og sent beint frá skemmtilegum biltúr með góðum vinum. Gerðu eitthvað skemmtilegt!

Nýi bíllinn er Hyundai

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM64528




# Jazzað jólahlaðborð

Við sendum jólagleði á ljúfum jazznótum inn í hvert einasta hjarta yfir borðhaldinu á föstudags- og laugardagskvöldum á Satt. Jólahlaðborðið okkar slær svo ávallt rétta taktinn í góðu klassísku réttunum með fersku ívafi.

**Jólin hefjast á Satt 21. nóvember**
Við munum bjóða upp á jólahlaðborð í hádeginu á Satt og á föstudags- og laugardagskvöldum í veislusal Satt.

**Satt brunch fer í jólakjólinn 22. nóvember.**
Hátíðarbrunch og stemning alla laugardaga og sunnudaga fram að jólum.

Jólahlaðborð í hádegi kr. 4.900 kr.
Jólahlaðborð á kvöldin kr. 8.900 kr.
Börn 6-12 ára greiða helming og 0-5 ára greiða ekkert.

**Borðapantanir í síma 444 4050 eða á satt@sattrestaurant.is**
**Hópabókanir í síma 444 4020 eða á meetings@icehotels.is**

Icelandair hótel Reykjavík Natura  Nauthólsvegur 52  101 Reykjavík  Sími 444 4050  satt@sattrestaurant.is  www.sattrestaurant.is

# HELGIN



**Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna**

## Bíður eftir skemmtilegum tilboðum

Planið var að vera á flokksráðsfundi Vinstri grænna á Akureyri um helgina en fundurinn var blásinn af vegna meintrar ófærðar. Spáin var svo slæm að við þorðum ekki að halda fundinn eins og til stóð. Þannig að helgin er alveg óráðin og ég bíð nú eftir tilboðum frá vinum og vandamönnum um vandað skemmtiprógramm. Á óskalistanum er virkilega góður matur sem hefur tekið langan tíma að elda og jafnvel óvissuferð í góðum félagsskap.



**Daníel Þorsteinsson, grafískur hönnuður**

### Hengja upp drasl

Ég ætla að tjilla,kannski fá mér ein, tvö öllýs. Klára að mála þvottahúsið og hengja upp eitthvert drasl til að hengja upp föt. Svo ætla ég að æfa með Sometime og ábyggilega horfa á einhverjar vídjómyndir.



**Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur**

### Styttri ferð í Djúpið

Við í ritnefnd bókmenntaritsins Styttri ferða förum í Djúpið, sem er í kjallara veitingahússins Hornsins, og afhjúpum hverjir skrifuðu sögurnar í ritinu sem kom út í vor. Síðan ætla ég að reyna að sjá meira á RIFF, helst mynd eftir Mick Leigh.



**Benedikt Freyr Jónsson, tónlistarmaður og plötusnúður**

### Fjölskylduhelgi

Ég er ekkert að spila um helgina og verð því með fjölskyldunni alla helgina. Einnig mun ég æfa með Dillalude fyrir gigg sem við erum með átjánda október á Prikinu.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á TÓNLEIKA** Elektra Ensemble með Sigríði Thorlacius á Kjarvalsstöðum kl. 20.00 sunnudagskvöld. Sigríður flytur ástsæl íslensk söng- og dægurlög, en aðrir flytjendur eru Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari, Emilía Rós Sigfúsdóttir flautuleikari, Helga Björg Arnardóttir klarínettuleikari, Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikari og Margrét Árnadóttir sellóleikari.



**Á BEINA LEIÐ** fyrstu og mest seldu plötu KK bandsins. Á plötunni eru m.a. lögin Vegbúinn, Þjóðvegur 66 og Ó borg mín borg, sem Björk söng með bandinu. Síðan er upplagt að fara beinustu leið á Blúskvöld Blúsfélags Reykjavíkur í Rosenberg á mánudagskvöldið og hlýða á KK, Þorleif Guðjónsson bassaleikara og Kormák Geirharðsson trommuleikara.

**KARITAS ÁN TITILS** eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Sagan gerist í upphafi 20. aldar og hverfist um unga stúlku, sem elst upp í stórum hópi föðurlausra systkina. Hana dreymir um öðruvísi tilveru og þráir að hlýða kalli listagyðjunnar. Meginþráður sögunnar er hlutskipti kvenna á Íslandi fyrr og síðar, ekki síst þeirra sem feta aðrar slóðir en samfélagið ætlar þeim. Þjóðleikhúsið frumsýnir leikrit eftir bókinni um miðjan október.




**Á 42** dramatíska bíómynd kl. 21.15 á Stöð 2 í kvöld, Myndin fjallar um hafnaboltaleikmanninn Jackie Robinson (1919-1972), sem braut blað í bandarískri íþróttasögu þegar hann gerðist leikmaður efri deildar í hafnabolta fyrstur þeldökkra manna árið 1947. Í aðalhlutverkum eru Chadwick Boseman og Harrison Ford.




# Söngleikir, leyndardómar og samkynhneigð

Adda Soffía Ingvarsdóttir
adda@frettabladid.is

Framhaldsskólarnir eru nú í óðaönn að undirbúa leiksýningar vetursins. Fréttablaðið heyrði í nokkrum formönnum nemenda- og leiklistarfélaganna og ljóst er að framundan er spennandi vetur í leiklistinni. Söngleikir og dramatískar ástarsögur verða vinsælar.



RÓMEÓ OG JÚLÍA

## Verzlunarskólinn



**Rómeyja og Júlía** Agnes Gísladóttir og Rannveig Eva Snorradóttir.

Nemendafélag Versló setur upp söngleikinn Saturday Night Fever, byggðan á samnefndri kvikmynd með John Travolta í aðalhlutverki. Leikstjóri er Þorvaldur Davíð Kristjánsson. Listafélag Verslunarskólans setur svo upp nýja útgáfu af Shakespeareleikritinu Róméó og Júlíu, en í þessari útgáfu verða elskhugarnir tvær stúlkur, þær Rómeyja og Júlía. Með aðalhlutverk fara þær Agnes Gísladóttir og Rannveig Eva Snorradóttir. Frumsýnt verður þann 7. nóvember.



LEIKFÉLAGIÐ YGGDRASILL

## Verkmenntaskólinn á Akureyri



**Stefanía Tara Prastardóttir,** formaður nemendafélagsins Þórdunu

„Leikfélagið okkar heitir Yggdrasill og í vetur ætla þau að setja upp leikritið 101 Reykjavík eftir Hallgrím Helgason,“ segir Stefanía Tara Þrastardóttir, formaður Þórdunu, nemendafélags Verkmenntaskólans á Akureyri, en flestir muna eftir kvikmyndinni sem gerð var eftir bók Hallgríms. „Við fáum flottan leikstjóra, hann Jón Gunnar Þórðarson, en hann hefur áður sett upp Rocky Horror, Ræflavík og Lísu og Lísu hjá Leikfélagi Akureyrar. Við stefnum svo að því að frumsýna 24. október, þetta verður gaman og við hlökkum mikið til að setja upp flotta sýningu.“



Leikfélagsstjórnin

## Menntaskólinn við Hamrahlíð



„Við í Leikfélagi Menntaskólans við Hamrahlíð munum setja upp sýningu næsta vor. Leikstjórinn okkar í ár er enginn annar en Dóri DNA. Núna á haustönn verður sett upp sýning eftir Helga Grím Hermannsson, nemanda í skólanum, en hann bar sigur úr býtum í handritakeppni sem haldin var í skólanum. Það er svakaleg leynd sem hvílir yfir því hvaða sýning verður síðan sett upp í vor en hún verður eflaust tilnefnd til Grímunnar sem snilld ársins,“ segir leikfélagsstjórn Menntaskólans við Hamrahlíð.



BEETLEJUICE

## Menntaskólinn á Ísafirði



**Ísak Emanúel Róbertsson** Nemendaráði

„Það er ekki búið að negla niður hvaða verk við ætlum að sýna en valið stendur á milli Beetlejuice, Rock of Ages eða Mamma mia!,“ segir Ísak Emanúel Róbertsson í Nemendaráði MÍ. „Við sýnum leikritið alltaf í svokallaðri Sólrisuviku, en það er menningar- og listavika sem nemendur skólans sjá um. Við tilkynnum hvaða verk verður fyrir valinu fljótlega og hefjast æfingar í nóvember. Frumsýnt er Sólrisuvikunni í mars,“ segir Ísak.



**Rakel Björk Björnsdóttir** formaður Herranætur

## Menntaskólinn í Reykjavík

Rakel Björk Björnsdóttir, formaður Herranætur, leikfélags Menntaskólans í Reykjavík, var dularfull þegar hún var spurð út í hvaða verk yrði sett upp í vetur, og gat því miður ekki ljóstrað því upp hvaða sýning hefði orðið fyrir valinu. „Þetta verður ein stærsta sýning sem við höfum sett upp, enda afmælissýning því þetta verður 170. sýningin sem Herranótt setur upp,“ segir Rakel. „Stefán Hallur Stefánsson, leikari og leikstjóri, mun leikstýra verkinu sem verður sýnt í Gamla bíói og við stefnum að því að frumsýna þann 27. febrúar,“ segir Rakel. „Verkið verður bæði fyndið og dramatískt, tónlistin mjög góð og skemmtileg. Þetta verður magnað!“




Herra lagerinn outlet

Troðfull verslun af merkjavöru!

# Hreinsun!

# 60-80%

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET hummel

# Rauðir dagar

## 6.-10. október

Það eru Rauðir dagar hjá Íslandsbanka í næstu viku
með fræðslu og fundum um betri fjármálaþjónustu

Kynntu þér dagskrá Rauðra daga á **www.islandsbanki.is**

Betri fjármál á Rauðum dögum

Á Rauðum dögum leggjum við sérstaka áherslu á að kynna nýjungar í þjónustu Íslandsbanka og bjóðum upp á fundi, kynningar og viðburði.

Þú gætir unnið iPhone 6

Notaðu Íslandsbanka Appið í október og þú ert með í leiknum.
Kynntu þér Appið og iPhone leikinn á **islandsbanki.is**

Á meðal fjölmargra viðburða á Rauðum dögum eru:

Nýtt viðmót Fyrirtækjabanka

Kennsla og kynning á nýju viðmóti Fyrirtækjabankans

Íslandsbanki Suðurlandsbraut 14
Kl. 8.00-9.00 - Þri. 7. okt.

Skráning á **islandsbanki.is**

Fjármál við starfslok

Fræðslufundur VÍB um fjármál einstaklinga við starfslok

Íslandsbanki Kirkjusandi
Kl. 17.00-18.00 - Þri. 7. okt.

Skráning á **islandsbanki.is**

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook



**Að kaupa fyrstu fasteignina**
Fræðslufundur um fjármögnun húsnæðiskaupa
Íslandsbanki Suðurlandsbraut 14
kl. 17.00-19.00 - Mið. 8. okt.
Skráning á **islandsbanki.is**

**Síðdegisboð VÍB**
Ráðgjöf og umræður um sparnað, fjárfestingar og séreignarsparnað
Íslandsbanki Kirkjusandi
kl. 16.00-18.00 - Fim. 9. okt.
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

**Betri tök á rekstri fyrirtækja**
Námskeið fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki
Íslandsbanki Kirkjusandi
Kl. 17.00-19.30 - Fim. 9. okt.
Skráning á **islandsbanki.is**

Íslandsbanki

# Uppistandið nýtist í stólnum

Fyrrverandi skemmtikrafturinn og grínarinn **Davíð Þór Jónsson** hlaut prestsvígslu nýlega og ætlar að þjóna öllu Austurlandi. Hann segir uppistandsreynsluna koma honum til góða og hefur þegar gripið til hennar í messu og uppfræðslu, þótt boðskapurinn sé annar en áður. Hann er líka svo heppinn að hafa organista sér við hlið er hann flytur í fyrirheitna landið.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Það var frekar skrítið að vakna daginn eftir vígsluna og setjast bara við að þýða sama teiknimyndaþáttinn og áður, enda átti ég kannski ekki von á því að stór breyting yrði á mér. En ég er kominn með ákveðin réttindi og ákveðnar skyldur,“ segir séra Davíð Þór Jónsson um þau umskipti í lífi sínu að vera orðinn prestur. Hann vinnur við þýðingar heima á Hjarðarhaga og ég er sest við eldhúsborðið en espressokannan kraumar á eldavélinni. Sérann rennir nýlöguðu kaffi í bollana. „Notarðu mjólk?“

Davíð Þór verður héraðsprestur í Austurlandsprófastdæmi og er nýkominn að austan þar sem hann var að undirbúa flutningana á svæðið, hitta væntanlegt samstarfsfólk og skipuleggja starfið. „Það er meira en að segja það að taka þá ákvörðun að verða prestur,“ viðurkennir hann. „Maður afsalar sér ákveðnum borgaralegum réttindum því prestur er í raun alltaf í vinnunni, hvort sem hann er að sinna embættisverkum eða ekki og er skuldbundinn ákveðnum siðareglum.“

Þráin eftir að takast á við starfið hefur þó keyrt Davíð Þór áfram síðustu misseri því hann hefur sótt um tíu embætti sem hann gat hugsað sér að þjóna. „Ég gerði mér grein fyrir að ekki yrði ráðinn nýútskrifaður, óvígður guðfræðingur í mörg þessara embætta en það er þjálfun að ganga í gegnum umsóknarferlið,“ segir hann. Nefnir sem dæmi að fyrir prestskosningar á Snæfellsnesi hafi hann tekið sér frí úr vinnu í hálfan mánuð og náð að heimsækja þriðjung sóknarbarna, það hafi verið dýrmæt reynsla og áhugaverð. „Ég tapaði með fimm atkvæðum. Auðvitað vonaðist ég eftir að verða kosinn en samt var ég ánægður með þennan mikla stuðning, hann blés mér þreki í brjóst.“

**Býr að sviðsreynslunni**

Davíð Þór var fræðslufulltrúi á Héraði árið 2012. Nú er búið að sameina starf fræðslufulltrúa og héraðsprests og fyrir utan að sinna æskulýðsstarfi verður hann í afleysingum og íhlaupavinnu fyrir aðra presta á svæðinu frá Álftafirði til Vopnafjarðar. „Ég finn mig mjög vel við fræðslu. Hef verið að vinna í Vatnaskógi á fermingarnámskeiðum og líkar það vel,“ segir hann og kveðst þar búa að reynslu uppistandarans. „Að fá til sín 40 fermingarbörn og hafa klukkutíma til að segja þeim frá Biblíunni er áskorun. Þá grípur maður gömlu trikkin til að halda athyglinni.“

Þetta leiðir umræðuna að Radíusbræðrum, þeim Davíð Þór og Steini Ármanni Magnússyni sem voru býsna grófir í sínu uppistandi. Auk þess var Davíð Þór ritstjóri tímaritsins Bleikt og blátt á tímabili. Hvernig finnst honum að hafa þennan feril í bakpokanum nú?

„Radíushúmorinn var samsuða af því sem var heitast í útlöndum á þeim tíma en ekki komið til Íslands. Annars vegar hinn súrrealíski Monty Python-húmor og hins vegar sorakjafturinn sem Eddie Murphy og Andrew Dice Clay voru þekktir fyrir. Við tókum þessa strauma og hnoðuðum þeim saman. Ég bý að þeirri reynslu að standa á sviði og hafa ofan af fyrir fólki. Þegar ég predikaði í messu á Egilsstöðum sótti ég einfaldlega í þá reynslu. Ég hafði samið þrumuræðu út frá texta dagsins en presturinn las þá allt annan. Þegar sálmurinn milli textans og predikunar var hálfnaður gekk ég upp að altarinu og fékk lánaða Biblíuna hjá prestinum, fann textann sem ég ætlaði að predika út frá, talaði svo bara af fingrum fram og leiddi inn í hann áður en ég flutti mína predikun. Ég hugsa að einhverjir hefðu kannski panikerað í þessum aðstæðum en þarna var dýrmætt að hafa reynslu af sviðsskrekk og að vera spontant fyrir framan fullt af fólki.“

Davíð Þór viðurkennir að prógramm þeirra Steins Ármanns hafi ekki verið fjölskylduvænt en það hái honum ekki í barna- og æskulýðsstarfi. „Í Vatnaskógi þekktu krakkarnir mig fyrir að hafa talað fyrir Sigmar í Svampi Sveinssyni og leikið vonda karlinn í Astrópíu. Þeir hafa aldrei heyrt talað um Radíusbræður eða Bleikt og blátt. Það er bara fornaldarstöff fyrir þeim. Ég tel fólk frjálslyndara og skilningsríkara en margur heldur. Það vill geta talað við prestinn sinn eins og mann og lagt sín spil á borðið. Hugsað – þarna er maður sem sjálfur hefur ýmislegt í farteskinu. Ég hef séð hann öðruvísi en í hempu og ég veit að hann fór aðra leið í þessa hempu en beint upp úr KFUM og í guðfræðina, blautur bak við eyrun. – Þetta hef ég fundið að hjálpar mér.“

**Trúarleg reynsla á sjónum**

Davíð Þór fékk leiklistarbakteríu sem unglingur, sótti þrisvar um í Leiklistarskólanum og lenti jafnoft í lokahópnum án þess að komast inn. Þegar hann hafði lært guðfræði í tvö ár sló útvarpsþáttur sem hann var með ásamt Steini Ármanni, í gegn og leiklistardraumurinn opnaðist á ný. Hann elti þann draum en þrettán árum síðar var hann kominn aftur í guðfræðina.

„Ég fann að neistinn var kominn aftur og útskrifaðist 2011 sem kandidat. Í febrúar 2012 flutti ég austur á Seyðisfjörð, fór að vinna hjá kirkjunni og sannfærðist þar um að þetta væri það sem ég vildi gera,“ segir hann. En hvað varð til þess að hann valdi þessa braut? „Í fyrstu ætlaði ég ekkert í prestskap þegar ég skráði mig í guðfræði haustið 1991. Hafði verið mjög leitandi ▶



„ Við Kata kynntumst þegar við unnum saman í Gettu betur í sjónvarpinu. Það neistaði á milli okkar. Svo fór það eins og það fór og gat í rauninni ekki farið öðru vísi því ég varð smám saman veikari og veikari af alkóhólisma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Haustfögnuður í Miðborginni okkar



## LANGUR LAUGARDAGUR 4. OKTÓBER

Ys og þys haustsins ná hámarki í október og miðborgin ber þess merki. Friðarsúlan lýsir upp næturhimininn og sælkerar gæða sér á ostum og bjór á Októberhátíð. Verslanir miðborgarinnar bjóða sem fyrr upp á gott úrval og næg bílastæði er að finna í næsta nágrenni.

**Frísklegur lúðrablástur um götur og torg frá 14:30 – 17:00:**
**Hornaflokkurinn Lúðraverk sveitalýðsins leiðir stemninguna.**

**Miðborgin í október:**

| | |
|---|---|
| **9. október** | **Tendrun Friðarsúlunnar** |
| **9. – 12. október** | **Bókmenntahátíð barna** |
| **11. október** | **Októberhátíð** |
| **25. október** | **Kjötsúpuhátíð** |

P BÍLASTÆÐASJÓÐUR
LEIGUFÉLAG ÍSLANDS

**VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!**

**— WWW.MIDBORGIN.IS —**

MIÐBORGIN OKKAR

## FERILLINN Í FÁUM DRÁTTUM

**1985** Eftir stúdentspróf og ásamt leikmunavörslu hjá Sjónvarpinu fór fyrsti útvarpsþáttur Davíðs Þórs og Steins Ármanns Magnússonar í loftið. Hann hét Stungið í Stúf og var á samtengdum rásum 1 & 2.



**1996** Spyrill í spurningakeppni Framhaldsskólanna Gettu betur en árin **2007-2009** handritshöfundur og dómari.



**1997-2001** Ritstjóri Bleikt og blátt, tímarits um kynlíf.



**2004-2012** Í stjórn Íslandsdeildar Amnesty International, þar af formaður frá **2008-2012**.

**2006-2012** Höfundur Bakþanka í Fréttablaðinu hálfsmánaðarlega.

1985 | 1989 | 1994 | 1999 | 2004 | 2009 | 2014



**1986-1995** Þáttagerðarmaður á Aðalstöðinni, meðal annars með þáttinn Górilla. Á sama tíma leikari, leikskáld, þýðandi, höfundur texta og leikstjóri hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar og Flugfélaginu Lofti, lék m.a. Fúsa í Fúsa froskagleypi.



**1994-1996** Sem Radíusbróðir, ásamt Steini Ármanni með skemmtiþætti í sjónvarpi eftir eigin handriti.



**2002-2010** Fastur þátttakandi í Orð skulu standa, vikulegum spurningaleik um íslenskt mál á Rás 1 og í Borgarleikhúsinu.

**1994-2014** Þýðandi fyrir leikhús, bíó, sjónvarp, hljóðsetningarfyrirtæki auk þess að ljá ótal persónum rödd sína.







**LUXOR er alhliða tækjaleiga og tækjasala fyrir kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinn, viðburða- og tónleikafyrirtæki, leikhús, stofnanir og önnur fyrirtæki.**

LUXOR er hluti af Sagafilm, stærsta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsefnis, kvikmynda og viðburða.

**Við leitum að rétta fólkinu í eftirtaldar stöður:**

***Verkefnastjóri í afgreiðslu kvikmyndabúnaðar***

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í uppbyggingu tækjaleigunnar.

Helstu verkefni:

~ Tilboðsgerð við tæknilegar lausnir kvikmyndaverkefna
~ Umsjón með kvikmyndavélum og öðrum búnaði
~ Stuðla að jákvæðum og árangursríkum samskiptum við viðskiptavini, birgja og samstarfsmenn

Menntunar- og hæfniskröfur:

~ Tæknileg þekking á úrlausnum verkefna tengdum kvikmyndagerð
~ Reynsla við gerð kvikmynda (grip, ljós eða camera)
~ Þjónustulund og söluhæfileikar eru lykilatriði

***Lagerstjóri tækjaleigu Luxor***

Starfsmaður er ábyrgur fyrir daglegum samskiptum lagersins við viðskiptavini. Undirbúningi verkefna og frágangi að þeim loknum.

Helstu verkefni:

~ Skráning búnaðar á lager
~ Pökkun búnaðar í verkefni og úr verkefnum
~ Stuðla að jákvæðum og árangursríkum samskiptum við viðskiptavini, birgja og samstarfsmenn

Menntunar- og hæfniskröfur:

~ Þekking á skipulagi lager
~ Þekking á úrlausnum verkefna tengdum tónleikum, sviðlistum, viðburðahaldi og kvikmyndabúnaði er kostur
~ Þjónustulund og útsjónarsemi

***Fyrir bæði störfin gerum við almennar kröfur um:***

~ Nákvæmni og metnað í starfi
~ Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
~ Brennandi áhuga og frumkvæði
~ Góða íslensku- og enskukunnáttu
~ Góða samskipta- og skipulagshæfni, jákvæðni og stundvísi

Sendið umsóknir merktar

**LUXOR - VERKEFNASTJÓRI / LUXOR - LAGER**

til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, eða á netfangið ragnheidur@luxor.is.

**UMSÓKNIR BERIST FYRIR 10.10.2014.**


▶ og mikið að pæla í andlegum og siðfræðilegum málefnum. Bjó úti í Svíþjóð árið 1990 í hippanýlendu þar sem ég var grænmetiskokkur á náttúrulækningasjúkrahúsi en festi ekki yndi í Svíþjóð, kom heim og fór á sjóinn einn vetur. Þar varð ég fyrir sterkri trúarlegri reynslu.“ Hann kveðst þó ekki hafa lent í beinum sjávarháska. „Auðvitað fengum við á okkur brot og háskinn er alltaf fyrir hendi á sjó, eins og kvikmyndatónlist í bakgrunni. Það var samt ekkert eitt atriði sem hafði þessi áhrif á mig heldur sú sterka tilfinning að vera hluti af einhverju miklu stærra, meira og æðra en ég sjálfur, partur af sköpunarverkinu.“

### Kata Jak sleit sambandinu

Nú er komið að því að forvitnast um einkalífið og þótt Davíð Þór sé einn heima þessa stundina kemst ég að því að hann á konu. Hún heitir Þórunn Gréta Sigurðardóttir og er frá Egilsstöðum. Þórunn Gréta er tónskáld, útskrifaðist í janúar á þessu ári með mastersgráðu í klassískum tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Hamborg og Davíð Þór bjó hjá henni þar úti í eitt ár. Nú er hún nýráðin organisti á Eskifirði. „Við gerum ráð fyrir að flytja til Eskifjarðar því við ætlum að reyna að komast af með einn bíl í vetur,“ segir hann brosleitur.

Þrjú börn og þrjú barnabörn færast Davíð Þór líka til tekna. „Ég á dóttur fædda 1983, þá var ég 18 ára. Hún býr í Kaupmannahöfn og er að læra landslagsarkitektúr, á mann og tvö börn. Svo eignaðist ég dóttur fædda 1990 og son fæddan 1991 með þáverandi eiginkonu minni Elínu Ellingsen en við skildum árið 1993.

Á sjö ára tímabili bjó Davíð Þór með Katrínu Jakobsdóttur, formanni Vinstri grænna. „Við Kata kynntumst þegar við unnum saman í Gettu betur í sjónvarpinu. Það neistaði á milli okkar. Svo fór það eins og það fór og gat í rauninni ekki farið öðru vísi því ég varð smám saman veikari og veikari af alkóhólisma. Hún bar gæfu til að slíta því sambandi. Ári síðar var ég kominn inn á Vog.

Að þurfa að gera upp eigið líf og taka þá ákvörðun að láta það lúta handleiðslu guðs, eins og maður er fær um að skilja hann, varð til þess að glæða á ný áhuga minn á guðfræði og á verulegan þátt í að ég byrjaði aftur að stúdera hana. Ég þurfti að rifja upp trúarvitund mína og trúarlíf sem ég hafði drekkt í áfengismóðu. Þá var ég í tvö ár búinn að glíma við að laga líf mitt að nýjum andlegum lifnaðarháttum.“

Hratt skilnaðurinn þér í þá sjálfsskoðun? (Smá þögn) „Ef ég fer að tala um einkalíf mitt á þeim tíma sem við Kata vorum saman er ég um leið að tala um einkalíf hennar og ég hef engan rétt til þess. Ég get sagt að skilnaðurinn lagðist ekki vel í mig en í raun og veru stend ég í þakkarskuld við Kötu fyrir að hafa slitið sambandinu þegar hún gerði það. Ég fékk mjög lögmæta afsökun fyrir að sökkva mér í drykkjuskap en náði botninum og viðspyrnunni. Það var lífsreynsla.“

### Ekki trúboð innan fjölskyldunnar

Spurður út í trúarlegt uppeldi svarar Davíð Þór: „Ég lærði helstu grundvallaratriðin. Var signdur áður en ég var settur í bólinn og kennt versið Nú er ég klæddur og kominn á ról. Ég var flest sumur til 14 ára aldurs hjá afa og ömmu og það var alin upp í mér sterk siðvitund frá blautu barnsbeini en ekki kirkjurækni. Það er frekar í seinni tíð að ég uppgötva að fjölskylda mín er ákaflega trúrækilega sinnuð. Móðir mín er í kvennakirkjunni, pabbi og dóttir mín eru ásatrúar og eini bróðirinn minn er Vantrúarmaður. Ekkert okkar lítur á það sem sitt hlutverk að stunda trúboð innan fjölskyldunnar en við bróðir minn ræðum mikið um heimspekileg og siðferðileg málefni. Þó svo hann hafi ekki fundið sínum lífsskoðunum farveg innan kirkjunnar þá gleðst hann yfir að ég hafi fundið mína köllun meðan ég virði hans afstöðu. Kirkjan hagar sér stundum eins og gömlu valdhafarnir sem verða móðgaðir og sárir þegar þeir fá ekki atkvæðin sem þeim finnst þeir eiga. En kirkjan á að iðka samtal við aðra og ekki móðgast og fara í vörn ef einhver vill fermast borgaralega eða standa vörð um það sem við höldum að við vitum um trúariðkun forfeðra okkar áður en þeir tóku kristni.“

En hvað finnst honum um Kristsdaginn sem haldinn var í Hörpu um síðustu helgi? „Ég held að Kristsdagurinn hafi undirstrikað það sem Dagur vonar gaf til kynna í fyrra, að Þjóðkirkjan eigi að láta samkirkjulegt starf með bókstafstrúarfólki alveg eiga sig. Auðvitað er gott að geta látið ágreining lönd og leið og snúa bökum saman um það sem við erum sammála um. En þegar frjálslynt og umburðarlynt kristið fólk er narrað á forsendum samkirkjulegra hugsjóna til að fræbiðja sér sjálfsögð mannréttindi á borð við kvenfrelsi og kynfrelsi er betur heima setið en af stað farið.“



> Í Vatnaskógi þekktu krakkarnir mig fyrir að hafa talað fyrir Sigmar í Svampi Sveinssyni og leikið vonda karlinn í Astrópíu. Þeir hafa aldrei heyrt talað um Radíusbræður eða Bleikt og blátt. Það er bara fornaldarstöff fyrir þeim.

### Ætlar ekki að velta um borðum

Davíð hefur unnið sjálfstætt við þýðingar síðustu ár. Gaf líka út skáldsöguna Orrustan um Fold fyrir tveimur árum og á aðra bók fullskrifaða. En nú tekur hann við nýja embættinu 1. nóvember og þyrfti að byrja fyrr. „Síðustu helgina í október er æskulýðsmót þjóðkirkjunnar og fermingarnámskeið og leiðtoganámskeið í nóvember. Þetta allt eru prestarnir fyrir austan að skipuleggja upp í hendurnar á mér og í samráði við mig. Um leið og hausttörnin er búin kemur jólatörnin. Ég sé fram á að geta byrjað að draga andann upp úr áramótum.“

Aldrei er hlutverk presta vandasamara en á sorgarstundum fólks, það er Davíð Þór meðvitaður um. „Ég hef töluverða reynslu af sálgæslu, segir hann. „Það kom mér á óvart þegar ég var fyrir austan hvað mikið var leitað til mín. En það sem ég hlakka mest til er að fá að móta fræðslu- og félagsstarf. Kirkjan stendur sig ágætlega í æskulýðsstarfi og líka félagsstarfi fyrir eldri borgara. Hún stendur sig ekki eins vel í að gera eitthvað fyrir kynslóðirnar þar á milli eng langar að koma til móts við fólk sem hefur heimspekilegan og siðferðilegan áhuga á trúarlegum málefnum og opna því dyr inn í kirkjuna.“

Hann telur breytinga þörf á innra skipulagi kirkjunnar, þar vill hann auka almennt safnaðarlýðræði. „En ég ætla að hafa mig hægan og læra reglurnar til að byrja með,“ lofar hann. „Ég er ekkert að fara að velta um borðum á næstu prestastefnu.“




Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,1** til **5,4**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **82** til **125**.

## KOMDU Í HEIMSÓKN OG REYNSLUAKTU BÍL ÁRSINS

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

# S.O.U.L

## FYRIR HLÝLEG HEIMILI



**209.990**
FULLT VERÐ: 239.990

**LONDON** 3ja sæta sófi
Stærð: 210 x 90 H: 80 cm.
Slitsterkt áklæði. Dúntoppur

**New Havern** Sófaborð með tveimur skúffum og hillu. Stærð: 75 x 135 H: 51 cm.
Hvítmálaður viður.

**99.990**
FULLT VERÐ: 119.990

## VÖNDUÐ SKANDINAVÍSK HÖNNUN

**LONDON** – HORNSÓFI



**299.990**
FULLT VERÐ: 359.990

**LONDON** HORNSÓFI 2H2
Stærð: 220X220 H: 86 cm.
Eikargrind. Slitsterkt grátt áklæði.
Einnig til í svörtu leðri.

**BRIGHTON** – 3JA SÆTA SÓFI



**289.990**
FULLT VERÐ: 319.990

**BRIGHTON** 3JA SÆTA SÓFI.
Stærð 3ja sæta: 202X77 H: 80 cm. 2ja sæta 150x77 H: 82 cm
Eikargrind. Svart, koníaksbrúnt og dökkbrúnt leður.
Einnig fáanlegur 2ja sæta. Fullt verð 259.990. **Tilboð: 229.990**

## HAUSTIÐ ER KOMIÐ



PÚÐAR FRÁ MARS&MORE
**20%**
AFSLÁTTUR UM HELGINA





**MARS&MORE** púðar í miklu úrvali 20% afsláttur. Fullt verð kr. 5.990 **TILBOÐ 4.792**



**REGNHLÍFAR**
Mörg munstur.
**20% AFSLÁTTUR.**
Fullt verð kr. 3.490
**TILBOÐ 2.792**

**STAFIR** úr viði,
mikið úrval. 20 cm.
**20% AFSLÁTTUR**
Fullt verð kr. 2.990
**TILBOÐ 2.392**



**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17



# VESTA

furninova

## VANDAÐUR Á GÓÐU VERÐI

**VESTA** tungusófi.
Stærð: 295 x 160 H: 80 cm.
Slitsterkt áklæði. Ljósgrátt og antrasite.
Einnig fáanlegur í leðri.

**299.990**
FULLT VERÐ: 399.990

## HÚSGÖGN FYRIR LIFANDI HEIMILI

**DC 4200** – 3JA SÆTA SÓFI



**299.990**
FULLT VERÐ: 329.990

**DC 4200** 3ja sæta sófi.
Stærð: 211x82 H: 85 cm.
Eikargrind. Svart, koníaksbrúnt og dökkbrúnt leður.
Einnig fáanlegur 2ja sæta

**UMBRIA** – HORN-TUNGUSÓFI



**369.990**
FULLT VERÐ: 419.990

**Stærð: 330X265 H: 78 cm.**
Umbria sófarnir eru til í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

Hnakkapúði ekki innifaldir í verði.

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

## SMÁVARAN STREYMIR Í HÖLLINA

iittala · ALESSI · Rosenthal · by nord · VIDIVI · nuance · S.O.U.L · Rosti Mepal · broste COPENHAGEN · bodum



BODUM KOPARKÖNNUR **20%** AFSLÁTTUR UM HELGINA



KOPAR LOFTLJÓS **20%** AFSLÁTTUR UM HELGINA

**KOPAR KAFFIKÖNNUR – 20% AFSLÁTTUR UM HELGINA**
8 bolla. Fullt verð kr. 12.990 **TILBOÐ 10.392**
3 bolla. Fullt verð kr. 7.990 **TILBOÐ 6.392**

**KOPAR LOFTLJÓS – 20% AFSLÁTTUR UM HELGINA**
18 cm þvermál. Fullt verð kr. 13.990 **TILBOÐ 11.192**
25 cm þvermál. Fullt verð kr. 24.990 **TILBOÐ 19.992**
35 cm þvermál. Fullt verð kr. 39.990 **TILBOÐ 31.992**

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
REYKJAVÍK | AKUREYRI

OG Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

## KONA Á TVÍTUGSALDRI

„Einu sinni vantaði vinkonu mína dóp. Þá hringdi ég í mann sem var með pabba mínum á sjó þegar ég var lítil og sagði honum að ég væri með litla stelpu handa honum. Við fórum til hans, hún var með honum og við fengum dóp í staðinn.

## KONA Á ÞRÍTUGSALDRI

„Ég var einu sinni með eldri manni en ég var alveg skotin í honum. Hann fór rosalega illa með mig og ég hefði átt að vera löngu farin frá honum. Ég hugsa að ef hann hefði ekki átt fullt af fíkniefnum hefði ég verið hætt að vera skotin í honum fyrr.

## KONA Á ÞRÍTUGSALDRI

„Þessir gaurar á Vogi sjá unga stelpu koma inn og hugsa sér gott til glóðarinnar. Best er að negla hana inni í meðferð. Þetta eru oft valdamiklir menn sem flestir eru hræddir við og fara bara til einhvers sem er með einstaklingsherbergi og segjast ætla að fá það lánað. Svo þegar þeir eru búnir að sofa hjá stelpunni missa þeir áhugann og fylgjast með nýju blóði koma inn.

## KONA Á FERTUGSALDRI

„Menn í glæpaheiminum finna sér ungar stelpur og jafnvel þrjár til fjórar í einu. Þeir hafa þær að fíflum en þeir vita að þær fara ekki neitt á meðan það er dóp fyrir framan þær. Þeir fá þær til að gera hvað sem er, til dæmis sofa hjá vinum sínum sem eru of ljótir til að redda sér kynlífi sjálfir. Þær gera allt fyrir klapp á kinnina, dóp og að einhverjum sé ekki sama um þær.



Guðrún Björg Ágústsdóttir, ráðgjafi í Foreldrahúsi

## FINNA ÞÆR Á FACEBOOK

„Hingað koma oft ungar konur sem hafa orðið fyrir því að eldri menn, sem ekki eru í neyslu, hafi notfært sér neyð þeirra,“ segir Rúna. Mennirnir nota peningagjafir, vernd eða fíkniefni til að tæla stúlkurnar til sín. „Þær fá líka að búa hjá þeim gegn því að þær sofi hjá þeim. Dæmi eru um að þeir leigi íbúðir fyrir þær sem þeir hafa svo aðgang að. Stúlkurnar eru yfirleitt leitaðar uppi og þá sérstaklega í gegnum Facebook.“



Kristín I. Pálsdóttir, stjórnarkona í Rótinni

## SELJA SIG Á BANGSADEILDINNI

„Við heyrum af mjög alvarlegum atvikum innan meðferðarkerfisins og því teljum við að kynin eigi að vera algjörlega aðskilin í afvötnun. Þarna er fólk í viðkvæmu ástandi og konur eiga ekki að þurfa að hitta nauðgara sinn í meðferð, mann sem hefur hrellt þær í fortíðinni eða einhvern miklu eldri mann sem þær fara að búa með eftir meðferð í fullkomnu ójafnvægi,“ segir Kristín og að þekkt sé að ungar stúlkur séu áreittar í meðferð inni á Vogi. „Við höfum heyrt dæmi um stúlkur sem selja sig inni á Bangsadeildinni, sem er deild fyrir þá yngstu í meðferð, þar sem þær eiga að vera í skjóli. Þessi dæmi ættu að sanna mikilvægi þess að hafa kynskiptar meðferðir.“ Kristín segir litla meðvitund vera um ólíka stöðu kynjanna í meðferð hjá SÁÁ. „Það er lítil þekking og enginn áhugi á þessum sjónarmiðum. Enda er mikill kynjahalli innan stofnunarinnar líka.“



„Slíkir menn eru ekki í stjórnleysi heldur með mjög skipulagt plan. Þeir eru ötulir og þolinmóðir við að finna sér fórnarlömb og leika sér jafnvel að bráðinni í marga mánuði áður en þeir láta til skara skríða. Þetta hefur orðið þeim auðveldara með samfélagsmiðlum eins og Facebook.

*Valdís Ösp Ívarsdóttir, fíknifræðingur.*

NORDICPHOTOS/GETTY

# Karlmenn sem sækja í berskjaldaðar konur

Konur sem hafa orðið fyrir áföllum og ofbeldi í lífinu eru berskjaldaðri gagnvart ofbeldismönnum sem notfæra sér veika stöðu þeirra. Mennirnir eru alls konar. Sumir hafa orðið fyrir áföllum sjálfir og eru með brotna sjálfsmynd en aðrir eru hreinlega siðblindir og finna sér fórnarlömb með skipulegum hætti.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is



Rætt var við aðstandendur Ástríðar í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins, ungrar konu sem svipti sig lífi á Vogi eftir margra ára baráttu við fíknina. Í viðtalinu kom fram að eldri maður í virðulegri stöðu í þjóðfélaginu hefði táldregið konuna á Facebook þegar hún var á afar viðkvæmum stað í lífi sínu og reyndi að standa sig eftir enn eina meðferðina. Eftir að hann hafði gengið lengi á eftir henni féllst hún loks á að þiggja hvítvín og sushi heima hjá honum og féll þar með í bindindinu.

En tilfelli Ástríðar er ekki einsdæmi. Fagfólk, fyrrverandi fíklar og aðstandendur sem Fréttablaðið hafði samband við höfðu öll sömu sögu að segja; dæmin eru mýmörg um karlmenn sem leita í berskjaldaðar konur í neyslu. Valdís Ösp Ívarsdóttir fíknifræðingur segir afar flókið að útskýra hvernig manneskjur virðast festast í ofbeldisfullum samböndum. Í einföldu máli rofni öryggiskerfi manneskju sem verður fyrir ofbeldi sem gerir hana berskjaldaðri fyrir áframhaldandi ofbeldi og ofbeldismenn þekkja slíkar konur.

„Það er eins og þolendur og gerendur þekki hverjir aðra langar leiðir og það verður til svokallað þolanda-gerandasamband sem einkennist af spennuhring og afleiðingum af ofbeldinu. Til dæmis er ung, brotin stúlka sem er í neyslu, kemur inn í fíknimeðferð eða er að jafna sig eftir meðferð, útsettari fyrir áframhaldandi ofbeldi ef hún nær ekki að vinna með þessi áföll.“

Valdís segir algengt að konur á þessum stað fari í óheilbrigð sambönd í leit að öryggi, væntumþykju og tengslum. Oft séu karlinn og konan bæði mjög brotin í slíkum samböndum en birtingarmyndin sé ólík. Konur verða meira þóknandi í þessum samböndum og karlar frekar stjórnendur og beiti meira ofbeldi.

Þessar brotnu stúlkur eru einnig berskjaldaðar gagnvart siðblindum gerendum sem eru ekki endilega í fíknivanda. „Slíkir menn eru ekki í stjórnleysi heldur með mjög skipulagt plan. Þeir eru ötulir og þolinmóðir við að finna sér fórnarlömb og leika sér jafnvel að bráðinni í marga mánuði áður en þeir láta til skarar skríða. Svona fólk er hluti af samfélagsflórunni og það er sorglegt, en þetta er að gerast í samfélaginu og hefur orðið auðveldara með samfélagsmiðlum eins og Facebook.“

Valdís segir mikilvægt að þegar konur berjist við fíknina og fari í meðferð sé tekið á þessum áföllum úr fortíðinni um leið. „Í meðferðum eru karlar og konur flest öll þolendur ofbeldis. Því er mjög mikilvægt að taka á þeim vitandi það að það er tilfinningaruglingur og mörk þeirra eru óljós, dómgreindin er ekki í lagi. Meðferðaraðilar þurfa að taka þetta til greina og því er kynjaskipting í meðferðum nauðsynleg. Til þess að áframhaldandi ofbeldissambönd verði ekki til.“



**PARF AÐ KYNJASKIPTA MEÐFERÐUM** Valdís Ösp Ívarsdóttir fíknifræðingur segir að fólk í meðferð sé í mörgum tilfellum ákaflega brotið og mörk þess óljós. Því geti samskipti kynjanna orðið flókin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SALAT HEFUR ALDREI
VERIÐ SVONA GOTT!



# HÖFUM OPNAÐ Í SMÁRALIND

**Borgartún 25**
Virka daga: 11:00 - 21:00
Laugardaga: 11:00 - 21:00
Sunnudaga: 12:00 - 21:00

**Smáralind**
Virka daga: 11:00 - 21:00
Laugardaga: 11:00 - 21:00
Sunnudaga: 12:00 - 21:00

local

localsalad.is localsalad localsalad




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Feimna hestastelpan sem þorði ekki í leikprufur

Fyrsti þáttur sjónvarpsseríunnar Hraunsins fór í loftið um síðustu helgi og margir áhorfendur veltu því fyrir sér hver hún væri þessi unga leikkona sem leikur Auði. Hún heitir **Svandís Dóra Einarsdóttir** og æfir nú af kappi fyrir frumsýningu Karitasar í Þjóðleikhúsinu um þarnæstu helgi, hestakona sem segist kunna best við sig í lopapeysu og gúmmístígvélum.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Svandís Dóra bíður mín við starfsmannainngang Þjóðleikhússins í rigningu og roki, klædd stuttum pels og hnéháum grænum gúmmístígvélum á la Kate Moss. Ég hrylli mig yfir veðurofsanum en hún hlær að aumingjaskapnum í mér og segist vera alvön því að vera úti í öllum veðrum, enda nánast alin upp á hestbaki.

„Ég er fædd og uppalin í Kópavogi, en foreldrar mínir eru mikið hestafólk og eiga land uppi í Gnúpverjahreppi þar sem við erum með hestana, þannig að ég segist alltaf vera fiftí fiftí úr Kópavoginum og Gnúpverjahreppnum, enda er ég mikil sveitastelpa og kann best við mig í lopapeysu og stígvélum.“

Fjölskyldan er stór, Svandís á tvær alsystur og tvö hálfsystkin, en hún er örverpið, tíu árum yngri en systirin á undan. „Við erum samt öll jafnmikil systkini, það hefur alltaf verið mikill samgangur á milli og við erum mjög náin.“

### Vildi komast í Nemó

Svandís er dóttir Einars Bollasonar, sem sat saklaus í fangelsi í Geirfinnsmálinu, en það var löngu áður en hún fæddist og hún segist ekki vilja tjá sig um það mál. Móðir hennar er Sigrún Ingólfsdóttir sem stundaði ballett á yngri árum og heimsóknir í leikhúsið voru fastur liður í uppeldinu. Það var þó ekki fyrr en í Verzlunarskólanum sem Svandís lét reyna á þann draum sinn að stíga á svið. „Ég var í Kópavogsskóla allan grunnskólann og lék eitthvað smávegis í skólaleikritum en langaði alltaf að verða leikkona og fór í Verzló til að geta tekið þátt í sýningum Nemó. Mamma og pabbi voru reyndar ekkert voðalega hrifin af því að ég legði leiklistina fyrir mig, fannst fylgja því lítið starfsöryggi, en mér fannst sniðugt að fara í verslunarskóla, sem er mjög alhliða nám, og halda þannig öllum möguleikum opnum um leið og ég gæti fengið útrás fyrir leiklistarbakteríuna. Ég var reyndar svo hræðilega feimin að ég þorði aldrei í prufur fyrir leiksýningarnar, fyrir utan það að ég var oftast að keppa á hestum á sama tíma og æfingar áttu að hefjast. Það var ekki fyrr en á síðasta árinu mínu að ég fór í prufu og fékk þá hlutverk í Sólsting sem Jóhann G. Jóhannsson var að leikstýra og hann sparkaði í rassinn á mér og sannfærði mig um að ég yrði að láta reyna á það að verða leikkona.“

### Skólakerfið drap skriflöngunina

Hvaðan kom þessi leiklistaráhugi? „Veistu, ég eiginlega veit það ekki, það eru engir leikarar í minni fjölskyldu. Ég hafði bara alltaf þessa þörf fyrir að skapa eitthvað. Ég var náttúrulega langyngst og pabbi og mamma voru mikið að vinna þannig að ég byrjaði snemma að skrifa sögur og teikna til að hafa ofan af fyrir mér. Ég hef alltaf verið mikil draumóramanneskja og get auðveldlega gleymt mér við að skapa heilu heimana í höfðinu á mér. Hætti reyndar alveg að skrifa og teikna á tímabili en er nú búin að koma mér upp trönum og finnst gott að mála til að hreinsa hugann. Fer gjarna upp í bústað þar sem við erum með hestana, tek trönurnar með mér og hleð batteríin ein í náttúrunni.“

Hvað með skriftirnar, hefurðu verið að skrifa eitthvað? „Nei, þótt mér fyndist gaman að skrifa sögur þegar ég var krakki þá drap skólakerfið þá löngun niður. Allar ritgerðir þurftu að fara eftir settum reglum, sem mér fannst ógeðslega þurrar og leiðinlegar. Ég fékk aldrei nógu gott fyrir ritgerðir, að mínu mati, þannig að ég beit það bara í mig að ég gæti ekki skrifað. Mér finnst alveg nóg að hafa sögurnar í hausnum. Er líka voða dugleg við að skoða fólk, oft ómeðvitað, og á það til að gleyma mér í margmenni við það að velta fólki fyrir mér og ímynda mér líf þess, sem sumum finnst eflaust mjög óþægilegt.“

### Fann ástina á föstudaginn langa

Þrátt fyrir hvatningu leikstjórans lá leiðin úr Verzlunarskólanum ekki beint í leiklistarnám. „Ég hafði verið að vinna með skólanum í Jack and Jones og Selected og eftir útskrift bauðst mér verslunarstjórastaða þar sem ég þáði. Eftir eitt ár þar fann ég að ég bara varð að láta reyna á leiklistina, skráði mig í ensku uppi í Háskóla til að undirbúa það að fara í leiklistarnám erlendis. Mig langaði bara ekkert að vera á Íslandi á þessum tíma og var á fullu að skoða leiklistarskóla í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í Háskólanum fór ég að leika með Stúdentaleikhúsinu og kynntist fullt af fólki með leiklistaráhuga sem stefndi á að sækja um í Listaháskólanum. Ég ákvað að gefa því séns, fór í inntökupróf og komst inn, mér alveg að óvörum. Útskrifaðist 2010 og hef blessunarlega getað unnið við leiklistina síðan.“

Í Nemendaleikhúsinu urðu örlögin á vegi Svandísar þegar Sigtryggur Magnason leikskáld var fenginn til að skrifa verk fyrir hópinn. „Við kynntumst í Nemendaleikhúsinu um haustið en það gerðist ekkert á milli okkar þar. Um páskana fór ég síðan að heimsækja skólasystur mína vestur á Ísafjörð með bekknum mínum og þá var Sigtryggur staddur þar og við hittum hann. Svo bara gerðist eitthvað á föstudaginn langa, við stukkum bæði á ölduna sem skall yfir okkur og höfum verið saman síðan.“

Trúlofun Svandísar og Sigtryggs á síðasta ári komst í blöðin, enda tilþrifamikið atriði á alblóðugu leiksviði í Berlín, eru þau búin að ákveða brúðkaupsdaginn? „Ekki daginn, en við stefnum að því að gifta okkur næsta sumar. Við erum ekki búin að skipuleggja það í smáatriðum, það eina sem er alveg öruggt er að það verður uppi í sveit.“

### Heimsmeistari í hlýðni

Á hestbaki kannski? Ertu ekki enn á kafi í hestamennskunni? „Jú, jú, en ég hætti að keppa þegar ég var í Nemendaleikhúsinu og hef ekki keppt síðan, nema reyndar einu sinni síðastliðinn vetur. Ég var búin að vera svo lengi í því, keppa á mörgum landsmótum og vera í unglingalandsliðinu, varð til dæmis heimsmeistari í hlýðni eitt árið. Það þótti bekkjarsystkinum mínum í Listaháskólanum óskaplega fyndið, enda er ég ekkert mjög hlýðin. Hef alltaf haft mikla þörf fyrir að stjórna, hef aðeins fengist við að leikstýra og langar að gera meira af því. Ef ég fer í mastersnám langar mig að taka leikstjórn, og þá helst kvikmyndaleikstjórn, en ég veit ekki ennþá hvenær af því verður.“

Þið eruð ekkert farin að skipuleggja barneignir í framhaldi af brúðkaupinu? „Jú, jú, mér finnst ég bara aldrei vera tilbúin. Ég á hins vegar þrjú stjúpbörn með Sigtryggi og þau eru hjá okkur aðra hverja viku svo ég hef alveg fengið að spreyta mig í móðurhlutverkinu síðustu fjögur ár. Auðvitað voru það viðbrigði að vera komin með þrjú börn á heimilið en þau eru alveg yndisleg og tóku mér strax mjög vel. Það hefur verið alveg ómetanlegt að fá að fara með þeim inn í unglingsárin og ég er ótrúlega þakklát fyrir að hafa þau í lífi mínu. Þau hafa kennt mér svo margt.“

Stærsta hlutverk Svandísar til þessa var þokkagyðjan Díana Klein í kvikmyndinni um Harry og Heimi: Morð eru til alls fyrst, langar hana ekkert til að koma sér á framfæri í kvikmyndaheiminum erlendis? „Jú, alveg eins. Ég er eiginlega fyrst núna komin með efni til að gera kynningarræmu en ég er ekkert mikið fyrir það að plana of langt fram í tímann. Það eru einhverjar viðræður í gangi um möguleg hlutverk í bíóum og sjónvarpsþáttum, en ekkert niðurneglt. Núna er ég á samningi við Þjóðleikhúsið, vinn með yndislegu fólki sem ég lít upp til og læri mikið af. Það er svo margt sem mig langar að gera, en fyrst og fremst ætla ég að halda mínu striki. Mér finnst skipta mestu máli að reyna að vera góð manneskja, rækta sjálfan sig, fólkið sem maður elskar og finna sinn eigin takt.“

## HELSTU HLUTVERK SVANDÍSAR DÓRU

Meðal hlutverka Svandísar Dóru í leikhúsi eru Jóa í Veghúsum í Heimsljósi í Þjóðleikhúsinu, Lilja í Nú er himneska sumarið komið sem sýnt var í Árbæjarsafni, ýmis hlutverk í Hvörfum í uppsetningu Lab Loka og Þjóðleikhússins, Lovísa í TRANS í Útvarpsleikhúsinu, Sirrý í Nóttin var sú ágæt ein í uppsetningu Óskabarna ógæfunnar og Sylvía í verkinu Útundan í uppsetningu Háaloftsins. Hún var einnig aðstoðarleikstjóri Þórhildar Þorleifsdóttur í verkinu Dagleiðin langa í Þjóðleikhúsinu.

### Sjónvarp og kvikmyndir

Svandís Dóra hefur leikið í sjónvarpsþáttunum Rétti, Pressu og Ástríði, kvikmyndunum Kurteisu fólki, Borgríki, Faust eftir Aleksander Sukorov, Hross í oss eftir Benedikt Erlingsson og Díönu Klein í kvikmyndinni Harrý og Heimir – Morð eru til alls fyrst. Hún leikur einnig í spennuþáttaröð Reynis Lyngdal, Hrauninu, sem RÚV sýnir þessar vikurnar.

www.renault.is




## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílarnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílablaðs Morgunblaðsins, ók á dögunum Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki á einungis einni 60 l tankfyllingu eða u.þ.b. 1,520 km leið. Við óskum Malín og öllum Renault eigendum til hamingju og minnum á að: **ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT**!

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16**

**[ ... ég var farin að halda að eitthvað mikið væri að aksturstölvunni, sem sífellt sagði að ég gæti ekið um 1.000 kílómetra til viðbótar miðað við aksturslag.]**

Malín Brand, Bílablað Morgunblaðsins

RENAULT

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# BJARGAR STÚLKUM UNDAN RAKVÉLAR-BLAÐINU



MYND/GUNNISAL

> Það er ótrúlega sársaukafullt að geta ekki hjálpað öllum og ég þarf að vega og meta aðstæður hverrar og einnar og ákveða í samráði við ABC-skólana hverjar fá pláss í skólanum.
>
> *Susan Moyaso.*

**Susan Moyoso** er tvítugur eldhugi í Kenía sem segir sitt hlutverk í lífinu vera að bjarga stúlkum frá nauðungarhjónaböndum og kynfæralimlestingum. Hún reynir að koma stúlkum í nám til að þær fái að eiga lengri bernsku og möguleika á framtíð á eigin forsendum.



Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

Staða unglingsstúlkna er víða skelfileg og mega fjölmargar búa við sláandi misrétti, nauðungarhjónabönd, mannréttindabrot og mismunun. Næstu vikuna verða unglingsstúlkur í fátækustu löndum heims í brennidepli í vitundarvakningu frjálsra félagasamtaka í alþjóðastarfi og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Vitundarvakningin kallast Sterkar stelpur – sterk samfélög. Því átakið felur jafnframt í sér hvatningu til allra stúlkna um að standa á rétti sínum og láta rödd sína heyrast, hátt og snjallt.

**Menntun veitir bjartari framtíð**

Susan Moyaso er ein slík stúlka sem tilheyrir Masai-ættbálknum við rætur fjallsins Kilimanjaro í Kenía. Ættbálkurinn er einn þekktasti þjóðflokkur Afríku vegna sérstakrar menningar, klæðaburðar og fastheldni við gamla lífshætti. Þar eru limlestingar á kynfærum stúlkna enn við lýði, stúlkum er þröngvað í hjónaband frá barnsaldri og afar fáar eiga kost á menntun.

Susan var þó ein af þeim heppnu og fékk pláss á heimavist ABC-skólans áður en hún var gefin eldri karlmanni. „Skólavist frestar undirbúningi fyrir hjónaband og þar af leiðandi líka kynfæralimlestingum,“ segir Susan. „Því lengri skólaganga, því meiri líkur á að maður sleppi algjörlega við þessi örlög og möguleikarnir á framtíð sem maður fær að hafa áhrif sjálfur á, aukast verulega.“

Susan er hæglát og feimin. Hún lítur undan þegar hún brosir, heldur fyrir munninn og afsakar í sífellu ensku sína. En sögur af baráttu hennar fyrir kynsystur sínar og björgunarleiðöngrum sem hún hefur farið á heimili þeirra passa ekki við þessa hógværð. Henni er lýst sem miklum eldhuga. „Eftir að ég útskrifaðist úr skóla fann ég að mitt hlutverk í lífinu er að breyta hugsunarhættinum sem ríkir í ættbálknum. Ég á í góðu samstarfi við ABC-skólana þannig að ég get boðið stúlkum sem standa frammi fyrir nauðungarhjónabandi eða limlestingu skólavist. Það er eina leiðin til að koma þeim burt úr aðstæðunum en það þýðir að ég þarf að kljást við foreldrana, sérstaklega feður þeirra, og fá þá til að samþykkja skólavistina. Stundum þarf ég bókstaflega að toga stelpurnar út af heimilinu.“

**Erfitt að geta ekki hjálpað öllum**

Susan eflist þegar líður á samtalið og verður ákveðin í tali og fasi þegar hún talar um björgunarferðir sínar. „Það eru ekki allir ánægðir með það sem ég er að gera. En ég er ekki hrædd, ekki lengur. Ég fæ heimsóknir daglega frá stúlkum sem biðja mig um að hjálpa sér. Það er ótrúlega sársaukafullt að geta ekki hjálpað öllum og ég þarf að vega og meta aðstæður hverrar og einnar og ákveða í samráði við ABC-skólana hverjar fá pláss í skólanum. Hinar snúa aftur heim í ömurlegar aðstæður. Við hreinlega verðum að fá fleiri pláss fyrir stúlkur í skólana.“

**Hugarfarsbreyting hjá föður**

Susan segist þó finna fyrir stuðningi frá ótrúlegustu stöðum, þar á meðal fjölskyldu sinni, en það hefur ekki alltaf verið svoleiðis. Hún er dóttir fjórðu eiginkonu föður síns og á 37 systkini. Fjölskyldan er afar hefðbundin og fylgir siðum Masai-fólksins. Þannig að fyrst þegar hún hóf baráttu sína snéru elstu bræður hennar við henni bakinu og hættu að tala við hana því þeim fannst hún vanvirða siðina. Í dag hafa þeir mildast í afstöðu sinni og samskiptin eru betri en þeir eru ekki endilega sáttir við starf Susan og vilja sem minnst af því vita. „Afstaða föður míns, sem er háaldraður og á ekki langt eftir ólifað, hefur aftur á móti gjörbreyst. Hann hefur mýkst með aldrinum og sér betur hversu ósanngjarnt hlutskipti kvennanna í fjölskyldunni er. Ég finn að núna þegar dauðinn nálgast þá vill hann tryggja sem best framtíð okkar stelpnanna og eiginkvennanna. Það að faðir minn hafi áhyggjur af stöðu kvennanna gefur mér von um að hugarfarsbreyting sé ekki langt undan.“

## Stúlku bjargað fáeinum tímum fyrir vígsluathöfn

Mary Yanoi er þrettán ára stúlka sem átti að giftast 58 ára gömlum manni. Í undirbúningi fyrir brúðkaupið var skipulögð athöfn þar sem átti að skera af kynfærum hennar með rakvélarblaði. Móðir Mary fékk aftur á móti miklar áhyggjur af dóttur sinni. Hún hefði orðið fjórða eiginkona mannsins og þar af leiðandi mjög neðarlega í virðingarstiganum. Daginn fyrir athöfnina ferðaðist móðirin því um langan veg til að biðja Susan og ABC-skólann um hjálp. Þegar hún kom heim aftur var hún lamin af eiginmanni sínum fyrir að vanvirða fjölskylduna.

Susan fór strax daginn eftir ásamt starfsmönnum ABC-skólans á heimili Mary. Þegar þau komu á staðinn var búið að undirbúa allt í kofanum fyrir skurðinn. En þau ruddust inn og báðu um að fá að tala við foreldrana. Faðirinn varð mjög reiður og ógnandi en Susan gaf ekkert eftir. Hún sagðist geta boðið dóttur hans ókeypis skólavist og uppihald og þannig veitt henni tækifæri á bjartari framtíð. Faðirinn var aftur á móti í klípu. Hann var búinn að lofa eldri manninum dóttur sinni og heiðurinn var í húfi. Þá hótaði Susan því að fara á lögreglustöðina og kæra hann fyrir lögbrot. Það er nefnilega ólöglegt að limlesta kynfæri stúlkna í Kenía, en lögreglan fylgir því ekki eftir og löggjöfin er því afar máttlaus. Hótunin virkaði þó á föður Mary og Susan tók Mary strax út af heimilinu, burt frá aðstæðum sem hún lét sig aðeins dreyma um að vera bjargað frá.

Mary fékk pláss í ABC-skólanum í Naíróbí. Blaðamaður hitti Mary þar, aðeins fáeinum dögum eftir að henni var bjargað, en greinilega naut hún sín í náminu. Þetta er falleg, ung stúlka og erfitt að ímynda sér að ef Susan hefði ekki gripið inn í væri hún nú gift kona í sveitinni og framtíð hennar fullkomlega fyrirsjáanleg – án þess að hún hefði nokkur áhrif þar á.



**13 ÁRA STÚLKA** Mary Yanoi var bjargað sama dag og átti að limlesta kynfæri hennar og gefa hana 58 ára gömlum manni. MYND/GUNNISAL





**MASAI-STÚLKUR** Mary í skólabúningnum fyrir framan ABC-skólann í Naíróbí á sínum þriðja skóladegi og Susan með móður sinni, sem ber skart og klæði að sið Masai-manna, fyrir utan heimili þeirra. MYND/GUNNISAL


Markaðstorginu
lýkur á morgun!
© Inter IKEA Systems B.V. 2012
Markaðsstemningin heldur áfram í IKEA til sunnudags.
Við höfum rýmt til á lagernum og sett upp markaðstorg.
Þú getur gert frábær kaup á völdum vörum, bæði **smávöru og húsgögnum**. **20% aukaafsláttur** er af öllum vörum úr Umbúðalaust. Komdu og gerðu frábær kaup!
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**
IKEA®

# HELGAR

LAU. 11-16 og SUN. 13-17



## Panasonic SJÓNVÖRP

20% AFSLÁTTUR



## WHIRLPOOL UPPÞVOTTAVÉLAR

20% AFSLÁTTUR



Whirlpool

## VÖFFLUJÁRN

PRINCESS

**Princess 132391**
1000w vöfflujárn sem bakar 5 hjartalaga vöfflur. Stillanlegur hiti. Auðvelt að þrífa. Ljós gefur til kynna þegar vafflan er tilbúin.



TILBOÐ 3.995
FULLT VERÐ 5.995

## HRAÐSUÐUKETILL

PRINCESS

**Princess 232144**
Tveggja lítra hraðsuðukanna með vatnsmæli.



TILBOÐ 1.995
FULLT VERÐ 4.995

## 1000W CHEF HRÆRIVÉL

KENWOOD

HITAÞOLINN GLERBLANDARI OG HAKKAVÉL FYLGJA

**Kenwood KMC570**
Silfurlituð 1000W Chef Premier hrærivél með rafrænum hraðastilli og púls. Heldur styrk þó bætist í 4,6 lítra stálskálina. Þeytari, hnoðari, K-járni, hveitibraut, hitaþolinn glerblandari og hakkavél fylgja. Steypt álumgjörð.



TILBOÐ 69.995
FULLT VERÐ 89.995






www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# RTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT




## PHILIPS

## 40.000kr. AFSLÁTTUR

**Philips 42PFT5209**
42" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og Ambilight Spectra 2 baklýsingu. Digital Crystal Clear. 100 Hz Perfect Motion Rate. Ljósnemi sem tekur mið af birtu í herberginu. Stafrænn DVB-C, DVB-T/T2 móttakari. USB, 2x HDMI, Scart, Component og heyrnartólstengi. Optical út og CI rauf. EasyLink o.fl.

TILBOÐ
**129.995**
FULLT VERÐ 169.995

## MONSTER HEYRNARTÓL
## 30% AFSLÁTTUR

DNA / NCREDIBLE / INSPIRATION



## Hurom SAFAPRESSUR
## 15% AFSLÁTTUR



## TÖFRASPROTI

BRAUN

**Braun MQ525**
Öflugur 600w töfrasproti með hnífum úr ryðfríu stáli. Ein hraðastilling + Turbo. Þeytari / 350 ml hakkari og 0.6L skál fylgja.



TILBOÐ
**9.995**
FULLT VERÐ 14.995

## SJÁLFVIRK KAFFIVÉL

DēLonghi

**DeLonghi ESAM4000**
1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn. Býr til gufu fyrir flóaða mjólk og heita drykki. Cappucino System.



TILBOÐ
**59.995**
FULLT VERÐ 79.995

Heimilistæki ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500


RÝMING
LOKADAGAR
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR • 1.000 VÖ
FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR • BOR
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • SSD • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓ
OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAU
-29%
49.990
VERÐ ÁÐUR 69.990
-10.000
99.990
VERÐ ÁÐUR 109.990
-30.000
99.990
VERÐ ÁÐUR 129.990
-25.000
84.990
VERÐ ÁÐUR 109.990
-40.000
139.990
VERÐ ÁÐUR 179.990
-44%
49.990
VERÐ ÁÐUR 89.990
-40%
1.790
VERÐ ÁÐUR 2.990
-7.000
27.990
VERÐ ÁÐUR 34.990
-22%
6.990
VERÐ ÁÐUR 8.990
-70.000
119.990
VERÐ ÁÐUR 189.990
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
8 VERSLANIR
UM ALLT LAND
REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

# ARSALA

## UM HELGINA !

RUR • SÝNISEINTÖK • ÚTLITSGALLAÐ

ÐTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR • TURNKASSAR
ÐURBORÐ • FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • HÁTALARAR

UT • LAUGARDAG 11-16 • SUNNUDAG 13-17

-35.000 114.990 VERÐ ÁÐUR 149.990

-50.000 199.990 VERÐ ÁÐUR 249.990

-30.000 139.990 VERÐ ÁÐUR 169.990

-90.000 189.990 VERÐ ÁÐUR 279.990

-20.000 49.990 VERÐ ÁÐUR 69.990

-33% 59.990 VERÐ ÁÐUR 89.990

-44% 4.990 VERÐ ÁÐUR 8.990

-26% 19.990 VERÐ ÁÐUR 26.990

-28% 12.990 VERÐ ÁÐUR 17.990

-38% 7.990 VERÐ ÁÐUR 12.990

tl.is

TÖLVU LISTINN

| AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

**HONG KONG Í FIMMTÍU ÁR**

**1997** Bretland færir Hong Kong aftur til Kína í samræmi við samning frá 1984. Hong Kong skal öðlast „hátt hlutfall sjálfstæðis“ í 50 ár.

**2004** Kínverjar segjast þurfa að samþykkja allar breytingar á kosningalögum Hong Kong.

**2014**

**Júní-júlí** Lýðræðissinnar halda óopinbera kosningu um pólitískar endurbætur. Stórir kosningafundir haldnir.

**31. ágúst** Kína segist ætla að leyfa beinar kosningar árið 2017 en vill fyrst samþykkja frambjóðendur.

**22. september** Hópar stúdenta ákveða að mæta ekki í kennslutíma í eina viku.

**28. september** Occupy Central og stúdentar sameinast og leggja undir sig miðborg Hong Kong.

**2017** Framkvæmdastjóri kosinn í „beinum“ kosningum.

**2047** Samningurinn frá 1997 rennur út.

# Lýðræðislegar umbætur í limbói

Hong Kong var bresk nýlenda í rúm 150 ár og þekkja íbúar borgarinnar ekki hvað það er að stjórna sér alfarið sjálfir. Þrátt fyrir að Kínverjar leyfi Hong Kong-búum það að mestu eiga þeir samt erfitt með að færa kosningakerfið í lýðræðisátt.



**Freyr Bjarnason**
freyr@frettabladid.is

Hong Kong var eitt sinn bænda- og sjómannasamfélag en margt hefur breyst á undanförnum áratugum og núna er þetta kínverska sjálfsstjórnarhérað iðandi fjármálamiðstöð undir kínverskum og vestrænum áhrifum.

Hong Kong var bresk nýlenda í langan tíma, eða frá 1841 til 1997, ef undan er skilið fjögurra ára tímabil í seinni heimsstyrjöldinni þegar Japanar hernámu nýlenduna. Hong Kong varð hluti af Kína árið 1997 þegar 99 ára leigusamningur sem Bretar gerðu við kínverska Qing-keisaraveldið rann út. Fullt sjálfstæði þekkja Hong Kong-búar því ekki.

Borginni er stjórnað samkvæmt lögmálinu „eitt land, tvö kerfi“. Í því felst að Kínverjar leyfa Hong Kong-búum að stjórna sér sjálfir að mestu leyti og viðhalda efnahagslegu- og félagslegu kerfi sínu næstu fimmtíu árin. Kínversk stjórnvöld eru yfirhöfuð lítt áberandi í Hong Kong og sú hefur einmitt verið raunin í mótmælunum. Þess í stað hefur framkvæmdastjóri Hong Kong, Leung Chun-ying, alfarið séð um samskiptin við lýðræðissinna. Þau hafa ekki verið mikil en einhverjar viðræður áttu þó að hefjast í gær.

Í stjórnarskrá Hong Kong, Grunnlögunum, eru ákvæði um lýðræðislega þróun héraðsins. Þrátt fyrir þau geta kínversk stjórnvöld í höfuðborginni Peking beitt neitunarvaldi gagnvart breytingum á stjórnmálakerfi þess. Lýðræðissinnar eru mótfallnir þessu og telja pólitískar umbætur í Hong Kong ganga hægt fyrir sig.

Í fréttaskýringu á vef BBC kemur fram að kínverski kommúnistaflokkurinn eigi sérstaklega erfitt með að gera breytingar á kosningakerfi Hong Kong en eins og staðan er í dag er helmingur löggjafarþings borgarinnar ekki kosinn í beinum kosningum. Þess í stað eru það hópar hliðhollir kínverskum stjórnvöldum sem annast valið. Til að mynda er framkvæmdastjóri Hong Kong, æðsti maður borgarinnar, kosinn óbeint af kosninganefnd sem er stjórnað frá Peking.

Kínverjar hafa heitið því að leyfa almenningi að kjósa um hver muni gegna stöðu framkvæmdastjórans árið 2017 en vilja að kosninganefnd velji frambjóðendurna. Lýðræðissinnar eru ósáttir við þetta og vilja ekki velja úr handvöldum hópi frambjóðenda, hliðhollum Kínverjum. Yfirvöld þar í landi óttast að þetta gæti grafið undan valdi þeirra yfir Hong Kong og segja mótmælin vera ólögleg skrílslæti. Hafa þau varað við að áframhaldandi mótmæli geti haft slæmar afleiðingar í för með sér.

Kínverjar hafa umsjón með utanríkis- og varnarmálum Hong Kong en borgin hefur samt sinn eigin gjaldmiðil. Efnahagsmál Hong Kong hafa færst frá því að snúast um framleiðslu og í það að byggjast á þjónustu við aðra. Á svæðinu eru stórar miðstöðvar banka og annarra fyrirtækja og hafa þær malað gull fyrir Kínverja í gegnum tíðina. Á móti eru Kínverjar fjölmennasti hópur ferðamanna í Hong Kong, sem hefur skapað miklar tekjur fyrir borgina.




**REGNHLÍFABYLTINGIN** Lýðræðissinni ögrar lögreglunni fyrir framan stjórnarráðið í Hong Kong. Í bakgrunni er hópur mótmælenda með regnhlífar en þær hafa verið eins konar táknmynd mótmælanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

➜ Kínverjar hafa heitið því að leyfa almenningi að kjósa um hver muni gegna stöðu framkvæmdastjórans árið 2017 en vilja að kosninganefnd velji frambjóðendurna.

## Hverjir standa á bak við umrótið í Hong Kong?

Stjórnvöld í Peking standa frammi fyrir sinni mestu áskorun, hvað mótmæli varðar, síðan atburðirnir gerðust á Torgi hins himneska friðar 1989. Tugir þúsunda mótmælenda hafa krafist aukins lýðræðis í fjármálahverfi Hong Kong. Mótmælendurnir eru mestmegnis blanda af stuðningsmönnum lýðræðishreyfingarinnar Occupy Central og stúdentum. Þeir eru ósáttir við ákvörðun kínverskra stjórnvalda um að handvelja frambjóðendur fyrir kosningu æðsta leiðtoga Hong Kong 2017.



**Li Fei**
*Aðstoðarframkvæmdastjóri kínverska þingsins*



**Leung Chun-ying**
*Framkvæmdastjóri HK*



**Benny Tai**
*Leiðtogi Occupy Central*

| Kínversk stjórnvöld | Stjórnvöld í Hong Kong | Mótmælendur |
|---|---|---|
| Kínverska þingið sker úr um Grunnlögin – sem er eins konar stjórnarskrá Hong Kong. Fei sagði að hægt yrði að kjósa næsta leiðtoga héraðsins á lýðræðislegan hátt. | Leiðtogar borgarinnar styðja ákvörðun kínverskra stjórnvalda um kosningarnar og segja mótmælin ólögleg. En ólgan hefur sett leiðtogana í erfiða aðstöðu, mitt á milli óánægðra borgara og Kínverja. | Lýðræðishreyfingin Occupy Central with Love and Peace hratt af stað friðsamlegum mótmælum þar sem krafist er lýðræðislegra kosninga í samræmi við alþjóðlega staðla. |
| En kínverska þingið ákvað að aðeins mætti kjósa um þrjá frambjóðendur, sem 1.200 manna nefnd sem að mestu styður stjórnvöld í Peking, mun velja. | Stjórnvöld þurfa að ræða betur saman um ákvörðun Kínverja varðandi kosningarnar og útbúa frumvarp sem fer í gegnum löggjafarþing Hong Kong. | Tugir þúsunda stuðningsmanna Occupy Central og stúdentar hafa lagt undir sig götur og lokað þannig fjármálahverfi Hong Kong. |




Heimild: South China Morning Post Mynd: Getty Images © GRAPHIC NEWS

## ➜ Íbúar Hong Kong upplifa sig raddlausa

**Sigríður Jónsdóttir mannfræðingur sem stundaði nám í Hong Kong frá 2002 til 2004, var stödd í borginni í ágúst síðastliðnum.**

Hún segist hafa orðið vör við meiri óánægju með samfélagið á meðal íbúanna en þegar hún bjó þar á sínum tíma. „Ég heyrði að fólk var ekki sátt, bæði vegna ágangs kínverskra stjórnmálamanna og kínverskra ferðamanna,“ segir Sigríður og telur að hugarfarið hafi breyst, sérstaklega hjá ungu fólki. „Ég veit að það er mjög stór, þögull hópur af fólki sem er hlynntur kínverskri stjórn.“



Hún segist hafa fylgst með mótmælunum í gegnum vini sína í Hong Kong á Facebook þar sem þeir deila upplifun sinni. „Fólkið sem ég þekki til sem tekur þátt í mótmælunum er á milli tvítugs og þrítugs en hópurinn er mun stærri. Skólinn sem ég fór í er alþjóðlegur skóli og þessir krakkar sem hafa verið að mótmæla eru bæði alþjóðlega þenkjandi og hafa jafnvel búið erlendis í einhvern tíma.“

Sigríður telur að drifkraftur þurfi að komast í mótmælin fljótlega ef mótmælendur ætli að ná sínu fram, t.d. varðandi afsögn framkvæmdastjóra Hong Kong. „Mesta spennan í þessu var fyrstu dagana en fólk er núna að reyna að halda áfram og það getur verið flóknara. Líklegast er að það verði málamiðlun en ég held að kínversk stjórnvöld muni ekki gefa mikið eftir.“ Hong Kong er að hennar mati í skrítinni stöðu. „Þetta er frekar ungt sjálfráða svæði. Ég held að það sem er að gerast sé að þau eru að gera sér grein fyrir því hvaða vald Kína hefur yfir þeim. Þetta snýst mikið um lagasetningu og túlkanir á henni. Hverju stjórnin lofaði þegar hún fékk Hong Kong til baka. Ég held að Hong Kong upplifi sig svolítið raddlausa.“

Sigríður bætir við að margir Kínverjar fari til Hong Kong til að versla og stunda viðskipti. „Kapítalisminn verður svo gríðarlega augljós í Hong Kong. Tungumálamunurinn er mjög skýr og menningarmunurinn er svart og hvítt. Þetta brýst út í alls konar sögusögnum og til dæmis heyrði ég umræður um kínverska njósnara í Hong Kong, sem var ekki til í dæminu fyrir tíu árum.“

## ➜ Enn mögulegt að afstýra harmleik

**Stefán Úlfarsson hagfræðingur, sem er búsettur í Peking, segir að þrátt fyrir mótmælin gangi daglegt líf í borginni fyrir sig eins og ekkert hafi í skorist.**

„Ég held samt að flestir séu meðvitaðir um það sem er að gerast í Hong Kong. En það virðist ríkja þögult samkomulag manna á milli að hafa ekki orð á því,“ segir Stefán.

Spurður hvort atburðirnir í vikunni hafi komið honum á óvart segir hann mótmæli sem þessi nánast óhugsandi á meginlandi Kína. „Hong Kong er öðruvísi. Þar hefur verið í gangi ferli er miðar að því að auka lýðræði íbúanna jafnt og þétt. Síðustu misseri hefur hins vegar komið skýrt í ljós að stjórnvöld í Peking ætla að trufla þessa þróun. Séð í þessu ljósi koma mótmælin mér ekki á óvart. Ég býst við að mótmælendur líti svo á að það sé nú eða aldrei að sporna gegn því að þeir sogist inn í hið staðnaða pólitíska umhverfi Kína.“

Stefáni þykir viðbrögð kínverskra stjórnvalda hafa verið ruglingsleg. „Annars vegar virðist vera í gangi áætlun um að bíða og vona að mótmælin fjari út af sjálfu sér. Hins vegar er stöðugt verið að senda skilaboð sem ganga í þveröfuga átt við það markmið. Yfirlýsingar um að aðgerðir mótmælenda séu ólöglegar og að aldrei verði látið undan kröfum þeirra gera lítið annað en að kynda undir víðtæka óánægju almennings. Þetta minnir um margt á það fum er einkenndi viðbrögð stjórnvalda við lýðræðishreyfingu stúdenta í Peking 1989 og endaði með ósköpum.“

Hann segir kínverska fjölmiðla ekkert fjalla um mótmælin og hvorki sé hægt að fara á Facebook né Twitter. Aðeins sé að finna stöku leiðara eða tilkynningar um afstöðu stjórnvalda til málsins og yfirleitt fylgi engar myndir með nema þær sýni mótmælin í neikvæðu ljósi.

Stefán útilokar ekki að mótmælin muni þróast svipað og í Peking 1989. „Ég tel samt enn mögulegt að afstýra harmleik. Það mun þá sennilega fela í sér einhvers konar málamiðlun sem allir aðilar geta litið á sem áfangasigur,“ segir hann.



Nýtt

FH eða Ztjarnan?
Við zmyrjum að leikzlokum




Nýtt á bragðið

facebook.com/noisirius

NÓI ZÍRÍUS

Brandenburg

## EINS OG REYKJAVÍK !

**Í tilefni Lestrarhátíðar í Reykjavík er komið út nýtt smásagnasafn, Eins og Reykjavík, en í því eru 26 sögur eftir ólíka höfunda sem allar tengjast Reykjavík og valdar hafa verið af Þórarni Eldjárn.**

FÆRT TIL BÓKAR

## Dvergasteinn á arabísku

Barnabókin Dvergasteinn eftir **Aðalstein Ásberg Sigurðsson** kom nýlega út á arabísku hjá forlaginu Al Khayyat Al-Saghir í Beirút í Líbanon. Mazen Maaruf þýddi bókina, en hann hefur á undanförnum misserum verið ötull við að kynna íslenskar bókmenntir fyrir arabískum útgefendum og lesendum.



## Námskeið um Jón Kalman

Í dag frá klukkan 13 til 17 stendur Gerðuberg fyrir bókmenntanámskeiði fyrir lesendur bóka **Jóns Kalmans Stefánssonar.** Umfjöllunarefni námskeiðsins verða bækurnar Himnaríki og helvíti, Harmur englanna og Hjarta mannsins sem saman mynda þríleikinn víðfræga.

Námskeiðið er í höndum Inga Björns Guðnasonar bókmenntafræðings.



## Réttir höfundar afhjúpaðir

Annað kvöld verður afhjúpað hverjir sömdu og þýddu sögurnar í þáttasafninu Styttri ferðum, sem út kom í vor í tímaritröðinni 1005. Listi yfir höfunda og þýðendur var raunar birtur í heftinu, en vísvitandi í rangri röð, og efnt til samkeppni um það hvaða texti tilheyrði hvaða höfundi. Uppátækið var tilraun í viðtökufræðum og hefur meðal annars leitt til þess að lítt kunnum höfundum hefur verið hampað en heimsþekktir höfundar hirtir af ritdómurum – algjörlega út frá textunum.

Verðlaun í bókmenntagátunni verða afhent í nafnaveislu í Djúpinu, í kjallara Hornsins, annað kvöld klukkan 20. Þar koma enn fremur fram fimm af höfundum Styttri ferða og Jón Hallur Stefánsson frumflytur lag af þessu tilefni og réttu efnisyfirliti verður dreift til lesenda 1005. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis á þessa litlu textahátíð, sem er einn af viðburðum Lestrarhátíðar í október.



**HVER SKRIFAÐI HVAÐ?** Kristín Ómarsdóttir er einn höfundanna sem eiga sögu í Styttri ferðum. En hvaða sögu? FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HANNAH KENT** „Sagan er vel skrifuð og mynd hennar af samtíma Agnesar, hörmulegum aðstæðum og nöturlegum örlögum er eftirminnileg.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# „Bændur stundu, stór er syndin …“

BÆKUR ★★★☆☆

**Náðarstund**
Hannah Kent
**ÞÝÐING: JÓN ST. KRISTJÁNSSON**
**JPV-ÚTGÁFA**



Sagan af síðustu aftöku Íslandssögunnar, þegar Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson voru tekin af lífi fyrir tvö morð í Vatnsdalshólum veturinn 1830, hefur orðið uppspretta frásagna og listaverka af ýmsu tagi. Margir af flinkustu sagnaþáttahöfundum íslenskra bókmennta á 19. og 20. öld skrifuðu sögu morðingjanna og fórnarlamba þeirra, gerð hefur verið kvikmynd eftir sögu Agnesar og ekki má gleyma mögnuðu rokklagi Bubba Morthens sem er líklega helsta ástæða þess að margir yngri Íslendingar þekkja söguna. Nú síðast hafa fræðimenn lagst yfir gögn málsins að nýju og dregið fram nýjar hliðar þess, hliðar sem eru ekki að öllu leyti í samræmi við þær sögur sem fólk þekkir af morðunum á Illugastöðum, aðdraganda þeirra og eftirmálum.

Náðarstund, ný skáldsaga eftir Hönnuh Kent, kom út áður en þessar upplýsingar komu fram og sagan sem þar er sögð er að flestu eða öllu leyti í samræmi við eldri frásagnir. Kent er ástralskur rithöfundur sem dvaldi sem skiptinemi á Sauðárkróki á unglingsárum og heillaðist af sögu Agnesar. Náðarstund er fyrsta skáldsaga hennar og hefur farið sigurför um heiminn. Hún er nú komin út í íslenskri þýðingu Jóns St. Kristjánssonar. Þýðing Jóns er mjög góð, hún þræðir einstigið milli nútímamáls og málfars sögutímans vel, bæði í orðfæri persónanna, frásögninni sjálfri og þeim skjölum og bréfum sem koma við sögu.

Ramminn um söguna er dvöl Agnesar á bænum Kornsá, þar sem hún dvelur í varðhaldi síðustu mánuðina fyrir aftöku, hjá hreppstjóranum Jóni, konu hans og tveimur dætrum. Heimilisfólk er tortryggið í garð Agnesar í fyrstu en bregst ólíkt við veru hennar þegar á líður, þetta á ekki síst við um dæturnar tvær en á milli Agnesar og eiginkonunnar, Margrétar, myndast samband sem nálgast vináttu.

Önnur aðalpersóna sögunnar er aðstoðarpresturinn Þorvarður Jónsson sem kallaður er Tóti. Hann er ungur, nýskriðinn úr skóla þegar Agnes óskar eftir því að hann verði sálusorgari hennar þann tíma sem hún er í varðhaldi að Kornsá. Stór hluti frásagnarinnar felst í samtölum Agnesar og Tóta þar sem hún rekur atburðina á Illugastöðum. Lýsingar sögunnar á ævi Agnesar, æsku, veru hennar í ýmsum vistum og lífi hennar með Natani og Sigríði á Illugastöðum eru oft magnaðar og samtöl þeirra séra Þorvarðar í þröngri baðstofunni þar sem aðrir heimilismenn hljóta að heyra til þeirra eru eftirminnileg. Það er á hinn bóginn stundum erfitt fyrir lesandann að gera greinarmun á þessum samtölum og innri eintölum Agnesar, hún rifjar líka upp ævi sína fyrir sjálfri sér. Þarna birtist helsti galli sögunnar, aðrar persónur en Agnes verða veikar og tengsl þeirra við hana eru ekki gerð upp. Séra Tóti er fremur litlítil persóna og hverfur úr sögunni lengi vel og systurnar á Kornsá sömuleiðis.

Agnes sjálf er á hinn bóginn eftirminnileg persóna í meðförum Hönnuh Kent og lýsing hennar ber söguna uppi. Þótt samúðin með henni í sögunni sé augljós er ekki dregin fjöður yfir það að hún er sek, sagan er vel skrifuð og mynd hennar af samtíma Agnesar, hörmulegum aðstæðum og nöturlegum örlögum er eftirminnileg.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Vönduð söguleg skáldsaga um eitt frægasta morðmál Íslandssögunnar, lýsing aðalpersónunnar ber söguna uppi.

# Afskiptaleysi getur verið banvænt

Skáldsagan Leið eftir **Heiðrúnu Ólafsdóttur** segir sögu konu sem hefur ákveðið að stytta sér aldur og undirbýr þann gjörning af kostgæfni. Heiðrún segist hugsa söguna sem innlegg í umræðuna um sjálfsvíg og heimilisofbeldi.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



**HEIÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR** „Ég gæti verið konan sem verður fyrir ofbeldi af hendi maka síns, ég gæti verið barnið sem varð vitni að ofbeldinu eða ég gæti verið vinkona einhverrar sem hefur þessa reynslu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Efnið er svolítið sprottið úr eigin ranni, en þetta er samt alls ekki sjálfsævisöguleg saga,“ segir Heiðrún Ólafsdóttir um skáldsögu sína Leið sem komin er út hjá Sæmundi bókaútgáfu. „Við eigum öll einhverja sögu sem við felum kirfilega fyrir umheiminum. Við funkerum alveg, mætum í vinnuna og stöndum okkur, en oft býr eitthvað undir sem okkur gengur miserfiðlega að lifa með, þunglyndi er nefnilega svo lúmskur fjandi.“

Söguhetja Leiðar, Signý, segir sögu sína í fyrstu persónu og strax á fyrstu síðunum verður ljóst að hún hefur ákveðið að stytta sér aldur. Ástæðurnar fyrir þeirri ákvörðun koma smátt og smátt í ljós í endurlitum hennar, en lesandinn fær samt ekki tilfinningu fyrir því að hún sé þunglynd. „Það er líka eitt af því sem ég vildi koma á framfæri,“ segir Heiðrún. „Maður heldur alltaf að fólk sem sviptir sig lífi geri það af einhverri einni rosalegri ástæðu. Signý er hins vegar raunsæismanneskja og hefur bara komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé ekki þess virði.“

Það er dálítið stór pakki sem Signý hefur á bakinu, hún elst upp við heimilisofbeldi, funkerar ekki í ástarsamböndum og er nýkomin úr brjóstnámi vegna krabbameins. Er það ekki dálítið stór pakki fyrir eina sögupersónu? „Ég velti því einmitt fyrir mér þegar ég var að skrifa söguna, en svona er nú bara lífið, ég þekki konur sem glíma við akkúrat þennan pakka,“ segir Heiðrún. „Þetta er líka sagan um barnið sem gleymdist og ég hugsa um á uppvaxtarárunum og ég held að það sé dálítið algengt hjá fólki af minni kynslóð. Við gengum sjálfala í einhverjum nýbyggingum í Breiðholtinu á meðan pabbi og mamma voru á fullu að vinna fyrir nýju íbúðinni. Þau hugsuðu auðvitað um okkur, en það var bara tíðarandinn að börn ættu að finna út úr lífinu sjálf og það getur haft alvarlegar afleiðingar. Afskiptaleysi getur nefnilega verið banvænt.“

Heiðrún þvertekur fyrir það að Signý endurspegli að nokkru leyti hana sjálfa. „Ég gæti verið konan sem verður fyrir ofbeldi af hendi maka síns, ég gæti verið barnið sem varð vitni að ofbeldinu eða ég gæti verið vinkona einhverrar sem hefur þessa reynslu. Það skiptir bara engu máli. Þessi saga er innlegg í umræðuna um sjálfsvíg og heimilisofbeldi og kannski enn þá frekar hvernig það sem við verðum fyrir í uppvextinum heldur áfram að grassera í okkur ef við gerum ekkert í því. Ég vil að sagan verði hvatning til að fólk þori að segja frá, hætti að byrgja slæma reynslu inni. Svo erum við svo misjafnlega gerð að sumir bara taka svona ákvarðanir og standa við þær þótt lífið reyni að sýna þeim að ákvörðunin sé ekkert endilega rétt. Ákveða bara að nú sé þetta orðið nóg og kveðja.“

> **Maður heldur alltaf að fólk sem sviptir sig lífi geri það af einhverri einni rosalegri ástæðu.**

Leið er fyrsta skáldsaga Heiðrúnar en hún hefur áður sent frá sér tvær ljóðabækur, Á milli okkar allt og Af hjaranum, sem tilnefnd var til Fjöruverðlaunanna í fyrra, hvers vegna valdi hún skáldsöguformið til að segja þessa sögu? „Þetta efni bara kallaði á þetta víð,“ segir Heiðrún. „Það tók töluverðan tíma að finna réttu leiðina til að segja þessa sögu og elstu kaflar bókarinnar eru um tíu ára gamlir. Ég þurfti að taka nokkrar atrennur að henni til að finna réttu sögukonuna, það var alltaf á hreinu að það yrði að vera kona sem segði frá í fyrstu persónu. Svo er maður svolítið smeykur um að þetta verði afgreitt sem einhver kellingabók, bara enn ein konan að segja sína sögu. Ég vona samt ekki og þeir sem hafa lesið bókina hafa verið mjög ánægðir, ég hef fengið mjög jákvæð viðbrögð frá lesendum þannig að ég er bara nokkuð keik.“






Pfaff Expression 3,2: 179.900 kr.
**Tilboð 150.000 kr.**



Husqvarna E-20: 44.900 kr.
**Tilboð 37.900 kr.**



Brother M1034D: 64.900 kr.
**Tilboð 49.900 kr.**



Husqvarna Emerald 118: 64.900 kr.
**Tilboð 49.900 kr.**



Husqvarna Opal 650: 109.900 kr.
**Tilboð 94.900 kr.**

## SÝNIKENNSLA Í VERSLUN PFAFF

**Föstudagur, 3. okt. kl. 15-18**
**Laugardagur, 4. okt. kl. 11-16**

- Sérfræðingur frá Pfaff og Husqvarna í Svíþjóð sýnir hvernig saumavélarnar vinna.
- Sýnikennsla í kvenfatasaumi – ný snið, ný efni. Hólmfríður Ólafsdóttir klæðskeri í samvinnu við Föndru.

**PFAFF** - Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 414 0400 - www.pfaff.is

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

ENNEMM / NM64744

## 8 UPPÁHALDS-ÖPPIN



Birgitta Jónsdóttir
þingmaður Pírata

**TRIPIT**
Frábær leið til að fá upplýsingar um stöðu á flugi og til að halda utan um ferðalög.

**VEÐUR**
Því það er síbreytilegt og gagnlegt eftir að ég fór að ferðast meira um á reiðskjóta.

**TWITTER**
Þar eru ferskustu fréttirnar – ef maður fylgist með rétta fólkinu og fréttaveitunum.

**XIÐ**
Mjög gott app til að hlusta á uppáhaldsútvarpsstöðina og fylgjast með hvað fer næst í spilun.




**SPOTIFY**
Þar finnast gersemar, nýjar og gamlar.

**QUIZUP**
Skemmtilegt app til að viðhalda yfirborðsþekkingu.

**CHATSECURE**
Til að eiga örugg og dulkóðuð samskipti.

**GOOGLE MAPS**
Til að forðast villur vegar.

# Spá 400 prósent vexti snjallúrasölu

**Þrátt fyrir að fjölmörg fyrirtæki hafi framleitt snjallúr hafa neytendur ekki tekið þeim opnum örmum. Enn er þróun úranna mikilvæg og nauðsynlegt að þau lækki í verði. Greinendur telja að á næstu árum muni markaðurinn sem og úrin sjálf taka stakkaskiptum.**

Samúel Karl Ólason
samuel@365.is



Fjölmörg tæknifyrirtæki, eins og Apple, Google, Samsung, LG, Motorola, Sony og mörg fleiri, hafa markaðssett snjallúr á síðustu misserum, en þó hefur markaðurinn ekki tekið við sér eins og þau höfðu vonast eftir. Greinendur segja þó að markaðurinn muni taka stakkaskiptum á næstu árum og að snjallúr fari frá því að vera eitthvað sem „nördar“ sækjast í yfir í það að almenningur taki þeim opnum örmum.



Með stækkun markaðarins munu fjölmörg smærri fyrirtæki framleiða snjallúr, en þrátt fyrir það segja greinendur að lítið verði um tækninýjungar. Þróun og hönnun snjallúra muni snúast í kringum stýrikerfi sem þegar séu til og getu þeirra. Þar að auki eru snjallúr að verða að tískuvöru í stað raftækja og sem dæmi fékk Apple heimsfrægan hönnuð til þess að taka þátt í þróun Apple Watch-snjallúrsins, sem kynnt var í síðasta mánuði.

„Það er best að horfa á snjallúr sem hagnýtan fylgihlut frekar en raftæki,“ segir Sweta Dash, framkvæmdastjóri rannsókna hjá markaðsrannsóknafyrirtækinu IHS.

**Gífurleg stækkun markaðar**

Markaðsfyrirtækið Juniper Research telur að markaðurinn fyrir snjallúr muni hafa fjórfaldast árið 2017. Þá hafi 116 milljónir slíkra úra selst, samanborið við 27 milljónir á þessu ári. Þá telja þeir að snjallúrin muni ryðja hlaupaúrum úr vegi, þar sem flestir, ef ekki allir, notkunarmöguleikar hlaupaúra séu fáanlegir í flest snjallúr.

Þó segja þeir að það verði ekki fyrr en árið 2017 sem fleiri einstaklingar muni eiga snjallúr en hlaupaúr. Rannsakendur IHS halda því fram að árið 2023 muni um 800 milljónir snjallúra hafa komið í hillur verslana, samanborið við 54 milljónir núna í ár. Enn eitt greiningarfyrirtækið segir að sölutölur snjallúra muni hækka um allt að 400 prósent á næsta ári.

Tæknifyrirtæki sjá mikil tækifæri í því að þróa og selja snjallúr sem tengjast sérstaklega snjallsímum fyrirtækjanna. Þannig vonast þeir til að auka mjög tekjur sínar frá sömu notendum. Líklegt þykir að einn af hverjum tuttugu snjallsímum verði tengdur snjallúri innan nokkurra ára.

IHS segir þróun teygjanlegra skjáa vera lykilatriði í þróun snjallúra. Slíkir skjáir hafi þegar opnað nýja möguleika í þróun og hönnun þeirra. Einnig þurfi að þróa skjái sem noti ekki mikið rafmagn. Þannig hefur LG hafið framleiðslu á skjáum sem haldið geta upplausn sinni án orku. Þannig er hægt að draga verulega úr rafmangsnotkun snjallúra.



**EITT AF MÖRGUM**
JK Shin, framkvæmdastjóri þróunar- og farsímasviðs Samsung, kynnti Galaxy Gear-snjallúrið á tæknisýningu í Berlín í síðasta mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFPNORDIC

> „Það er best að horfa á snjallúr sem hagnýtan fylgihlut frekar en raftæki.
>
> *Sweta Dash, framkvæmdastjóri rannsókna hjá IHS*

**116 MILLJÓNIR**
**SNJALLÚRA** VERÐA Í NOTKUN ÁRIÐ 2017

**800 MILLJÓNIR**
**SNJALLÚRA** MUNU HAFA KOMIÐ Í HILLUR VERSLANA ÁRIÐ 2023

**Þrjú atriði nauðsynleg**

Til þess að neytendur taki snjallúrin í almenna sátt og þau geti leyst gömlu góðu úrin af, eru þrjú atriði sem þau þurfa að uppfylla. Getan þarf að vera í lagi. Þar er átt við endingu rafhlaðna og hve öflug þau eru. Þá þurfa þau að líta vel út. Einnig þarf viðmót þeirra að vera þægilegt og þau auðveld í notkun. Auk þessara þriggja atriða þurfa snjallúr að lækka í verði. Þar til þessi atriði náist að fullu er ekki víst að markaðurinn muni taka það stökk sem greinendur reikna með.

HENSON
LAGERSALA
Aðeins í 3 daga
Laugardag 4. október kl.11-18, sunnudag 5.október kl.11-18
og mánudag 6. október kl.11-18
Staðsetning: Brautarholti 24
HENSON

## Frelsi og sköpunargleði í ævintýralegri veröld




**MINECRAFT** ★★★★☆
XBox **NETLEIKUR**

Fimm ár eru síðan sænski tölvuleikjaframleiðandinn Mojang kynnti Minecraft til sögunnar. Sú þróun sem hefur átt sér stað síðan þá er einu orði sagt ævintýraleg. Samfélag leikjaspilara tók leiknum með opnum örmum og Minecraft dafnaði vel á PC. Á endanum var leikurinn gefin út á Xbox 360-leikjavélina í nánast óbreyttri mynd. Uppfærð útgáfa er nú fáanleg á nýrri kynslóð (Xbox One, PS4) og framtíð Minecraft hefur aldrei verið jafn björt.

Spilarinn finnur sig nú í veröld sem er 36 sinnum stærri en á fyrri kynslóð. Með ekkert nema kort í hönd hefst ævintýrið, frelsið sem fylgir því að spila Minecraft er einstakt í leikjaheiminum. Engar reglur og sköpunargleðin ræður ríkjum.

Mojang nýtir sér tækjakost nýju kynslóðarinnar til fulls. Útlit leiksins er fágaðra, með örlitlum breytingum sem vanir spilarar munu vafalaust gleðjast yfir. Þrátt fyrir þetta er hin kunnuglega fagurfræði Minecraft til staðar.

Uppátæki spilara í Minecraft eru oft á tíðum makalaus (einn metnaðarfullur bjó til starfhæfan 1Kb harðan disk í PC-útgáfunni um daginn). Engu að síður er leikjatölvu-útgáfa Minecraft háð eðlislægum takmörkunum sem ekki er að finna á PC. Netspilunin getur verið leiðinleg og fyrirframgefinn arkitektúr hugbúnaðarins er óhagganlegur (ekkert „modding“).

Minecraft á nýrri kynslóð leikjatölva er stórkostleg upplifun og þeir sem ekki hafa kynnst Minecraft í öllu sínu veldi ættu að næla sér í eintak hið snarasta. **Kjartan Hreinn Njálsson**

## UMBREYTING Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

**Umbreyting eftir brúðulistamanninn Bernd Ogrodnik verður sýnd í Þjóðleikhúsinu næstu þrjár helgar. Um er að ræða sérstaka ferðaútgáfu sem er sértaklega fjölskylduvæn. Bernd heldur svo í heimsreisu með sýninguna.**



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga
rétt á aðstoð
og hjálp ef
þau lenda
í ofbeldi

Eru ekki allir örugglega að fá sér D vítamín núna?



3 mánaða skammtur

DLUX 1000
handhægi D-vítamín úðinn, hámarksnýting
BetterYou
www.gengurvel.is
Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

Eitt mest selda fitubrennsluefnið í heiminum í dag!

Aukakílóin burt á heilsusamlegan hátt!



Karen Hauksdóttir

„Losnaði við sykurþörfina og 9 kíló farin frá í vor!“

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“



GMP vottað hráefni
* í flestum apótekum

# FEMARELLE BJARGAÐI LÍÐAN MINNI

**ICECARE KYNNIR** *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Ég hef notað Femarelle í nokkra mánuði og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru,“ segir Valgerður Kummer Erlingsdóttir.

„Ég er komin á þann aldur þegar konur byrja að finna fyrir breytingum en þannig var það hjá mér áður að ég var farin að svitna mikið yfir daginn og var ég oft með skapsveiflur, jafnvel að ástæðulausu. Ég var ekki sátt við þessa líðan, ég fékk hormónatöflur hjá lækninum en var aldrei róleg yfir að nota þær. Mér líður núna svo miklu betur en áður, og jafnvel betur en þegar ég var að nota hormónatöflurnar. Ég tek yfirleitt bara eitt hylki á dag, en stundum tvö þegar ég er í miklum hita á sumrin. Ég er svo ánægð að ég mæli með Femarelle við allar mínar vinkonur og ég veit að nokkrar eru að nota það líka. Femarelle hefur hjálpað mér alveg ótrúlega mikið og bjargað líðan minni,“ segir Valgerður.



**LÍÐUR MIKLU BETUR** Femarelle hefur hjálpað Valgerði mikið en hún fann áður fyrir skapsveiflum og svitnaði mikið. MYND/GVA

### ENDURHEIMTI FYRRA LÍF

„Mér hafði ekki liðið nógu vel í svolítinn tíma, ég er á lyfjum við sykursýki og vegna veikinda í skjaldkirtli,“ segir Eva Ólöf Hjaltadóttir. „Ég hafði þyngst vegna lyfjanna og hef ég einnig verið með gigt og haft verki vegna þess. Mér fannst ekki gott að vera í hávaða og var því mjög mikið að einangrast frá félagslífi. Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, ég vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Ég las umfjöllun í blaðinu um Femarelle og leist vel á að prófa náttúrulega og hormónalausa meðferð sérstaklega þar sem ég sá að þau geta linað verki. Ég hef núna notað Femarelle í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn, fer einnig í sund á hverjum degi og sæki félagsvistina og fer í bingó vikulega.



**EVA ÓLÖF HJALTADÓTTIR**



**SÖLUSTAÐIR**
Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.

**UPPLÝSINGAR**
www.icecare.is og Femarelle á Facebook.

Frón
Hafðu það Kósý
tværómótstæðilegar tegundir
Hjúpaðar kókoskökur með súkkulaðibitum
Hjúpaðar piparmintukökur með súkkulaðibitum



Fæst í næstu verslun
Frónkex kemur við sögu á hverjum degi...
www.fronkex.is







**VIDDI, ELSA EÐA SIMBI** Þór Breiðfjörð syngur lög úr þekktum teiknimyndum í Salnum á morgun ásamt Felix Bergssyni og Valgerði Guðnadóttur. MYND/STEFÁN

# ÆRSLAST MEÐ DISNEY

**SKEMMTILEGT** *Þór Breiðfjörð, söngvari og leikari, syngur þekkt lög úr teiknimyndum í Salnum á morgun ásamt Valgerði Guðnadóttur og Felix Bergssyni. Tónleikarnir voru fyrst fluttir í vor og komust þá færri að en vildu.*

Fólk á öllum aldri kom á tónleikana í vor, börn, foreldrar, ömmur og afar. Þór á von á að sjá jafnmörg andlit á morgun. „Það myndaðist einstök stemning, börnin sungu með af innlifun, enda þekkja þau lögin ekki síður en foreldrarnir,“ segir Þór sem er menntaður í söngleikjatónlist frá Arts Educational London Schools.

Þór söng í mörgum þekktum söngleikjum í London þar sem hann bjó í ellefu ár. Meðal þeirra eru Vesalingarnir, Superstar og Óperudraugurinn. Einnig tók hann þátt í Rómeó og Júlíu-ævintýri Vesturports á West End. Hann flutti síðar til Kanada þar sem hann starfaði í þrjú ár. Eftir heimkomu vakti Þór mikla athygli í uppfærslu Þjóðleikhússins á Vesalingunum og hlaut Grímuna fyrir frammistöðu sína.

**HAKÚNA MATATA**

Frá því hann flutti heim árið 2010 hefur hann tekið að sér hin fjölbreyttustu verkefni. Meðal annars hafa þau Valgerður farið um landið og sungið söngleikjatónlist. „Teiknimyndalögin komu í framhaldinu og þar sem Felix, ekki síður en Valgerður, er þekkt rödd úr svo mörgum myndum var frábært að fá hann til samstarfs,“ segir hann. „Lögin þekkja allir og við erum grallarar sem höfum gaman af því að ærslast svolítið á sviðinu. Það seldist upp á tvenna tónleika í vor en við höfðum ekki tök á að halda fleiri þannig að upplagt var að taka upp þráðinn að nýju núna. Þakið ætlaði beinlínis að fljúga af Salnum þegar við sungum Hakúna Matata úr Lion King svo mikil var hrifningin. Síðan þekkja allir lagið Vinur minn úr Toy Story.“

Þór og Valgerður stýra söngleikjadeild Söngskóla Sigurðar Demetz annað árið í röð. „Við erum að gera nýja hluti með þessari deild en okkur fannst vanta þjálfun á þessu sviði. Deildinni hefur verið afskaplega vel tekið. Við erum að þróa námskrá fyrir deildina með leyfi menntamálaráðuneytisins, þetta er ekki vetrarnámskeið heldur söngnám sem endar með prófum.“

**EÐAL JÓL**

Þór er sömuleiðis að undirbúa tónleika með Kristjönu Stefánsdóttur, söng- og leikkonu, sem verða í næsta mánuði. „Þetta verða frásagnir og undurfalleg lög en þemað er börn og foreldrar á Íslandi í gegnum aldirnar. Mínir fyrstu jólatónleikar verða síðan 28. nóvember í Salnum. Þeir heita Jól í stofunni en þar mun ég flytja klassísku jólalögin. Ég verð meðal annars með gömlu meistarana, Bing Crosby, Nat King Cole og Hauk Morthens en þeir hafa gert þessi yndislega fallegu jólalög að perlum. Þetta á að vera afslappað og notalegt kvöld, líkt og sjónvarpsþáttur því ég ætla að spjalla meðfram lögunum í jólalegu umhverfi,“ segir Þór. „Ég hef strax fengið fín viðbrögð og er farinn að hlakka mikið til.“

**ÚTIVIST OG HUNDAÞJÁLFUN**

Um helgina er nóg að gera hjá Þór. „Ég er að syngja í einkasamkvæmi í dag, síðan eru það teiknimyndalögin á morgun. Við verðum líka með æfingar svo það verður nóg að gera,“ segir hann. Þór tekur að sér söng í jarðarförum, brúðkaupum og stærri veislum auk þess sem hann er vinsæll veislustjóri. Þór er kvæntur Hugrúnu Sigurðardóttur en þau eiga soninn Kristin, sem nýlega hóf nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð. „Hann var að þreyta próf fyrir Hamrahlíðarkórinn og stóð sig með prýði. Við erum tveir stoltir feður og söngvarar, ég og Gunnar Guðbjörnsson, sem eigum syni í kórnum,“ segir ánægður faðir.

Þegar Þór er spurður um áhugamálin er hann fljótur til svars. „Okkur hjónunum finnst gaman að elda góðan mat, smakka góð rauðvín auk þess sem ég er maltviskí-áhugamaður. Ég hef einnig mikinn áhuga á hundaþjálfun en við eigum hundinn Glóa. Auk þess er ég mikill útivistarmaður og hef gaman af að njóta íslenskrar náttúru. Við reynum alltaf að komast út fyrir borgarmörkin, upp á heiðar á vorin og á sumrin, en foreldrar mínir eru sömuleiðis útivistarfólk.“

**GAMLAR REVÍUR**

Söngleikir eru ekki algengir hér og Þór tekur undir það. „Vissulega er ekki mikið um söngleiki og sannarlega eru þeir vinsælir. Hér eru fá atvinnuleikhús en mikill metnaður, mörg leikverk frumsýnd á hverju ári. Þess vegna er kannski erfiðara að koma söngleikjum fyrir.“

***Er kominn tími á gömlu revíurnar og miðnæturskemmtanir eins og Leikfélag Reykjavíkur setti upp?***

„Það er eiginlega fyrirtaks hugmynd. Gamla bíó er yndislegt hús fyrir söngleiki. Ég væri að minnsta kosti til í eitthvað slíkt,“ segir Þór. ■ elin@365.is












## DRAGA ÚR ÞREYTU OG ÞRÓTTLEYSI

Berocca hentar þeim sem stunda líkamsrækt af fullum krafti og eins þeim sem sjá fram á tímabundna áreynslu.

# FERSKUR OG BEITTUR

**ICEPHARMA KYNNIR** *Steinar Sigurðarson einkaþjálfari notar Berocca-freyðitöflurnar til að vakna hress og til að halda sér á tánum í annríki hvers dags.*

Það er alltaf verið að bjóða mér fæðubótarefni og vítamín til að prófa en ég er mjög skeptískur á allt slíkt. Mér er alveg sama hvort ég fæ slíka hluti gefins eða ódýrt, ég met þá bara út frá því hvort þeir gera eitthvað fyrir mig. Ég ákvað þó að láta til leiðast að prófa Berocca og fannst það virka vel,“ segir Steinar Sigurðarson, einkaþjálfari og saxófónleikari.

Steinar byrjar alla daga með því að blanda Berocca-freyðitöflu í kalt vatn og fá þannig ferskan drykk. „Mér finnst rosalega gott að fá mér þetta á morgnana, ég þarf ekki nema einn sopa til að vakna vel,“ segir Steinar sem finnst hann beittari og ferskari með aðstoð Berocca.

Steinar er einkaþjálfari og kennir nokkra tíma í Boot Camp í hverri viku. Hann keppir reglulega, hefur í mörg ár tekið þátt í þrekmótaröðinni og náð á pall í hverri keppni. Um síðustu helgi tók hann þátt í tveimur flokkum í Lífsstílsmeistaranum í Keflavík og sigraði í báðum. Þá keppir hann einnig í CrossFit. „Þegar ég er að keppa fæ ég mér Berocca oftar yfir daginn til að halda öllum vítamínunum og steinefnunum í líkamanum,“ segir Steinar. Hann mælir hiklaust með Berocca fyrir þá sem stunda líkamsrækt af fullum krafti.

**LANGIR DAGAR Í TÓNLISTINNI**

Steinar er saxófónleikari og starfar sem slíkur meðfram einkaþjálfuninni. Hann er svokallaður session saxófónleikari og hefur spilað með öllum helstu poppurum á Íslandi, Jónasi Sig, Bubba Morthens, Sálinni og fjölda annarra. „Ég spila mikinn djass og spila oft niðri í bæ með hinum og þessum, bæði fönk og djass,“ segir Steinar. Hann hefur mælt með Berocca við vini sína í tónlistarbransanum sem oft þurfa að vinna langa vinnudaga. „Ég veit að menn hafa verið að nota þetta til dæmis ef þeir þurfa að vera allan daginn og fram á kvöld að undirbúa sýningu. Berocca hjálpar mönnum að halda sér á tánum enda er það nauðsynlegt á sýningum þar sem ekkert má klikka.“

**ÞARF EKKI ÖNNUR VÍTAMÍN**

Þegar Steinar byrjaði að taka Berocca ákvað hann um leið að hætta að taka önnur vítamín. „Það þarf ekkert annað,“ segir hann.

Steinar tók sér langan tíma til að mynda sér skoðun á Berocca og er nú sannfærður um ágæti þess. Þó hann sjálfur fái sér Berocca daglega segir hann það einnig henta fólki sem sjái fram á tímabundna áreynslu, til dæmis fjallgöngu eða slíkt.

**BEROCCA PERFORMANCE**

Freyðitöflurnar Berocca Performance innihalda einstaka samsetningu af B- og C-vítamínum í stórum skömmtum auk þess að innihalda bæði magnesíum og sink. Þessi bætiefni eiga það flest sameiginlegt að vera mjög mikilvæg fyrir starfsemi heilans og taugakerfisins en skortur á þeim getur meðal annars valdið depurð, þreytu og pirringi.

Töflurnar eru leystar upp í vatni og henta vel fólki sem er önnum kafið eða undir miklu álagi.

Berocca er framleitt með það í huga að bæta frammistöðu líkama og hugar. Varan er klínískt prófuð og rannsóknir sýna að Berocca Performance dregur úr þreytu og þróttleysi og bætir frammistöðu.

Berocca er án sykurs og rotvarnarefna.

Ráðlagt er að drekka Berocca daglega til að ná sem bestum árangri.

Berocca er framleitt af hinu virta fyrirtæki Bayer Healthcare og hefur verið á markaði í yfir 19 ár.



**EINKAÞJÁLFARI OG TÓNLISTARMAÐUR** Steinar Sigurðarson fær sér alltaf Berocca á morgnana og fer þannig hressari inn í daginn. MYND/ERNIR

**SÖLUSTAÐIR**

Berocca-vörurnar fást í öllum helstu apótekum landsins sem og í Krónunni, Hagkaup, Heimkaupum, Nettó og Víði.













1 dós = 90 rauðrófur

Sykursýki

*Sykursýki veldur skemmdum á æðum.*

SUPER**BEETS** *eykur Nitric Oxice í líkamanum (30 mínútum eftir inntöku) sem bætir blóðflæði og jafnar blóðsykur svo minni líkur eru á æðaskemmdum af völdum sykursýki. Hand og fótkuldi minnkar og minni líkur eru á augnbotnaskemmdum.*

SUPER**BEETS YFIRBURÐIR**

*Ráðlagður dagsskammtur fyrir Nitric Oxide áhrif fyrir eðlilegt blóðflæði*



# HANDVERK OG HÖNNUN 20 ÁRA

**SÝNING Í RÁÐHÚSINU** *Sýning á völdum verkum verður opnuð í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í dag í tilefni tuttugu ára afmælis Handverks og hönnunar. Mennta- og menningarmálaráðherra flytur ávarp við athöfnina. Sýningin stendur til 9. október.*

Við höfum náð umtalsverðum árangri á þessum árum en það er meira hægt að gera, það liggja ótal tækifæri á þessu sviði,“ segir Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar, sem fagnar tuttugu ára starfsafmæli með sýningu í Tjarnarsal Ráðhússins.

Sjálfseignarstofnunin Handverk og hönnun var stofnuð árið 2007 og tók við af samnefndu verkefni sem stofnað var af forsætisráðuneytinu árið 1994. Markmið hennar er að stuðla að eflingu handverks, listiðnaðar og hönnunar á Íslandi.

„Handverk og hönnun stendur fyrir stórri sýningu tvisvar á ári í Ráðhúsinu þar sem handverksfólk og hönnuðir koma verkum sínum á framfæri. Gæðanefnd velur inn á sýningarnar og í henni situr fagfólk,“ útskýrir Sunneva.

„Einnig eru settar upp þemasýningar og gefið út fréttabréf til 1.200 aðila. Námskeið og fræðsla er einnig stór hluti starfsins og við förum meðal annars um allt land með fyrirlestra og setjum upp sýningar. Það er mikilvægt að tala ekki einungis um gæði heldur sýna gæði og við sjáum að starfið er að skila sér.“

Sýningin verður opnuð í dag klukkan 16 með ávarpi Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra. Á henni eru valin verk sem hafa orðið til í tengslum við sýningar Handverks og hönnunar síðustu tuttugu ár. Elísabet V. Ingvarsdóttir valdi muni á sýninguna.

Sýningin mun standa til 9. október og er opin alla daga frá kl. 12-18.


HELGA PÁLÍNA BRYNJÓLFSDÓTTIR


ARNA GUNNARSDÓTTIR


HELGI BJÖRNSSON


HELGA R. MOGENSEN











Þú getur skoðaða fleiri myndir á facebook síðu okkar glitter mottur

# Mottur.is

## Glitter mottur

Verslunin **Mottur.is** er eini aðilinn á Íslandi sem eingöngu selur Glitter mottur.

Við bjóðum eingöngu hágæðamottur úr polyester,
sem þýðir lengri endingu og auðveldari þrif á mottunum.



**3 stærðir**
120x150, 140x200 og 170x240

**30%** afsláttur
af eldri gerðum

**Opnunartími**
13-18 alla virka daga
og 13-16 á laugardögum

Erum staðsett í
**Hokkí & Sport**
Faxafeni 8, 2 hæð
sími 588 9930

# TITLINUM EKKI SKIPT TIL HELMINGA

**HREINN ÚRSLITALEIKUR** *Stjarnan og FH spila hreinan úrslitaleik í dag um Íslandsmeistaratitil karla í fótbolta. Mikil stemning og eftirvænting er meðal stuðningsmanna beggja liða en karlalið Stjörnunnar hefur aldrei orðið Íslandsmeistari í fótbolta.*





MYND/STEFÁN

**RAFMÖGNUÐ STEMNING** „Ég held að Stjarnan vinni, það er bara svoleiðis," segir Andrés B. Sigurðsson, stuðningsmaður Stjörnunnar til 27 ára.

Hreinn úrslitaleikur fer fram í dag í Pepsi-deild karla í fótbolta þegar Stjörnumenn úr Garðabæ mæta FH á heimavelli þeirra síðarnefndu í Hafnarfirði. Leikurinn er lokaleikur sumarsins og er búist við hátt í 6.000 áhorfendum á völlinn. Lið FH hefur unnið sex Íslandsmeistaratitla frá árinu 2004 en Stjörnumenn hafa hæst náð þriðja sæti deildarinnar. Þeir geta því landað fyrsta meistaratitli sínum í karlaflokki og óhætt að segja að stemningin meðal stuðningsmanna liðsins sé rafmögnuð. Einn þeirra er Andrés B. Sigurðsson sem fylgt hefur liðinu lengi en hann var formaður knattspyrnudeildar Stjörnunnar á árunum 1987-1989 og aftur 2007 til 2009. Hann segir stuðningsmenn liðsins hafa lengi beðið eftir þessum degi. „Við áttum alveg eins von á þessum góða árangri þegar mótið hófst í vor enda markið alltaf sett hátt hér í Garðabænum. Það er búið að tala um þennan leik í margar vikur. Það vissu allir af þessum lokaleik og þegar líða tók á mótið sáu menn að þetta gæti verið mögulegur úrslitaleikur. Þannig að nú er bara lokaleikurinn eftir, bikar eða enginn bikar. Honum verður ekki skipt til helminga."

Leikurinn hefst kl. 16 en dagurinn verður tekinn snemma hjá Andrési og öðrum Stjörnumönnum. „Ætli við hvílum okkur ekki vel fyrir átökin en svo hittast Stjörnumenn á öllum aldri á Garðatorgi þar sem vafalaust verður boðið upp á skemmtilega upphitun fyrir börn, unglinga og okkur gömlu karlana. Ég hef fulla trú á mínum mönnum gegn öflugu liði FH sem hefur stærsta og sterkasta leikmannahóp ársins. Við höfum oft glímt við þá og undanfarin 3-4 ár höfum við haft betur, ef ég man rétt. Við eigum þó öfluga menn sem byrja leikinn og þeir mæta tilbúnir til leiks. Ég held að Stjarnan vinni, það er bara svoleiðis."

**SILFURSKEIÐIN MIKILVÆG**

Þegar Andrés tók við formennsku deildarinnar árið 1987 var Garðabær að stækka og íbúum fjölgaði jafnt og þétt. „Á þessum árum verður til mjög sterk kynslóð knattspyrnustráka sem fæddir eru á árunum 1969-1971. Foreldrar þessara stráka, ásamt fleirum, komu mjög sterkt að uppbyggingu deildarinnar og á þessum tíma varð til sterkur og metnaðarfullur kjarni fólks sem byggði deildina upp. Seinna meir urðu þessir sömu strákar þátttakendur í því starfi. Í upphafi var það nefnilega þannig að gamlir KR-ingar, Valsmenn, Víkingar og Framarar voru foreldrar þessara stráka en undanfarin ár hefur risið upp önnur kynslóð Stjörnustráka og -stelpna auk forystumanna sem er grunnurinn að félaginu." Sjálfur er Andrés alinn upp í Vogahverfinu í Reykjavík, innan um fræga Framara að eigin sögn.

Það hefur verið góð stemning á heimavelli Stjörnunnar í sumar að sögn Andrésar. „Stuðningsmannahópur okkar, Silfurskeiðin, á auðvitað gríðarlega miklar þakkir skildar fyrir stuðninginn síðustu árin. Hann er sannarlega ómetanlegur. Þeir hafa verið duglegir við að hvetja leikmennina áfram þegar þeir slá slöku við. Þeir verða vafalaust vel stemmdir í dag ef ég þekki þá rétt enda ætla þeir sér titilinn eins og aðrir Stjörnumenn."

**ÓMISSANDI**

Liðsmenn Silfurskeiðarinnar veita ómetanlegan stuðning á leikjum liðsins.








# EINFALT, FLJÓTLEGT OG FALLEGT

*Haustið skartar sínu fegursta um þessar mundir. Þeir sem vilja njóta þess til hins ýtrasta ættu að fara út að tína greinar, köngla og lauf og færa þannig litadýrðina inn í hús.*

■ **Það getur verið ótrúlega lítið mál að útbúa hlýlega haustskreytingu til að prýða heimilið. Hér eru nokkur dæmi.**



**LÍTILL TILKOSTNAÐUR** Takið til bakka og nokkur mishá glös. Snúið þeim á hvolf. Setjið laufblöð, köngla eða þurrkuð blóm inn í hvert glas og kerti á botninn.

DIY.WEDDINGBEE.COM



**HLÝLEGT** Takið til glæra krukku, setjið haustlauf í botninn og kertaglas ofan á.

LOVETHISPIC.COM



**HIN MESTA PRÝÐI** Tíndu greinar og settu í fallegan vasa. Þær eru hin mesta prýði.

LHJ.COM


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT

# MANNAUÐSSTJÓRI

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði óskar eftir að ráða mannauðsstjóra í fullt starf. Mannauðsstjóri starfar á skrifstofu forstjóra.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum. Gert er ráð fyrir að mannauðsstjóri hefji störf fljótlega.

**HELSTU VERKEFNI:**

- Þróun- og viðhald mannauðsstefnu.
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda.
- Umsjón og þróun starfsmanna-handbókar.
- Aðstoð við gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana.
- Samskipti við stéttarfélög, framkvæmd kjarasamninga, réttindamál og aðbúnaður.
- Umsjón með sí- og endurmenntun.
- Yfirumsjón með launavinnslum.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í störfum, faglegur metnaður, frumkvæði og góð skipulagshæfni.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

**UMSÓKNIR:**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, www.radum.is. Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir hjá Ráðum atvinnustofu, hildur@radum.is, í síma 519 6770. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

ráðum atvinnustofa

UMSÓKNARFRESTUR
25. október nk.

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

---

Capacent Ráðningar

# LÖGFRÆÐINGUR Á SVIÐI TOLLA- OG SKATTAMÁLA

**Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskar eftir að ráða í starf lögfræðings á sviði skatta- og tollamála. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Ráðuneytið annast undirbúning og gerð lagafrumvarpa á sviði skatta og tolla og hefur umsjón með skattalöggjöf almennt. Jafnframt gegnir það stjórnsýsluhlutverki gagnvart skattyfirvöldum, tollstjóra og innheimtumönnum ríkissjóðs.

Helstu verkefni lögfræðingsins eru undirbúningur og gerð lagafrumvarpa á sviði tollamála og skatta, umsjón og afgreiðsla stjórnsýsluerinda. Lögfræðingurinn starfar í teymi sem ber ábyrgð á verkefnum er varða tekjuöflun ríkissjóðs og mótun stefnu í þeim efnum í samráði við yfirstjórn ráðuneytisins og hagsmunaaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögum
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði
- Góð kunnátta í ensku er nauðsynleg og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Reynsla á sviði skattamála er kostur og sömuleiðis þekking á sviði hagfræði eða viðskiptafræði
- Gerð er krafa um mikla samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og hæfileikar til að vinna í teymum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.
Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

---

# CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Á hverju ári ráða Capacent Ráðningar hundruð einstaklinga í störf hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VERKEFNASTJÓRI

**Öflugt fyrirtæki í fataframleiðslu á Höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín úrræðagóðan verkefnastjóra í framleiðsludeild. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið:**
- Umsjón með framleiðslu, pöntunum og verðútreikningum
- Samskipti við birgja
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Skipulagning verkefna
- Verkefnavinna í Navision og Excel

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði
- Hæfni til að skilja rekstur og metnaður til að ná árangri
- Ögun í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði, þekking á Illustrator kostur
- Þekking á fataframleiðslu er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# DEILDARSTJÓRI REIKNINGSHALDS

REYKJANESBÆR

**Reykjanesbær óskar eftir að ráða deildarstjóra í reikningshald bæjarins. Deildarstjóri ber ábyrgð á bókhaldi Reykjanesbæjar, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Starfið heyrir undir fjármálastjóra. Um er að ræða fullt starf. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.**

**Helstu verkefni:**
- Yfirumsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi
- Umsjón með fjárhagskerfinu Dynamics NAV
- Afstemmingar og lokafrágangur mánaðaruppgjöra
- Vinna við árshlutauppgjör og ársreikninga bæjarfélagsins í samvinnu við yfirmann og endurskoðendur
- Innra eftirlit og almennt rekstrareftirlit
- Reikningagerð, skýrslugerð og greiningarvinna úr bókhaldi
- Ráðgjöf í bókhalds- og uppgjörsmálum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðskiptafræðimenntun í reikningsskilum og endurskoðun
- Þekking og reynsla á bókhaldi er skilyrði
- Löggilding til endurskoðunarstarfa kostur og/eða reynsla af störfum á endurskoðunarstofu
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga
- Góð þekking og færni á Dynamics Nav og Excel
- Greiningarhæfni, nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

**Umsóknarfrestur er til og með 20. október nk.**
**ATHUGIÐ: Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/lausstorf.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

# CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Á hverju ári ráða Capacent Ráðningar hundruð einstaklinga í störf hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FORSTÖÐUMAÐUR UPPLÝSINGATÆKNIDEILDAR

olís

**Olíuverzlun Íslands óskar eftir að ráða stjórnanda í starf forstöðumanns upplýsingatæknideildar.** Um er að ræða ögrandi starf sem heyrir undir framkvæmdastjóra. Megináhersla starfsins felst í rekstri upplýsingakerfa fyrirtækisins, þróun og eflingu kerfa. Forstöðumaður upplýsingatækni er yfirmaður allra mála fyrirtækisins varðandi innleiðingu og rekstur tölvukerfa og tækjakaup. Starfsmenn deildarinnar eru sex talsins.

**Helstu verkefni:**
- Stjórnun og daglegur rekstur upplýsingatæknideildar
- Uppbygging og þróun á upplýsingatækni fyrirtækisins
- Uppbygging og rekstur gagnagrunna
- Verkefnastjórnun á sviði reksturs og viðhalds tölvukerfa fyrirtækisins
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn fyrirtæksins á sviði upplýsingatæknimála
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu, t.d. á sviði tölvunarfræði
- Stjórnunareynsla mikill kostur
- Haldgóð starfsreynsla af rekstri í upplýsingatækni og samningagerð
- Reynsla af verkefnastjórnun í upplýsingatækni
- Þekking á gæða- og öryggismálum nauðsynleg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og góð færni til að tjá sig í ræðu og riti

Lykileiginleikar viðkomandi eru leiðtogahæfileikar og góð samskiptahæfni, hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum ásamt frumkvæði og metnaði til að ná árangri.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

MEN&MICE

**Upplýsingatæknifyrirtækið Menn & Mýs leitar að öflugum leiðtoga og stjórnanda í starf framkvæmdastjóra.**
Félagið Menn og mýs þróar og selur hugbúnaðarlausnir til stjórnunar á tölvunetum fyrirtækja. Í dag starfa 20 starfsmenn hjá félaginu í fjórum löndum.

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur
- Stjórnun mannauðs
- Stefnumótun
- Vöruþróun
- Sölu- og markaðsmál
- Upplýsingagjöf til stjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stjórnunarreynsla er nauðsynleg
- Góð þekking og reynsla af upplýsingatækni
- Reynsla af alþjóðlegri sölu hugbúnaðarlausna
- Leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stefnumótun, viðskiptaþróun og markaðsmálum
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun

Menn og mýs er rótgróið hugbúnaðarfyrirtæki, stofnað árið 1990. Meðal hluthafa eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og erlendir fjárfestar. Menn og mýs þróar staðlaðar hugbúnaðarlausnir fyrir alþjóðlegan markað. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir IP address management í Microsoft og Linux netumhverfum. Meðal viðskiptavina okkar eru alþjóðleg stórfyrirtæki sem þurfa heildstæða lausn við stjórnun og eftirlit á DNS, DHCP og IP skilgreiningum. Verkefni fyrir Microsoft, Intel, Xerox, HP, Shell, IMF, Sprint, Nestle, Unilever, Monsanto, Bosch, T-Mobile, VMWare eru meðal viðfangsefna okkar.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

## Java hugbúnaðarþróun

Óskum eftir að komast í samband við háskólamenntaðan og reyndan Java forritara sem hefur náð góðum árangri í starfi og langar að leita nýrra tækifæra.

Leitað er að öflugum einstaklingi og í boði er mjög spennandi tækifæri hjá fyrirtæki í útflutningi eigin lausna.

Sjá www.intellecta.is

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5 ▪ 108 Reykjavík ▪ sími 511 1225 ▪ www.intellecta.is




# Rafiðnaðarmenn

**Landsnet óskar eftir að ráða rafiðnaðarmenn til starfa.**

*Um er að ræða fjölbreytt starf við að tryggja örugga afhendingu rafmagns á Íslandi.*

Netrekstrardeild Landsnets hf. ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi búnaðar í flutningskerfi fyrirtækisins, bæði háspennulínum og tengivirkjum. Landsnet á og rekur allar meginflutningslínur rafmagns á Íslandi. Um er að ræða störf við starfsstöð Netrekstrar í Reykjavík en starfsvettvangur er um allt land.

**Starfssvið:**

- Rekstur og viðhald á háspennulínum, háspennustrengjum og tengivirkjum (há- og lágspennubúnaði)
- Endurbætur og viðgerðir á háspennulínum, háspennustrengjum og háspennubúnaði tengivirkja
- Þátttaka í vinnu við nýbyggingar flutningsvirkja
- Þátttaka í vinnu að öryggismálum starfsmanna
- Þátttaka í viðbragðsáætlunum, æfingum og bakvöktum
- Ýmis önnur verkefni

Gert er ráð fyrir þjálfun til að nýliðar öðlist ákveðna færni og réttindi, s.s. kunnáttumannanámskeið, námskeið til rofastjóraréttinda o.fl.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Menntun í rafiðnfræði, sveinspróf í rafvirkjun eða rafveituvirkjun
- Gott líkamlegt atgervi
- Vilji og geta til að vinna í hæð og við erfiðar aðstæður
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfileikar
- Samviskusemi og stundvísi
- Hæfni í samskiptum
- Hæfni í talaðri og ritaðri ensku
- Reynsla af rekstri raforkuflutningsvirkja er æskileg
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi er kostur

**Í boði er:**

- Faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar og þjálfunar í starfi
- Fjölskylduvænn vinnustaður

**Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk.** Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimsíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita **Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is)** og **Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is)** hjá Capacent Ráðningum.

**Um Landsnet**
Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

**Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | S. 563 9300 | Fax 563 9309 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

## Bílaverkstæði í Reykjavík óskar eftir sendli

Verður að tala íslensku.

**Starfslýsing:**
sækja varahluti, létt þrif, og aðstoð á verkstæði

**Umsóknir sendist á as.v@internet.is**

## Vélfræðingur - vélstjóri á framkvæmdasviði

Norðurorka hf. óskar eftir að ráða vélfræðing eða vélstjóra til starfa í kerfisstjórn fyrirtækisins. Í starfinu felst daglegur rekstur vinnslu- og veitukerfa auk annarra tilfallandi verkefna.

Starfið heyrir undir yfirvélfræðing á framkvæmdasviði.

Norðurorka hf. rekur vottað gæðakerfi (ISO 9001) .

**Starfs og ábyrgðarsvið**

- Daglegur rekstur vinnslu- og veitukerfa
- Vinnslueftirlit hitaveitu
- Eftirlit með aðveitukerfum
- Rekstur og eftirlit með dælustöðvum
- Rekstur og eftirlit með metanframleiðslu
- Daglegur rekstur virkjana Fallorku
- Bakvaktir
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Vélstjórnarmenntun – 4. stig kostur
- Starfsreynsla af störfum vélstjóra æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af vinnu með viðhaldsstjórnunarkerfi æskileg
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og góð samskiptafærni

Umsjón með ráðningunni hefur Baldur Dýrfjörð (baldur@no.is)
Upplýsingar um starfið veitir Árni Árnason yfirvélfræðingur í netfanginu arni@no.is.
Umsóknarfrestur er til og með 16. október n.k.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vefslóðinni: https://nordurorka-hf.rada.is/
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá, afrit af prófskírteinum og önnur þau gögn sem umsækjandi metur nauðsynleg.

NORÐURORKA
VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST

RANGÁRVÖLLUM | 603 AKUREYRI | SÍMI 460 1300 | no@no.is | www.no.is

## Aðstoð í eldhús Samskipa

Við leitum að áhugasömum, bjartsýnum og jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að starfa með okkur af fagmennsku og áhuga.

Vinnutími er frá kl. 07.00 - 15.00.

**Starfslýsing:**
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Aðstoð við salatbar, smurbrauðsgerð og aðrar veitingar
- Uppvask og þrif

**Hæfnikröfur:**
- Þekking á eðli þjónustu og framúrskarandi þjónustulund
- Góður skilningur á verklagsreglum og færni til að fylgja þeim
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, reglusemi og góð ástundun

Umfram allt þarf starfsmaður að hafa að leiðarljósi gildi Samskipa: **Frumkvæði, þekkingu og samheldni**.

Vinsamlega sækið um starfið á vef Samskipa, **www.samskip.is**
**Umsóknarfrestur er til 5. október nk.**

SAMSKIP
Saman náum við árangri

Eldsmiðjan



# Veitingastjóri óskast!

Við viljum ráða harðduglegan veitingastjóra til starfa á skemmtilegum og spennandi vinnustað. Þarf að hafa búa yfir skipulagshæfni og þolinmæði. Vinnutíminn er alla mánudaga til föstudaga, frá 9–17.

Ef þú hefur gaman af fólki og góðum mat, ert eldri en 30 ára og vilt vinna hjá traustu fyrirtæki með einstakan starfsanda, hikaðu þá ekki við að sækja um.

**Sæktu um hér:**
atvinna@foodco.is — umsokn@foodco.is

# Spennandi starf hjá framsæknu fyrirtæki

## Exciting job at an innovative company

Spennandi framtíðarstarf hjá margverðlaunuðu íslensku sprotafyrirtæki, Nox Medical, sem er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á búnaði til greiningar á svefnröskunum.

## Product Manager

Hlutverk „Product Manager“ er að bera ábyrgð á vöru í gegnum líftíma vörunar, frá hugmyndaborði, í hönnun og útgáfu yfir í að vera aðalábyrgðaraðili hennar meðan sala stendur yfir á henni. Viðkomandi þarf að hafa mikið frumkvæði, vera lausnamiðaður og geta komið auga á ný tækifæri. Hann þarf að geta yfirfært þarfir markaðarins í vöru eða í þjónustulausn. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á heilbrigði og tækni og vera kraftmikill hluti af öflugri liðsheild.

### Ábyrgð og starfssvið

- Greina og þekkja tækifæri og áhættu tengda vörum á ábyrgðarsviði sínu.
- Stjórna og bera ábyrgð á vöru/vörulínu yfir líftíma vörunnar, frá hugmynd til hönnunar og útgáfu og meðan sala stendur yfir.
- Eiga frumkvæði og þátttöku í að móta hugmyndir og lausnir og skilgreina þörf á nýjum vörum og þjónustu.
- Hafa yfirsýn og utanumhald yfir alla skjölun og öll skjöl sem tengjast vöru og vörulínu.
- Samræma mismunandi aðgerðir um skipulag sem best styðja vöru og vörulínu.
- Styðja og annast upplýsingagjöf við erlenda viðskiptavini og sölumenn vöru og vörulínu.
- Verkefnastýring fyrir skilgreind verkefni er tengjast „Product Management“.
- Hanna skjöl og verkfæri til að styðja við vöru og vörulínu.
- Skipulag, umsjón og ábyrgð á vöruútgáfu.
- Hanna og útbúa öll fylgigögn og skjöl tengd vöru í samráði við starfsmenn vöruþróunar.
- Vera „rödd viðskiptavinarins“ inn á við í fyrirtækinu þegar þörf er á.
- Lesa og greina markaðinn út frá samskiptum við viðskiptavini og markaðsrannsóknum.

### Hæfniskröfur og menntun

- BSc gráða úr heilbrigðisgreinum, verkfræði eða viðskiptafræði.
- Geta til að vinna mjög sjálfstætt og vera mjög virkur hluti af hóp.
- Fyrri reynsla sýni mikið frumkvæði og þrautseigju í að bera ábyrgð á verkefnum.
- Frábær enskukunnátta og samskiptahæfileikar, bæði skrifandi og talandi.
- 2–5 ára reynsla af verkefnum eins og hér er lýst, sérstaklega „product management“.
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi á erlendum mörkuðum.

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendist á netfangið work@noxmedical.com. Umsókn ásamt ferilskrá skal sendast fyrir 20. október 2014. Vinsamlegast setjið í efnislínu tölvupóstsins hvaða starf er sótt um. Hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Exciting future with award winning Icelandic entrepreneurs, Nox Medical, a leading global provider of high tech development and production of equipment for the diagnosis of sleep disorders.

## Product Manager

The role of the product manager is to carry the responsibility of managing products through their lifetime. This requires a creative individual that can spot opportunities in the market by listening to customers and translating market needs into products or solutions. This individual has an interest in the human body, technology, is very solution driven and a highly functional team member.

### Responsibilities

- Identify opportunities and risks in relation to their product lines.
- Manage selected product lines throughout their lifetime, from conception, through design and release, ending with discontinuation of their respective product lines.
- Initiate and participate in the creation of new products/services.
- Manage all documentation related to their products.
- Coordinate the different functions throughout the organization to best support their product lines.
- Support for sales and marketing functions.
- Project management for selected projects.
- Create documentation and tools to support the product lines.
- Develop product launch plans.
- Create marketing requirement documents and collaborate with development in feature specification.
- Serve as the “voice of the customer” when needed.
- Market research.

### Qualifications and Experience

The following qualifications and experience will be considered when evaluating applicants:

- A Bachelor’s degree in any of; healthcare, technology, or business.
- Ability to work independently and function as an important member of a team.
- Track record of showing initiative and tenacity for following through with projects.
- Excellent English communication skills, both written and oral.
- Experience with product management.
- Experience with international sales and marketing.

Applications and requests for additional information send to work@noxmedical.com. Application along with CV should be sent before October 20th 2014. Please put in the subject line of the email which employment is sought. We encourage both women and men to apply.

Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á lækningatækjum sem notuð eru til greiningar á svefnröskunum. Fyrirtækið var stofnað árið 2006 af verkfræðingum, fjárfestum og sérfræðingum með víðtæka áratugareynslu í að hanna og framleiða vörur til svefnrannsókna og svefngreininga. Umsvif fyrirtækisins hafa vaxið jafnt og þétt og er framleiðsluvörum þess nú dreift um allan heim.

Nox Medical er annað tveggja íslenskra félaga sem hlotið hefur ISO 13485 gæðavottun til þróunar og framleiðslu á lækningavörum. Nox Medical hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, s.s. Nýsköpunarverðlaun ársins 2010 og Vaxtarsprotann 2010. Höfuðstöðvar Nox Medical eru í Höfðatorgi við Katrínartún.

Nox Medical | Katrínartún 2 | Höfðatorg | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | www.noxmedical.com

Nox Medical

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-2248

# VÉLA- OG TÆKNISTJÓRI Í MÚRVERKSMIÐJU

## BM Vallá leitar að öflugum véla- og tæknistjóra í múrverksmiðju fyrirtækisins í Garðabæ.

**Starfslýsing:**

- Sjá um viðhald og rekstur tækja í múrverksmiðju.
- Nýsmíði í járni og fleiru.
- Taka þátt í framleiðslu þegar á þarf að halda.

Leitað er að jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**

- Nám eða reynsla sem nýtist í starfi, svo sem járnsmíði eða vélstjórn.
- Þekking á eða reynsla af nýsmíði járns.
- Þekking á eða reynsla af einfaldri rafmagnsvinnu.
- Þekking á eða reynsla af loftstýringum.
- Enskukunnátta (að lágmarki munnleg).
- Öflug og sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í hópi.

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2014. Umsóknum og ferilskrá skal skila á netfangið radning@bmvalla.is

bmvalla.is

BM·VALLÁ

PIPAR\TBWA • SÍA • 143399

---






# SKRÁÐU NAFN ÞITT Á SPJALD SÖGUNNAR

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir til að leggja sig alla fram í starfi. Viðkomandi verða að hafa ríka þjónustulund, vera útsjónarsamir, heiðarlegir, hafa gott auga fyrir gæðum og vera tilbúnir til að taka þetta auka skref sem þarf til að gera gestinn ánægðan.

Á Radisson BLU Hótel Sögu störfum við eftir alþjóðlegum stöðlum virtrar hótelkeðju. Við erum sterk liðsheild sem setjum metnað okkar í fagleg vinnubrögð.

## VIÐHALDSDEILD

Leitað er eftir handlagnum einstaklingi með ríka þjónustulund til starfa í viðhaldsdeild hótelsins.

**Helstu verkefni:**

- Allt viðhald hótelsins
- Aðstoð við aðkeypta hjálp iðnaðarmanna

**Menntun og hæfni:**

- Handlaginn maður á sem flestum sviðum
- Úrræðagóður
- Stundvís
- Íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, önnur tungumálakunnátta kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil samskiptahæfni

## FRAMREIÐSLA

Leitað er eftir þjónustulunduðum og brosmildum starfsmönnum í veitingadeild hótelsins.

**Helstu verkefni:**

- Þjónar í veisludeild – aukavinna
- Aðallega kvöld- og helgarvinna

## NEMAR Í MATREIÐSLU OG FRAMREIÐSLU

Við bætum reglulega við okkur ungu dugmiklu fólki á samning í matreiðslu og framreiðslu.
Við hvetjum áhugasama að kanna um lausar stöður.

Nánari upplýsingar veitir Anna Jónsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 525 9803.
**Umsóknarfrestur er til 15. október 2014** og eru umsækjendur beðnir að senda umsókn **á netfangið: anna.jonsdottir@radissonblu.com.**

Radisson BLU SAGA HOTEL, REYKJAVIK

Radisson BLU Saga Hotel • Hagatorg • 107 Reykjavík • Ísland

---

Óskum eftir vönu fiskvinnlufólki í snyrtingu í nýtt frystihús Vísis hf, Miðgarði 3, Grindavík

Laun samkvæmt kjarasamningum SA og SGS

Frekari upplýsingar gefur Ingólfur Hjaltalín í síma 856 5754, einnig er hægt að send póst á netfangið ingi@visirhf.is

VÍSIR

---

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# LYFLÆKNINGASVIÐ

## Yfirlæknir almennra lyflækninga

Laust er til umsóknar starf yfirlæknis almennra lyflækninga. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. janúar 2015 eða eftir nánara samkomulagi, til 5 ára, sbr. 2. ml., 5 mgr., 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Fagleg ábyrgð, í samráði við framkvæmdastjóra lyflækningasviðs og framkvæmdastjóra lækninga
- » Fjárhagsleg ábyrgð, í samráði við framkvæmdastjóra lyflækningasviðs
- » Starfsmannaábyrgð

Starfið snýr fyrst og fremst að uppbyggingu og eflingu almennra lyflækninga á Landspítala. Þar á meðal skipulagi og þróun legudeildarþjónustu lyflækningasviðs, eflingu dag- og göngudeildarþjónustu auk uppbyggingar á ráðgjafarþjónustu í almennum lyflækningum, ekki síst gagnvart öðrum sviðum. Yfirlækni ber einnig að vinna að frekari þróun framhaldsmenntunar í almennum lyflækningum, í samráði við framhaldsmenntunarstjóra, sem og kennslu kandídata og nema og stuðla að vísindavinnu á sviðinu. Mjög mikilvægt er að viðkomandi hafi skýra sýn á þróun og hlutverk almennra lyflækninga, ekki síst hvort aukin verkefni kalli á endurskoðun á nálgun og verklagi.

### Hæfnikröfur

- » Íslenskt sérfræðileyfi í lyflækningum
- » Leiðtogahæfileikar
- » Stjórnunarreynsla
- » Reynsla af kennslu og vísindastörfum
- » Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 27. október 2014.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2 maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
- » Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til Hlífar Steingrímsdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH, E7 Fossvogi.
- » Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mati stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.
- » Fylla þarf út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ýtarlegri upplýsingar í umsókn fyrir læknisstöðu, sjá vef Landlæknis. Óskað er eftir að umsækjendur skili kynningarbréfi með framtíðarsýn umsækjenda varðandi starfið og deildina auk rökstuðnings fyrir hæfi.
- » Upplýsingar veitir Hlíf Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs, hlifst@landspitali.is, sími 824 5498.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Eðlisfræðingur/ verkfræðingur á röntgendeild og heilbrigðis- og upplýsingatæknideild

Laust er til umsóknar starf eðlisfræðings, eðlisverkfræðings eða heilbrigðisverkfræðings á röntgendeild og heilbrigðis- og upplýsingatæknideild LSH. Um er að ræða fullt starf á sviði læknisfræðilegrar myndgreiningar og geislavarna.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Starf á ísótópaeiningu röntgendeildar
» Verkefni á sviði gæðamála og geislavarna
» Þátttaka í kennslu- og vísindavinnu

## Hæfnikröfur

» Háskólapróf í eðlisfræði, eðlisverkfræði eða heilbrigðisverkfræði
» Sérmenntun eða starfsreynsla í læknisfræðilegri eðlisfræði, sérstaklega á sviði ísótóparannsókna er æskileg
» Góð skipulagshæfni og starfsmetnaður
» Jákvætt viðmót og lipurð í samskiptum

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 20. október 2014.
» Starfshlutfall er 100%.
» Umsókn fylgi ferilskrá, en ráðning í starfið byggir á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Péturs H. Hannessonar, yfirlæknis, röntgendeild Hringbraut.
» Upplýsingar veita Pétur Hörður Hannesson, yfirlæknir, peturh@landspitali.is, sími 824 5322 og Anna Dagný Smith, mannauðsráðgjafi, netfang annads@landspitali.is, sími 825 3675.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 23 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á **www.pfs.is**

# Sérfræðingur í netöryggissveit PFS (CERT-ÍS)

Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing í netöryggissveit PFS . Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Þá tekur netöryggissveitin þátt í því að tryggja virkni almennra fjarskiptaneta, vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu og vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Þátttaka í þróun starfs netöryggissveitarinnar
- Meðhöndlun öryggisatvika (e. incident handling)
- Skýrslugerð um öryggisógnir og atvik
- Yfirferð öryggismála hjá ytri aðilum
- Upplýsingaskipti við þjónustuhóp
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um öryggi Internetsins
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi öryggismál á netinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða öðrum raungreinum
- Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði tölvu- og netkerfa er nauðsynleg
- Þekking á fjarskiptamarkaðnum er æskileg
- Menntun og reynsla í upplýsingaöryggi eru kostir
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, ögun og skipulögð vinnubrögð, sem og vinna vel undir álagi
- Umsækjendur þurfa jafnframt að búa yfir skilningi á internettækni ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif ásamt getu til að miðla tæknilegum upplýsingum til annarra
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti

**PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.**

Umsjón með starfinu hefur Þorleifur Jónasson forstöðumaður tæknideildar. Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu PFS **www.pfs.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 20 .október nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs og þarf viðkomandi að standast öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.

**www.vinna.is**

vinna.is
sími: 511 1144



## International Treasury Manager

This position reports directly to VP International Treasury. Int'l Treasury is responsible for cash- , liquidity- and risk management for non-US affiliates in more than 60 countries reporting under Actavis plc.

The position requires extensive communication with foreign banks as well as employees of domestic and foreign Actavis affiliates.

**Key assignments:**
- In-house banking and intercompany loans
- Cash management and cash-flow forecasting
- Liquidity planning and cash concentration
- Managing banking relations
- Ensure compliance with internal controls, policies and procedures

**Required education & experience:**
- Bachelor's degree in finance, business or accounting
- Minimum 5 years' experience in banking, finance or treasury
- Experience with treasury management system is a plus
- Ability to work globally across multiple time zones
- Advanced analytical and interpersonal skills



We have more available positions at www.actavis.is

Application deadline is **October 12th** and applications are to be filled out at www.actavis.is.
Applications are only accepted through the Actavis website.

CVs shall be in English.

For further information, please contact Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, risaksdottir@actavis.is.

Actavis

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**GULLNESTI GRAFARVOGI**
Óskum eftir röskum og þjónustuliprum starfsmanni á dagvakt frá kl 12-18
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 898-9705 Gullnesti Grafarvogi, Gylfaflöt 1**




Viltu flytja í sólina? Verkefnisstjóri óskast til starfa í Marbella Spáni fyrir alþjóðlegt Íslenskt fyrirtæki sem rekur netverslanir m.a. islandus.is og glosspix.com. Leitum eftir frískum einstakling með fullkomna enskukunnáttu. Reynsla í sölu- og skrifstofustörfum æskileg. Nánar á slóðinni: www.islandus.com/jobs

Bakarí/kaffihús óskar eftir matreiðslumanni og afgreiðslufólki til starfa. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „kaffihús"

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST!**
Bílstjóri með rútupróf óskast. Sími 894-2901 / Kjartan.

**SPORTBARINN ÖLVER**
Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyravörðum og barþjónum. Íslensku kunnátta skilyrði. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. í s. 533 6220, Magnús eða á magnus@sportbarinn.is

**VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST**
Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja eða vanan mann í málmsmíði / vélavinnu. Fjölbreitt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122 Örn efnir@efnir.is www.alheimar.is

**SMIÐIR**
Vantar 1-2 smiði. Upplýsingar í s. 899 4819

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel sem aukastarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl gefur Ágúst í 770-2277 og agust@tmi.is

### Atvinna óskast

Reglusamur maður um fertugt óskar eftir vinnu, vanur þjónustu, lager og verkst. störfum, er með vélstj. réttindi og meira próf. Uppl. s. 777 0078.

## TILKYNNINGAR

### Fundir

**AÐALFUNDUR CISV Á ÍSLANDI**
Aðalfundur CISV á Íslandi verður haldinn í Brautarholti 6, 105 Reykajvík, 4. hæð þann 14. október 2014 klukkan 20:00.

Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundarstörf.
**Stjórn CISV á Íslandi**

**LÍFSSÝN**
Heldur aðalfund þriðjudagskvöldið 7. október 2014 kl. 19:30, í Rósinni, Bolholti 4, 4. hæð. að loknum aðalfundarstörfum kl 20:30, fer Erla í gullkistu sína og nær í gullin úr Lífssýn sinni. Aðgangseyrir kr. 1000. Allir velkomnir. Facebook og www.lifssyn.is Stjórnin

### Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

# Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**
**"Best geymda leyndarmál Kópavogs"**

**LEIKIR HELGARINNAR**
**Laugardagur 4. okt**
13:50 Liverpool - West Brom
13:50 Sunderland - Stoke City
16:20 Aston Villa - Man.City
19:00 UFC Fight Night:
Nelson vs Story

**Sunnudagur 5. okt**
10:50 Man.United - Everton
12:50 Tottenham - Southampton
12:50 Chelsea - Arsenal

**ÍSFIRÐINGARNIR Í SKÓLAHLJÓMSVEITINNI TRAP VERÐA MEÐ SIXTIES BALL Á CAFE CATALINU NÆSTU HELGI!**



Í TRAP ERU ,RÚNAR ÞÓR, REYNIR GUÐMUNDS SEM VAR SÖNGVARI ÝR SÖNG OG SAMDI FRÆGA TEXTANN UM KANÍNUNA SPILAR Á TROMMUR, DIDDI HERMANNS VAR Í BG OG INGIBJÖRG SPILAR ORGEL, SIGGI ÁRNA VAR Í TÓNUM OG NÁTTÚRU SPILAR Á BASSA. SPILUM MÍN LÖG (RÚNAR ÞÓR),KANÍNUNA MEÐ ÝR OG BG LÖG Í BLAND...

*Allir velkomnir*

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin • http://www.facebook.com/cafecatalina

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## ALLAR HEITUSTU VÖRURNAR Í GLÆSILEGUM BÆKLING

**OPIÐ Í DAG FRÁ 11-16**




ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SKANNA QR KÓÐANN • TIL AÐ FÁ NÝJASTA BÆKLINGINN Í SÍMANN ÞINN •

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
35% afsláttur
2198 kr. kg
Verð áður 3398 kr. kg
Folaldainnralæri
35% afsláttur
2198 kr. kg
Verð áður 3398 kr. kg
Folaldapiparsteik
25% afsláttur
3598 kr. kg
Verð áður 4798 kr. kg
Folaldalundir
ÚTSALA
Á FOLALDAKJÖTI
25% afsláttur
1499 kr. kg
Verð áður 1998 kr. kg
Folaldagúllas
33% afsláttur
398 kr. kg
Verð áður 598 kr. kg
Folaldahakk
25% afsláttur
1499 kr. kg
Verð áður 1998 kr. kg
Folaldasnitsel
15% afsláttur AF HIPP BARNAMAT
Zendium
Barna tannburstar og tannkrem, 50 ml 259 kr.
Emalje tannkrem, 50 ml 259 kr.
Sensitive tannkrem, 75 ml 399 kr.
Hipp barnamatur
Litlar epla rískökur, 40 g 322 kr. 379 kr.
Tropical cereal, 100 g 269 kr. 319 kr.
Mango, epla og banana, 160 g 269 kr. 319 kr.
Red fruit & apple compote, 125 g 195 kr. 229 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Vallakór
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum



KJÚKLINGA-
VEISLA
798 kr. kg
Verð áður 859 kr. kg
Krónu kjúklingur heill, ferskur
1998 kr. kg
Magn-pakkning!
Verð áður 2098 kr. kg
Krónu kjúklingabringur, magnpakkning
398 kr. kg
Krónu kjúklingavængir
2158 kr. kg
Verð áður 2398 kr. kg
Krónu kjúklingalundir
698 kr. kg
Verð áður 769 kr. kg
Krónu kjúklingaleggir
22 kr./stk.
23 kr./stk.
26 kr./stk.
21 kr./stk.
Hámark 6 pakkar á mann meðan birgðir endast!
25% afsláttur
1869 kr. pk.
Verð áður 2499 kr. pk.
Libero bleyjur, 4 stærðir
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# RÓSAMUNDA HIN FAGRA OG EITURMORÐIÐ

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** vildi svo gjarnan skrifa eingöngu um hina djúpu þungu strauma sem knýja elfu sögunnar áfram, en lendir þó einlægt í blóðugum þverám þar sem kóngar og drottningar og launmorðingjar halda til.



Sögur, sögur, það eru svo margar sögur, mér mun ekki endast ævin til að segja allar þessar sögur. En þó hlýt ég að reyna, gefst aldrei upp frekar en Vladimir og Estragon, og sögurnar hlaðast upp í alveg óskipulegri röð; nú er ég allt í einu farinn að skoða gamlar heimildir um eiturmorð.

Að drepa fjendur sína með eitri hefur gjarnan verið vinsælt en þó hafa komið þeir tímar að aðferðin hefur ekki verið í tísku. Á miðöldum þótti hraustum riddurum það helstil fyrirlitlegt að drepa fólk á eitri, það væri helst við hæfi vesælla kvenna sem ekki gætu sverði valdið. Hér er dæmi: Á ofanverðri 15. öld átti Ungverjakóngurinn Mátyas í stríði við Bæheimskónginn Jiri. Hann gerði út launmorðingja til að bana Jiri með rýtingi en sá varð frá að hverfa, Jiris var svo vel gætt. Launmorðinginn stakk þá upp á að Mátyas prófaði að eitra fyrir Bæheimskóngi, það væri kannski vinnandi vegur, en sú uppástunga vakti þvílíka fyrirlitningu Mátyasar að hann sendi morðvarginn burtu með skömm. Og hann gekk lengra því hann skrifaði Jiri og vakti athygli hans á því að einhver annar kynni að vilja eitra fyrir honum, og hvatti óvin sinn til að koma sér upp embætti hirðsmakkara svo enginn freistaðist nú til að lauma ólyfjan í mat hans. Jiri þakkaði ábendinguna og þeir kóngarnir reyndu svo áfram að fyrirkoma hvor öðrum með reglulega kurteislegum hætti, eins og sverðalögum eða rýtingsstungum.

Ein þeirra sagna frá fyrri tíð sem áttu kannski sinn þátt í að vekja andúð miðaldamanna á hinum „kvenlegu“ eiturbyrlunum, ég læt hana svo fylgja hér líka. Hún Rósamunda prinsessa Gepída var reyndar stórtækari en svo að hún léti sér eitrið nægja, en hún var líka uppi nokkru fyrir þær miðaldir sem kenndar eru við riddaramennsku og hefur ef til vill ekki áttað sig á þeirri skiptingu í kurteislegar drápsaðferðir og dónalegar, sem Mátyas Ungverjakóngur hafði síðar í heiðri. En hún bjó þó á því sama svæði og þeir Mátyas og Jiri Bæheimskóngur börðust um eitthvað tæpum þúsund árum seinna.

## Rósamunda hataði eiginmann sinn

Árið 567 eftir Krist var allt á hverfanda hveli í Evrópu; Rómaveldi var fallið í vestri og germanskir þjóðflokkar voru á faraldsfæti að leggja undir sig þau lönd þar sem legíónir Rómar höfðu áður haldið uppi lögum og reglu. Einn þessara germönsku þjóðflokka voru Langbarðar en þeir bjuggu þá þar sem nú heitir Slóvakía. Kóngur Langbarða árið 567 hét Albúín og hann atti það ár kappi við annan ættflokk sem nefndist Gepídar og bjuggu á ungversku sléttunni þar sem Mátyas átti seinna að ríkja með fullri tign og riddaramennsku. Albúín Langbarðakóngur vann sigur og felldi konung Gepída, sem hét Kúnímundur.



**SVERÐIÐ SITUR FAST Í SLÍÐRUM** Helmikis ræðst með spjóti að Albúin, Rósamunda kemur í veg fyrir að hann fái brúkað sverð sitt.

Núnú, meðal þess herfangs sem kom í hlut Albúíns eftir stríðið var dóttir Kúnímúndar Gepídakonungs, sem Rósamunda hét, og gekk hann að eiga hana. Hún lét Albúín aldrei finna annað en hún væri sátt við þennan ráðahag, en í raun og veru hataði hún af öllu hjarta eiginmann sinn, svo sem kannski er varla furða, þar sem hann hafði náttúrlega drepið föður hennar og tekið hana sjálfa nauðuga. Og ekki var nóg með að Albúín hefði drepið Kúnímund, heldur hafði hann kastað eign sinni á hauskúpu hins fallna andstæðings og hafði látið silfursmiði sína fylla upp í augntóftirnar á henni og önnur göt en saga ofan af henni, svo úr varð þessi líka prýðilegi drykkjarbikar, en að vísu heldur óskemmtilegur ásýndum – ekki síst fyrir Rósamundu drottningu.



MÁTYAS



JIRI

> **En rétt í því rumskaði Albúín og þó rykaður væri af drykkjunni áttaði hann sig á því að fóstbróðir hans hafði ekki gott í hyggju.**

## Morð skipulagt

Gerðist nú um stund fátt sem máli skiptir fyrir þessa sögu en Albúín leiddi hins vegar lið sitt suður á Norður-Ítalíu og lagði undir sig stórt svæði sem síðan heitir Langbarðaland eða Lombardia á ítölsku. Árið 572 var Albúín kóngur svo sem oftar á fylleríi og þegar orðinn pöddufullur. Þá datt honum í hug að gaman gæti verið að halda áfram drykkjunni úr hauskúpubikarnum. Hann lét sækja bikarinn og fylla með víni og síðan svolgraði hann í sig úr hauskúpu Gepídakonungs. Og næst fékk Albúín þá hugmynd að skemmtilegt gæti verið að Rósamunda fengi sér líka sopa úr hauskúpu pabba síns, hann lét því fylla bikarinn að nýju og rétti hann síðan yfir til Rósamundu. Rósamunda bar hann að vörum sér og þóttist drekka, en í huganum bölvaði hún eiginmanni sínum og einsetti sér að sætta sig ekki lengur við grimmd hans, heldur fyrirkoma honum sem fyrst.

Rósamundu tókst nú að kúga eða tæla mann nokkurn til að taka að sér að drepa Albúín. Sá var reyndar enginn smákall við hirðina, heldur fóstbróðir Albúíns, Helmikis að nafni. Nokkru seinna hafði Albúín enn verið á fylleríi og lá drykkjudauður í rekkju sinni. Rósamunda kallaði þá á Helmikis og tók slagbrandinn af hurðinni á svefnherbergi kóngs, svo launmorðinginn kæmist inn. En rétt í því rumskaði Albúín og þó rykaður væri af drykkjunni áttaði hann sig á því að fóstbróðir hans hafði ekki gott í hyggju, svo hann rauk á fætur og fálmaði eftir sverði sínu, en Rósamunda hafði þá búið svo um hnútana að það sat fast í slíðrum sínum. Albúín greip þá stólkoll sem hann reyndi að sveifla í kringum sig en missti jafnvægið, datt og féll síðan fyrir spjóti Helmikis. Rósamunda tók sér nú Helmikis að ástmanni og reyndi að fá höfðingja Langbarða til að fallast á að hann yrði konungur þeirra og hún drottning eftir sem áður. En höfðingjarnir vildu það ekki, heldur lögðu fæð á jafnt Rósamundu sem Helmikis, og niðurstaðan varð sú að þau neyddust til að leggja á flótta.

Ekki var það einungis morðið á Albúín sem varð skötuhjúunum til óhelgi í augum aðalsmannanna, heldur voru þau líka grunuð um að ganga erinda Býsansmanna í Miklagarði sem höfðu víðtæk áhrif á Ítalíu. Hjónaleysin komust til Ravenna, en þar ríkti valdamikill borgar- eða héraðsstjóri sem Longinus hét. Longinus heillaðist af Rósamundu enda mun hún hafa verið íðilfagur kvenmaður, og Rósamunda áttaði sig á því að ef hún þyrfti ekki að dragnast með Helmikis í eftirdragi gæti hún vafið Longinusi um fingur sér og eftir það væru henni allir vegir færir í Ravenna. Elska hennar til Helmikis virðist sem sé ekki hafa verið ýkja djúp, að minnsta kosti greip hún nú til þess hefðbundna morðvopns sem sagan kennir einkum við konur, það er að segja eiturs. Helmikis var náttúrlega ekki síður drykkfelldur en Albúín og eitt sinn er hann sat að sumbli lagði Rósamunda fyrir hann bikar fullan af víni sem hún hafði blandað í svo sterku eitri sem hún hafði getað útvegað. Og Helmikis teygaði drukk sinn svikalaust en síðan fór honum fljótlega að verða eitthvað bumbult í maga og áttaði sig á því hvernig í öllu lá – að hin fagra Rósamunda hafði gefið honum inn einhverja svívirðilega ólyfjan. Og enda þótt hann hefði þegar innbyrt nóg eitur til að verða honum að bana, þá var þó ekki allt fjör úr honum strax, og hann þreif upp rýting sinn og beindi að hálsi Rósamundu. Hann neyddi hana þannig til að drekka það sem eftir var af víninu í bikarnum og féll svo um koll steindauður en Rósamunda dó líka, og hafði því hlotið makleg málagjöld. Nema hvað sú saga er líka til að Helmikis hafði vitað hvað til stóð og því neytt Rósamundu til að drekka eitrið, en síðan viljað fylgja henni í dauðann og þá fyrst bergt á sjálfur. Sögurnar eru endalausar.

HLAÐVARPINN

MENNINGARSJÓÐUR KVENNA Á ÍSLANDI

auglýsir eftir
UMSÓKNUM

Markmið sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi kvenna sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Með menningarstarfsemi er átt við hvers kyns listir, rannsóknir og kynningu á menningu kvenna. Úthlutað hefur verið árlega úr sjóðnum síðan árið 2008. Umsækjendur geta verið konur, samtök þeirra, félög eða fyrirtæki.

Hlaðvarpinn er sjóður sem stofnaður var af hluthöfum Hlaðvarpans ehf. til styrktar menningarmálum kvenna á Íslandi. Stofnfé sjóðsins er söluandvirði fasteigna félagsins að Vesturgötu 3 í Reykjavík.

Umsóknum skal skila á eyðublaði sem nálgast má á vefsíðu Hlaðvarpans, www.hladvarpinn.is. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér skilyrði fyrir styrkveitingum en þau er að finna í skipulagsskrá sjóðsins á vefsíðu Hlaðvarpans.

UMSÓKNIR SKULU BERAST

Hlaðvarpanum
pósthólf 1280
121 Reykjavík

Ekki verður tekið við rafrænum umsóknum.
Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember 2014
Öllum umsóknum verður svarað og úthlutað verður úr sjóðnum í ársbyrjun 2015.

Sjá nánar á vefsíðu sjóðsins, www.hladvarpinn.is
Upplýsingar veitir stjórn sjóðsins um netfangið hladvarpinn@hladvarpinn.is

R // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆK

VERÐHRUN!

LOKAHELGIN

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ KL. 10-18 ALLA DAGA

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

OG NÚ ENN LÆGRA VERÐ!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




Hljóðbækur
Verð frá
**490,-**




**490,-**




**490,-**




**490,-**




**290,-**




**290,- STK**




**390,-**




Skemmtilegu
Smábarnabækurnar
**380,- STK.**




**99,-**

# BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

## Konráð og félagar á ferð og flugi 116

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | | | | 4 | | 8 | 3 |
| | | 3 | 8 | | | 2 | | 6 |
| 1 | | 6 | 3 | | | | 4 | |
| 6 | | 4 | 7 | 2 | | 1 | | |
| 7 | 5 | | | | 1 | 4 | 3 | |
| | 1 | 8 | 5 | 4 | | | | 2 |
| | | | | | 6 | 8 | | 5 |
| | 4 | 9 | | 3 | | | 7 | 1 |
| 5 | 6 | | 9 | | 8 | 3 | | |



## Brandarar

Einu sinni voru tveir vinnumenn sem hétu Vindur og Viður. Bóndinn sendi þá út í skóg að vinna. Eftir smá stund fóru þeir að slást og Viður batt Vind fastan við tré. Þegar bóndinn kom að sækja þá varð hann ferlega fúll og sagði: „Nú leysi ég Vind og rek Við."

**Kona kemur inn í fatabúð og spyr: „Eigið þið til ósýnilegar buxur?"**
**„Já," svarar afgreiðslumaðurinn. „Við vorum einmitt að fá sendingu af ósýnilegum buxum í dag."**
**„Gott, get ég fengið að líta á þær?"**

Fíll og mús voru samferða yfir brú. „Mikið svakalega brakar í þessari brú," sagði fíllinn. „Ég held hún sé hreinlega við það að brotna."
„Það er nú engin furða þegar við erum bæði á henni í einu," sagði músin.




## Myndin

**Þórdís Hrafntinna Þráinsdóttir** 6 ára teiknaði þessa flottu mynd af sér og kisunni sinni, henni Snældu.





**ÞÁTTASTJÓRNENDURNIR** Kristín Ísafold er sú í rauðu buxunum og bláu peysunni. Hin eru Marteinn Elí Brynjólfsson, Mira Kamallakharan, Salka Gústafsdóttir, Katla Njálsdóttir og Alex Leó Kristinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kynnist spennandi hlutum í Vasaljósi

Vasaljós fer aftur í loftið á morgun klukkan hálf sex. Það er eini sjónvarpsþátturinn á landinu sem er stjórnað af krökkum. Kristín Ísafold Traustadóttir, níu ára, er ein úr hópnum og henni finnst það gaman því hún fær að prófa svo margt.

**Hvað gerir þú í Vasaljósi, Kristín Ísafold?** „Ég er einn af umsjónarmönnunum en er líka með innslag sem heitir „Á kollinum hjá Kristínu Ísafold."

**Varstu líka með þáttinn í fyrra og hvernig kom það til að þú byrjaðir?** „Í fyrra var ég ekki umsjónarmaður heldur bara með viðtölin. Ég fór í prufur til Brynhildar og Kristínar Evu og fékk ekki hlutverk umsjónarmanns en þeim leist svo vel á mig að þær buðu mér að vera með þessi viðtöl Á kollinum."

**Er gaman að vera með sjónvarpsþátt og af hverju?** „Það er mjög gaman, það er svo margt nýtt sem maður fær að prófa og kynnast og gera alls kyns spennandi hluti."

**Hvernig er samkomulagið í hópnum?** „Fínt. Mér semur mjög vel við hina krakkana."

**Eruð þið búin að taka upp marga þætti?** „Í fyrra vorum við með tíu þætti og þeir verða líka tíu núna, en ég veit ekki hversu margir af þeim eru tilbúnir, en að minnsta kosti fyrsti þátturinn."

**Hver er eftirminnilegasti viðmælandinn þinn?** „Það er örugglega hann Stúfur, hann var svo skemmtilega skrítinn í viðtalinu."

**Gerðir þú eitthvað eftirminnilegt í sumarfríinu, annað en vinna í Vasaljósi?** „Ég fór til Danmerkur með fjölskyldunni þar sem við gerðum alls kyns skemmtilegt eins og að fara á ströndina, í Tívolí og dýragarðinn."

**Hvert er uppáhaldsfagið þitt í skólanum?** „Stærðfræði og sund."

**Hvað gerir þú í frístundum?** „Ég er í Sönglist en svo leik ég mér bara með vinkonum mínum. Við búum til dæmis oft til myndbönd í iPad-inum."

**Áttu gæludýr og ef svo er þá hvert?** „Ég á gullfiska með systkinum mínum."

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** „Svo ótrúlega margt en helst langar mig að verða leik- og söngkona og dýralæknir."



netto
Kræsingar & kostakjör
GRÍSAVEISLA Í NETTÓ!
KJÖTSEL
BAYONNESKINKA
FRÁBÆRT VERÐ!
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.998,-
999,-
-50%
VERÐ-
SPRENGJA!
KJÖTSEL
-50%
GRÍSABÓGUR
REYKTUR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.198,-
599,-
-40%
GRÍSAHRYGGJAFÍLE
STJÖRNUGRÍS-MARINERAÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.498,-
1.499,-
-45%
GRÍSAGÚLLAS
FERSKT
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.817,-
999,-
-50%
GRÍSAHRYGGUR
GOÐI - 1/2 LÚXUSHRYGGUR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.198,-
1.099,-
GOÐI
-40%
GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKT - Í RASPI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.994,-
1.196,-
-50%
GRÍSASKANKAR
STJÖRNUGRÍS - FROSIÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 698,-
349,-
-30%
PORK ROAST GRÍSAHNAKKI
GOÐI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.989,-
1.392,-
GOÐI
-35%
SVÍNAHAKK
FERSKT
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 889,-
578,-
-40%
SVÍNASNITSEL
FERSKT Í RASPI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.994,-
1.196,-
-44%
GRÍSABÓGUR - HRINGSKORINN
STJÖRNUGRÍS - FRROSINN
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 889,-
498,-
-35%
SVÍNALUNDIR
DANSKAR FROSNAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.979,-
1.286,-
-50%
SVÍNARIFJABITAR
KJÖTSEL - BBQ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 898,-
449,-
KJÖTSEL
MJÓLKURGRÍS
HEILL
KÍLÓVERÐ
3.798,-
Tilboðin gilda 2. - 5. okt 2014
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Fersk lambalæri af nýslátruðu

Sérskorið ferskt lambalæri

HAUST 2014 SLÁTRUN



1498 kr. kg.

SS

KJARNAFÆÐI



HAUST 2014 SLÁTRUN

1398 kr. kg.

Kjarnafæði **Ferskt lambalæri af nýslátruðu**

HAUST 2014 SLÁTRUN

KJARNAFÆÐI



798 kr. kg.

KJARNAFÆÐI

K.F: **Ferskt lambasúpukjöt** 1. flokkur af nýslátruðu




1598 kr. kg.

Goða **Sérvalið lambasaltkjöt 1. flokkur**



1995 kr. kg.

Kjörfugl **Ferskar kjúklingabringur**




698 kr. kg.

Bónus **Fersk kjúklingalæri**




698 kr. kg.

Bónus **Ferskir kjúklingaleggir**




3798 kr. kg.

Íslandslamb **Ferskt lambafillet**




1898 kr. kg.

HAUST 2014 SLÁTRUN




1898 kr. kg.

Ferskur **hálfur lambahryggur** af nýslátruðu *(lundarparturinn)*




1098 kr. kg.

Bónus **Ferskar grísakótilettur**

HAUST 2014 SLÁTRUN

KJARNAFÆÐI



295 kr. kg.

Kjarnafæði **Fersk lambalifur**

HAUST 2014 SLÁTRUN

KJARNAFÆÐI



295 kr. kg.

Kjarnafæði **Fersk lambahjörtu**




659 kr. kg.

Bónus **Ferskur grísabógur**

AFGREIÐSLUTÍMI
**LAUGARDAGUR**
**10:00-18:00**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
359 kr 125g
Bónus Lambhagablanda
398 kr.kg.
Íslenskir Tómatar pakkaðir
259 kr.250g.
Íslenskir Sveppir 250g
Tilboð 300 kr. verðlækkun
Verð áður 1398 kr.kg
Bónus Rjómi
398 kr. 550ml
Bónus Rjómi 550ml
Verð áður 439 kr. 550 ml
Íslenskur Góðostur
TILBOÐ
1098 kr. kg.
OS Íslenskur Góðostur
198 kr. kg.
Íslenskar Gulrófur
359 kr.200g.
Bónus Spínat 200g
Feti
298 kr. 250g
Bónus Feti í kryddolíu/olíu m.ólífum
Coca-Cola
4 Coke
á verði 3
149 kr. flaskan
594 kr. 4x1.5 ltr.
Rapeseed Oil
Sunflower Oil
Verð áður 289 kr. 1 ltr.
259 kr. 1 ltr.
Sólblómaolía & Repjuolía 1 ltr.
Lífrænar íslenskar gulrætur
359 kr. 500g
Akursel
Lífrænar íslenskar
gulrætur 500g
Broccoli Vegetable Mix
Verð áður 289 kr. 1 kg.
259 kr. 1 kg
Euroshopper frosin Brokkolíblanda
OSRAM
298 kr. stk.
OSRAM e-27 Classic ljósaperur
46W=60W • 57w=75W • 30w=40W
OLW cheez doodles
OLW cheez ballz
259 kr. 200g
OWL Ostasnakk 200g
Þeins 42 kr. þvotturinn
Ariel Actilift
1598 kr. 38 þvottar
15 kr. þvotturinn
Finish Classic Powerball
1343 kr. 90 þvottar
GOTT VERÐ Í BÓNUS
20% afsláttur
Verð áður: 1679 kr.
Finish Uppþvottavélatöflur 90 stk.
Fairy
398 kr. 870ml
OLW Lättsaltade Chips
OLW Sourcream & Onion Chips
259 kr. 200g
OWL Kartöfluflögur 200g
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

# KROSSGÁTA



## LÁRÉTT

**1** Draga er hann drepur þar sem Fiskikóngurinn hittir Vottana (9)
**11** Stöldrum við til að bæta blettinn sem ekki má raska (12)
**12** Þú átt semsagt bæði kjarnorkuofn og eldsneyti í hann, ljóta óeðlið í þér! (9)
**13** Afklæðir asna vegna asnaskapar (10)
**14** Byggir skemmtistað þrátt fyrir hótanir um ofbeldi (9)
**15** Fljót, gerðu eldvegg svo kísilflögurnar skemmist ekki (12)
**17** Óreiðu bitbeina má rekja til hinna ákveðnu leiða (7)
**18** Brytjum niður boðbera almættisins með enskum (10)
**23** Kistan tóm, fjársjóðurinn búinn (8)
**27** Skima eftir rugli mér til tjóns (5)
**28** Dagar slagara (9)
**29** Heyra má hljóðfæraleik óma um allan garðinn (8)
**30** Mun sá kjaftur bergmála hverskyns svívirðu (5)
**31** Sökk í djúp heljarhafs vegna bannorðs um borð (7)
**32** Út gengur gröm ef gangur sést (6)
**33** Séð sýndi byttunni ást sína (8)
**35** Efa yðar rugl um þjófamarkaða sauði (7)
**36** Bára lítil. blærinn léttur, blíður, hægur/malar jafnt og mjálmar nóra/músabani, angalóra (4)
**38** Tel tukthúslimina og stigin þeirra tilheyra mér (8)
**41** Stelpan í rafeindavirkjun rímar við viðnámsfrían (11)
**44** Tælandi rugl er það sem ég stefni að í byrjun (5)
**45** Vaktir og kveiktir (6)
**46** Leita plantna sem þurfa bara einn pott (9)
**48** Vestur og norður leikur leik, það er það sem ég geri í stöðunni (6)
**49** Fattaður og farinn frá frúnni (7)
**50** Legg það í hendur sérfræðinganna að klæða veggi húsa (9)
**51** Komdu á bílnum kæra sál (6)

## LÓÐRÉTT

**1** Mikil greiða för til London og Parísar (9)
**2** Finnið kjarnann í Íslandi og berið grjót á dauf og djöfulleg (9)
**3** Greindargripir, er eitthvert vit í því orði? (9)
**4** Gangur fyrir alla nema mig liggur til stigskiptra (7)
**5** Pínulítið haf geymir pínulítinn snigil (8)
**6** Hinn fagri rúmar leg fyrir hin sem hugsa meira um að gera hlutina rétt (8)
**7** Skörp og beitt, aftur og aftur (8)
**8** Taxakver um ljósmeti? Er það ekki bara rugl? (8)
**9** Leita að fleti forfeðra minna og mæðra (9)
**10** Hinsvegar drap ég dúfur í Devon (6)
**16** Strax og hún birtist á sviðinu voru tekjurnar tryggðar (8)
**18** Hlaupum yfir síðasta kaflann á snautlegum texta (11)
**19** Skjal snýst um veðurþolnar (10)
**20** Þar flatmagaði sú eina sanna – og flata (7)
**21** Þetta eru brynflögð bróðir, sagði Skapti og sneri sér að næstu gloríu (10)
**22** Sendi beiðnina um brauðið (9)
**24** Tek til við sprikl, allt annað var í notkun (8)
**25** Athugun á leit (8)
**26** Um straumsglaum og svelgselg (8)
**34** Ólga og sýð á samkomustað guðanna (8)
**36** Undir áhrifum af snörpum jarðskjálftum? (6)
**37** Tarsan og hans villuráfandi hundar (6)
**38** Ég er með hópa sem hægt er að borða, skjótið nú (6)
**39** Sé menn svikna um sína síðustu krónu vegna lækningajurta (6)
**40** „Stínga“ skrifa sumir og aðrir bíta á jaxlinn svo urgar í (6)
**42** Þessi tímabil eru þolanleg og þetta hverfi líka (5)
**43** Vissi að þú kæmist í mark, enda gustar af þér (5)
**47** Nei, þetta segir ekkert um hraða heldur ljósnæmi (3)



Lausnarorð síðustu viku var

**HAUSTMÁNUÐUR**

FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Fangi himinsins eftir Carlos Ruiz Zafón frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Helga Gísladóttir, 200 Kópavogi.**



### LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist ein margra afleiðinga hrunsins sem landsmenn finna enn rækilega fyrir. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 8. október næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „4. október“.




# Ný stórverslun að Bíldshöfða 10




## Opið í dag frá kl. 10-16




**Tilboð**
Með hverjum tveimur Trico rúðuþurrkum fylgja 5 lítrar af Vaski rúðuvökva




**Tilboð**
Kauptu tvo brúsa af Wonder Wheels bílavörunum og sá þriðji fylgir með að eigin vali.
**3fyrir2**




**Tilboð**
Hleðslutæki 6amp, 12v
**25%** afsláttur




**Tilboð**
Allir Carpoint startkaplar
**30%** afsláttur




**Tilboð**
Dr. Wack mótorhjólavörur
**25%** afsláttur




**Tilboð**
Hleðslutæki / Vaktari 4amp, 12v
**25%** afsláttur

**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,

**STEFÁN STEINAR STEFÁNSSON**

lést á Landspítalanum 29. september sl.
Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu,
föstudaginn 10. október kl. 13.00.

**Ingvar Stefánsson** **Guðrún Björk Bjarnadóttir**
**Brynhildur Gígja og Hugrún Freyja**



Móðursystir okkar,

**SÓLRÚN HANNIBALSDÓTTIR**

lést á Grund fimmtudaginn 25. september.
Jarðarförin fer fram frá Neskirkju
þriðjudaginn 7. október kl. 13.00.

**Fyrir hönd annarra systkinabarna,**
**Elva, Bára, Lilja og Aðalheiður Steinsdætur,**
**Guðrún Jónsdóttir**



Hjartans þakkir til allra þeirra
sem sýndu okkur samúð og vináttu við
andlát og útför okkar ástkæru

**GUÐNÝJAR GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Suðureyri við Súgandafjörð.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
bráðadeildar Fjórðungssjúkrahússins á
Ísafirði fyrir góða umönnun og hlýju.

**Sigurvin Magnússon og aðrir aðstandendur.**








Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Athöfn
ÚTFARARÞJÓNUSTA
Vönduð og persónuleg þjónusta



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

Sími: 551 7080 - 691 0919
athofn@athofn.is - Akralandi 1 - 108 Reykjavík


**ÞETTA GERÐIST:** 4. OKTÓBER 1895

## Fyrsta Opna bandaríska meistaramótið

Fyrsta Opna bandaríska meistarmótið í golfi var haldið á níu holu golfvelli við Newport Country Club á Rhode Island þann 4. október árið 1895. Ellefu keppendur tóku þátt í mótinu. Þeir spiluðu 36 holur yfir daginn og fór Horace Rawlins, tuttugu og eins árs gamall Englendingur, með sigur af hólmi. Rawlins fékk 150 dollara í verðlaunafé, sem í dag að teknu tilliti til verðbólgu er virði ríflega hálfrar milljónar króna.

Fyrstu árin höfðu Bretar mikla yfirburði á mótinu. Það var ekki fyrr en árið 1911 sem Bandaríkjamaður fór með sigur af hólmi í fyrsta sinn.

Mótið hefur verið haldið árlega síðan að undanskildum stuttum hléum þegar fyrri og seinni heimsstyrjaldirnar stóðu sem hæst. Í dag er Opna bandaríska meistarmótið, eitt af fjórum risamótum sem haldin eru ár hvert og verðlaunaféð mun meira en það var árið 1895. Martin Kaymer, sigurvegari mótsins í ár, fékk 1,6 milljónir dollara í verðlaunafé, tæplega 200 milljónir íslenskra króna.



# Jón Oddur og Jón Bjarni halda upp á fertugsafmæli

Í ár verða fjörutíu ár síðan fyrsta bók Guðrúnar Helgadóttur, Jón Oddur og Jón Bjarni, kom út. Í tilefni af því verður haldin sýning á Borgarbókasafninu við Tryggvagötu Guðrúnu til heiðurs.

„Þetta líf er bara eins og hraðlest," segir Guðrún Helgadóttir, um að í ár verða fjörutíu ár liðin frá því að fyrsta bók hennar kom út, um tvíburabræðurna Jón Odd og Jón Bjarna. „Ég skrifaði að vísu bók þegar ég var þrettán ára og sýndi hana útgefanda en hún kom nú aldrei út," segir Guðrún.

Í tilefni af þessum tímamótum verður sýning haldin til heiðurs Guðrúnu í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Sýningin verður opnuð með sérstakri hátíðardagskrá á safninu klukkan þrjú á sunnudaginn. Þar munu Ari Eldjárn, Katrín Jakobsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir meðal annarra halda tölu yfir gestum safnsins auk þess að tónlist sem samin var við Ástarsögu úr fjöllunum verður flutt.

Sýningin verður uppi allan október á safninu. Þar verður að finna teikningar úr bókum Guðrúnar og fleygar tilvitnanir í bækur hennar. Þá verður brúðan Páll Vilhjálmsson á staðnum auk þess sem hægt verður að lesa bréf sem Astrid Lindgren sendi Guðrúnu.

Guðrún segir bræðurna smám saman hafa orðið til í kollinum á henni. „Þetta var saga sem ég fór að segja börnunum mínum. Aðeins örfáir höfundar skrifuðu af einhverri alvöru fyrir börn á þessum tíma og nægir þar að nefna Jennu Jensdóttur og Stefán Jónsson. En obbinn af þessum bókakosti sem maður sótti á bókasöfnin handa börnunum var fremur óvandaður," segir hún.

Staðan á barnabókamarkaði hafi batnað til muna síðan þá. „Fólk sem sinnir bókum, eins og kennarar, útgefendur og bókasafnsfræðingar, hafa sýnt barnabókum vaxandi athygli enda hefur miklu meira verið vandað til barnabóka á síðustu áratugum."

Guðrún segir sölu fyrstu bókarinnar um Jón Odd og Jón Bjarna hafa farið hægt af stað. „Hún seldist auðvitað afskaplega lítið fyrir þau jól en svo gerðist það að hún fór að rokseljast eftir jól. Um vorið fékk ég síðan barnabókaverðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur sem var mér mikil hvatning."

„Svo fór boltinn að rúlla." segir Guðrún sem gefið hefur út 25 bækur á ferlinum og hafa þær verið þýddar verið þýddar á fjölmörg tungumál. Guðrún segist alla tíð hafa reynt að vanda sig við að skrifa bækur sem bæði börn og fullorðnir hafa gaman af.



**VANDAÐRI** Guðrún segir mun meira lagt í barnabækur nú en fyrir fjörutíu árum.



**JÓN ODDUR OG JÓN BJARNI** Þeir brölluðu nú ýmislegt, þessir.
MYND/ÚR KVIKMYND ÞRÁINN BERTELSSON

„Börn vita ekkert betra en að njóta einhvers með hinum fullorðnu," segir hún.

Aðspurð hvað standi upp úr á síðustu fjörutíu árum segir Guðrún: „Ég er nú eiginlega sammála Silju Aðalsteinsdóttur sem hefur oft sagt að bestu bækurnar mínar séu þríleikurinn Sitji guðs englar, Saman í hring og Sænginni yfir minni. Ég get alveg tekið undir það að ég er ánægð með þær bækur, annars er erfitt að gera upp á milli barnanna sinna." - ih



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**MARÍA BJÖRNSDÓTTIR**
**Lindargötu 57, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn
17. september. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum
auðsýnda samúð og hlýhug.

**Marsibil Harðardóttir** **Elfar H. Þorvaldsson**
**Guðmundur Harðarson** **Kristín Snorradóttir**
**Erla Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra
sem sýndu okkur samúð, hlýhug
og vináttu við andlát og útför

**HARALDAR ARNAR SIGURÐSSONAR**
**klæðskerameistara.**

**Haukur Már Haraldsson**
**Erla Sigurbergsdóttir**
**Þóra Haraldsdóttir**
**Sigurður Haraldsson**
**Haraldur Örn Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Þitt heimili þín stund



Octo 4240 ljós
frá Secto
Verð frá 159.900 kr.

Pasmore hægindastóll
frá Minotti
Verð frá 399.900 kr.

Bacio sófi
frá Rolf Benz
Verð frá 799.900 kr.

Patchwork gólfmotta frá Elle
Sniðin eftir máli.
Verð frá 85.900 kr. pr. fm

Eclipse sófaborð
frá Stua
Verð frá 34.900 kr.

## Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópskri hönnun. Úrvalið einkennist af fallegri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavini við að fegra heimili sín.

**OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ 11–16**



Omaggio vasar / Verð frá 3.890 kr.



Catifa 46 stóll / Verð 49.900 kr.



Silvia ljós / Verð frá 13.900 kr.



Nido hægindastóll / Verð frá 179.900 kr.



CUCU klukkur / Verð frá 12.900 kr.



**ÓTAL STÆRÐIR**
Hægt að raða saman

Quadrant hillueining, L: 154,8 cm, H: 80,5 cm / Verð frá 132.850 kr.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • 534 7777 • modern.is



Ástkær móðir mín,

**ELÍSABET SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**fyrrv. forstöðukona á Akranesi,**

er látin. Útförin fór fram í kyrrþey.
Þeir sem vilja minnast hennar láti dvalarheimilið Höfða njóta þess.

**Sigríður Norðkvist**
**og aðstandendur.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**HELGA PÉTURS ELÍNARSONAR.**

**Camilla Guðbjörg Thim**
**Arnar Breki Helgason**
**Björn G. Þorleifsson**
**Ágúst Ólafur Elínarson**
**Kristjana Ragnheiður Elínardóttir Ingimar Alex Baldursson**
**Steinunn Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Halldórsson**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, stjúpmóðir og kær vinkona,

**AÐALBJÖRG SIGVALDADÓTTIR**
**(ADDA)**
**Þórunnarstræti 133, Akureyri,**

sem lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 24. september, verður jarðsungin þriðjudaginn 7. október kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

**Selma Sverrisdóttir**
**Sævar Sverrisson**
**Agnar Sverrisson Eygló Daníelsdóttir**
**Halldór Björn og Guðbjörg**
**Sverrir Már Sverrisson**
**Fjóla Sverrisdóttir Sigurbjörn Egilson**
**Sverrir Páll, Katrín Alfa, Kolbrún Linda**
**Róbert og Hólmfríður**
**Sigurbjörn Ögmundsson**

---

# Djúpt í huga mínum hringir bjallan inn

**Hátíðadagskrá í tilefni aldarafmælis skólahússins á Bjarnastöðum á Álftanesi verður haldin í dag. Pétur Ármannsson arkitekt var þar í barnaskóla og tekur þátt í dagskránni.**

„Bjarnastaðir er eitt þeirra skólahúsa sem voru reist í kjölfar fyrstu fræðslulaganna er kváðu á um fjögurra ára skólaskyldu fyrir öll börn á Íslandi. Það var teiknað af Rögnvaldi Ólafssyni og Einari Erlendssyni og byggt á fimm mánuðum. Síðan eru liðin hundrað ár,“ segir Pétur Ármannsson arkitekt um skólahúsið á Bjarnastöðum á Álftanesi.

Hann ætlar að segja sögu hússins á hátíðadagskrá í Íþróttahúsi Álftaness í dag sem stendur milli klukkan 14 og 16.

Auk hans verða Vigdís Finnbogadóttir, Guðmundur Andri Thorsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson með erindi í fyrri hluta dagskrárinnar sem nefnist Bessastaðir og Bjarnastaðaskólinn. En í seinni hlutanum rifja fyrrverandi nemendur upp minningar frá Bjarnastöðum. Að lokinni dagskrá verður opið hús að Bjarnastöðum þar sem sýndar verða myndir og munir sem tengjast skólanum.

Reyndar gæti Pétur tekið þátt í minningaþættinum líka því sem barn gekk hann í Bjarnastaðaskóla á árunum 1967 til 1973 og gæti eflaust tekið undir með Magga Eiríks sem orti: Djúpt í huga mínum hringir bjallan inn. „Þetta var ekta sveitaskóli þegar ég var í honum enda var ekkert þéttbýli á Álftanesi þá. Það var kennt í tveimur deildum og voru svona 15-20 krakkar í hvorri deild,“ rifjar hann upp.

Skólahald var á Bjarnastöðum til 1978, eftir það var skrifstofa hreppsins þar uns sveitarfélagið sameinaðist Garðabæ 1. janúar 2013. Á síðustu mánuðum hefur verið unnið að gagngerum endurbótum á húsinu utanverðu. „Þetta er eitt fárra skólahúsa frá fyrri hluta síðustu aldar sem hefur haldið ytra útliti og formi nokkurn veginn í upprunalegri mynd,“ segir Pétur.

gun@frettabladid.is



**BJARNASTAÐIR** Eitt fárra skólahúsa frá upphafi 20. aldar sem haldið hefur ytra útliti.

> **Bjarnastaðir er eitt þeirra skólahúsa sem voru reist í kjölfar fyrstu fræðslulaganna er kváðu á um fjögurra ára skólaskyldu fyrir öll börn á Íslandi. Það var teiknað af Rögnvaldi Ólafssyni og Einari Erlendssyni og byggt á fimm mánuðum. Síðan eru liðin hundrað ár.**
>
> *Pétur Ármannsson arkitekt*



**ARKITEKTINN** Pétur miðlar fróðleik um gamla skólann sinn á hundrað ára afmælishátíðinni í dag.

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVEINBJÖRG ZOPHONÍASDÓTTIR**
**Hraunbæ 103, Reykjavík,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 30. september. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 10. október kl. 13.

**Sveinn Elíasson**
**Ingibjörg Soffía Sveinsdóttir Baldur Jóhann Baldursson**
**Elías Jón Sveinsson Harpa Einarsdóttir**
**Baldur Sveinn Baldursson**
**Lára Helga Sveinsdóttir Karl Baldvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,

**ÁGÚSTÍNA JÓNSDÓTTIR**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 29. september. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi föstudaginn 10. október kl. 13.00.

**Jóhann Ásgeirsson**
**Elísabet Stefánsdóttir Björn Logi Þórarinsson**
**Jón Einar Jóhannsson**
**Berglind Björt, Brynhildur Katla, Ágúst Orri**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,

**MARÍA SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR**
**kennari**
**Goðheimum 15, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 1. október.

**Gísli Héðinsson**
**Ágústa Mjöll Gísladóttir**
**Hjörtur Snær Gíslason**
**Una Sóley Gísladóttir**
**Jónína Melsteð**
**Gunnar Hjörtur Gunnarsson**
**Gunnlaugur Melsteð Gunnarsson**
**Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir**
**Ágústa Lárusdóttir**
**Héðinn Baldvinsson**
**Sigríður Héðinsdóttir**
**Auður Héðinsdóttir**
**Gunnar Pétur Héðinsson**
**Eiríkur G. Ragnarson**
**Pétur Daníelsson**

---



Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BIRGIR HANNESSON**
**Hamraborg 38, Kópavogi,**

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 6. október kl. 11.00.

**Guðrún Björnsdóttir**
**Magnús Birgisson**
**Hannes Birgisson**
**Kristín Birgisdóttir**
**Björgvin Birgisson Jóhanna Stefánsdóttir**
**Brynjar Þór Birgisson**
**Birna, Birgir Snær og Lilja Dögg**

---



Móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÍÐUR B. HJALTESTED**
**hjúkrunarheimilinu Mörk,**
**áður Karfavogi 52, Reykjavík,**

sem lést miðvikudaginn 1. október, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 13. október, klukkan 13.00. Við færum okkar bestu þakkir til starfsfólks á Mörk hjúkrunarheimili fyrir góða umönnun. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Félags aðstandenda Alzheimersjúklinga.

**Þorleifur V. Friðriksson Karen M. Mogensen**
**Friðrik Þór Friðriksson Anna María Karlsdóttir**
**Þórir Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar og amma,

**RAGNHEIÐUR INGVARSDÓTTIR**
**frá Raufarhöfn,**
**Laufvangi 16, Hafnarfirði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 18. september. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 7. október kl. 15.00.
Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim er vildu minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sólvang.

**Erna Fjóla Baldvinsdóttir**
**Dýrfinna Baldvinsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, móðursystir, amma og langamma,

**DAGBJÖRT EINARSDÓTTIR**

er lést mánudaginn 29. september, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 6. október og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Guðrún Kristjánsdóttir Hreinn Pálsson**
**Kristjana M. Kristjánsdóttir Hans Agnarsson**
**Ingunn Kristjánsdóttir Gunnar Arthursson**
**Una Dagbjört Kristjánsdóttir Oddur Einarsson**
**Una Guðnadóttir**
**Sigurður Guðnason Snjólaug Einarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær sambýliskona mín og móðir,

**HÓLMFRÍÐUR V. HAFLIÐADÓTTIR**
**frá Bolungarvík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi í Keflavík 2. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 10. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Landsbjörg, slysavarnadeild kvenna, Bolungarvík.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar Guðmundsson, Friðrik Pétur Sigurðsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# *Nú er lag að njóta lífsins!*

## Ormsson hefur afnumið vörugjöld í öllum verslunum sínum fyrstir allra.

Vegna niðurfellingar vörugjalds hafa öll helstu heimilistækin lækkað í verði um **17%** – og sjónvörp, hljómtæki og annað um **20%**.

### Hér eru dæmi um frábær kaup á mögnuðum tækjum:




**SAMSUNG**

UE **32**/**40**/**48**H5005

LED SJÓNVARP · 100 Hz. · Full HD 1920x1080p
Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist · Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

*ÁÐUR: 109.900*
**32"= *NÚ:* 87.920**

*ÁÐUR: 139.900*
**40"= *NÚ:* 111.920**

*ÁÐUR: 189.900*
**48"= *NÚ:* 151.920**




**SAMSUNG**

UE **40**/**48**/**55**H6675

LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p · 3D · SMART TV

*ÁÐUR: 229.900*
**40"= *NÚ:* 183.920**

*ÁÐUR: 289.900*
**48"= *NÚ:* 231.920**

*ÁÐUR: 369.900*
**55"= *NÚ:* 295.920**

Skjár: Micro Dimming fyrir betri svartann lit · AllShare: Auðvelt að streyma frá öðrum raftækjum í Smart TV · Betri örgjörvi: Quad Core tryggir frábært viðmót í Smart TV · Sérstakt Football Mode sem gerir íþróttaviðburði líflegri · Endalaust úrval af frábærum forritum í Smart Hub · USB upptaka og afspilun · Tvenn þrívíddargleraugu fylgja með og tvær góðar fjarstýringar · Hægt að stýra afruglara með sjónvarpsfjarstýringu · Gervihnatta móttakari




**SAMSUNG**

UE **46**/**55**/**65**H8005

LED SJÓNVARP · 1000 Hz. · Full HD 1920x1080p
SMART TV · CURVED

*ÁÐUR: 499.900*
**46"= *NÚ:* 399.920**

*ÁÐUR: 639.900*
**55"= *NÚ:* 511.920**

*ÁÐUR: 899.900*
**65"= *NÚ:* 719.920**

*Fyrir heimilin í landinu*

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · SAMSUNGSETRID.IS
Opið virka daga kl.10-18 og laugardaga kl.12-16

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS
Opið virka daga kl.10-18 og laugardaga kl.11-15



| KL. 20:05

**Neyðarlínan**

Sigrún Ósk fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum.

# Meiriháttar sunnudagur

| KL. 19:35

**Sjálfstætt fólk**

Nú fylgjum við Mörtu og hennar fólki eftir. Hún dregur ekkert undan enda vön að koma reglulega fram í slúðurdálkum blaðanna.



| KL. 20:35

**Rizzoli & Isles**

Spennandi dramaþáttaröð um rannsóknarlögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles.



| KL. 21:20

**The Knick**

Skurðlæknirinn John W. Thackery er bráðsnjall og metnaðarfullur en hann er háður eiturlyfjum og fíknin getur haft áhrif á hæfni hans.



| KL. 22:00

**The Change-Up**

Tveir vinir sem lifa afar ólíku lífi óska sér að fá tækifæri til að lifa lífi hins og öllum að óvörum rætist óskin.



3 | KL. 21:00

**Eastbound & Down**

Kenny Powers var hent út úr Meistaradeildinni í hafnabolta og hrökklaðist aftur á æskuslóðir sínar.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | 4 | | 2 | |
| | | 3 | | | 8 | 7 | | 4 |
| 1 | 2 | | 6 | | | | 3 | 5 |
| | 6 | | | | 1 | | 4 | |
| | | | 2 | | 6 | 9 | 5 | |
| | 7 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 3 | 5 | 2 | | 6 |
| 3 | | | | | | 4 | | 1 |
| 7 | 1 | | | 8 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | 7 | | | | | 5 |
| 4 | | | 9 | | | | 6 | 7 |
| | | 1 | 2 | | | | 3 | |
| | | | | | 2 | 7 | 1 | 9 |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | | 7 | 5 | | | |
| | | | | 8 | 1 | 9 | | |
| | | | 6 | | | 4 | | |
| 8 | 5 | 7 | | 4 | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 8 | 3 | | 9 | | |
| | 3 | 4 | | | | | | |
| | | | 2 | 4 | | | 7 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | | 6 | | | | |
| | | | | | 4 | | | |
| 9 | | 3 | | 7 | | | 2 | |
| | | 5 | 1 | | | 4 | | 3 |
| | | | | | 7 | 2 | | |
| | 1 | 2 | | | | 5 | 9 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 6 | 7 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 4 | 5 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 2 | 3 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 |
| 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 |
| 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 4 | 7 | 6 | 9 | 2 | 1 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 |
| 5 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 6 |
| 2 | 9 | 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 5 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 |
| 8 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 8 | 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 | 6 | 2 |
| 9 | 8 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 5 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 | 5 | 9 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 9 | 8 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 8 | 4 | 2 | 3 | 1 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Að drepa sjálfan sig er synd gegn lífsins herra. Að lifa sjálfan sig er sjöfalt verra."

*Hannes Hafstein.*



**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT: 2.** ónæði, **6.** Í röð, **8.** keyra, **9.** líða vel, **11.** ógrynni, **12.** samtímis, **14.** kryddblanda, **16.** tónlistarmaður, **17.** eldsneyti, **18.** impra, **20.** bókstafur, **21.** sleit.

**LÓÐRÉTT: 1.** fyrstur, **3.** samtök, **4.** tegund af brauði, **5.** kóf, **7.** skip, **10.** skel, **13.** struns, **15.** skál, **16.** belja, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rask, **6.** rs, **8.** aka, **9.** una, **11.** of, **12.** meðan, **14.** karri, **16.** kk, **17.** kol, **18.** ýja, **20.** ká, **21.** rauf.

**LÓÐRÉTT: 1.** frum, **3.** aa, **4.** skonrok, **5.** kaf, **7.** snekkja, **10.** aða, **13.** ark, **15.** ílát, **16.** kýr, **19.** au.

**SKÁK**

**Gunnar Björnsson**

**Boris Gelfand (2.748) hafði hvítt gegn Dmitry Andreikin (2.722) í 1. umferð Grand Prix-mótsins í Bakú. Hvítur á leik:**



**21. Rf5+ Kh8** (22. ... gxf5 23. Dg5+ Kh8 24. Rxf6 og vinnur) **22. Dh6 Hg8 23. Rxf6** og svartur gafst upp enda hrynur allt eftir 23. ... Dxf6 24. Rd6.
**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga í Rimaskóla.

# ÚTSÖLULOK!



50% AFSLÁTTUR

~~114.900,-~~
57.450,-

mongoose
TYAX COMP 26"



~~78.900,-~~
47.340,-

mongoose
CROSSWAY SPORT 28"

40% AFSLÁTTUR

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HJÓLUM

mongoose

## FLEIRI HJÓL Á ÚTSÖLU Á WWW.GAP.IS

VAXTALAUS STAÐGREIÐSLULÁN BORGUNAR Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI EF VERSLAÐ FYRIR 50.000 EÐA MEIRA

GAP

HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 SÍMI 5 200 200 · GAP.IS

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 50630085
Gasgrill, 6,1 kW.
Án þrýstijafnara.

14.995 kr.

ALMENNT VERÐ: 29.995 KR.

ÞÚ SPARAR 15.000 KR.

VERÐVERND BYKO

LÆGRA VERÐ

# Á VERÐI



Vnr. 13001405
LORA handlaug
á vegg, 50x38 cm.

4.995 kr.

ALMENNT VERÐ: 5.995 KR.

ÞÚ SPARAR 1.000 KR.

Armatura



Vnr. 13001410
ARMATURA vegghengt
salerni, án setu.

8.995 kr.

ALMENNT VERÐ: 11.995 KR.

ÞÚ SPARAR 3.000 KR.

GROHE

ÞÚ SPARAR 15.995 KR.



Vnr. 15327296
GROHE Euphoria
sturtusett með tæki.

63.995 kr.

ALMENNT VERÐ: 79.990 KR.

Harris®



Vnr. 83020210-30
HARRIS Premier pensill,
25, 38, 50 eða 75 mm.
Verð frá:

295 kr.

ALMENNT VERÐ FRÁ: 395 KR.

7 LITRAR

ÞÚ SPARAR 1.000 KR.




Vnr. 89071170
SADOLIN innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 7 l.

5.995 kr.

ALMENNT VERÐ: 6.995 KR.

10 LITRAR

ÞÚ SPARAR 1.995 KR.




Vnr. 89000182
SADOLIN loftamálning,
gljástig 3, hvítt, 10 l.

5.995 kr.

ALMENNT VERÐ: 7.990 KR.




ÞÚ SPARAR 595 KR.

Vnr. 90522343
ULTRAGLOZZ bón,
250 ml.

1.695 kr.

ALMENNT VERÐ: 2.290 KR.



Vnr. 0113451-3
Plastparket, beyki, eik eða hnota,
6 mm, þriggja stafa, 193x1380 mm.

995 kr./m²

ALMENNT VERÐ: 1.390 KR./M²

ÞÚ SPARAR 395 KR./M²



ÞÚ SPARAR 800 KR./M²

Vnr. 13001799
Rustic gólfflísar
30x30 cm, gráar.

2.495 kr./m²

ALMENNT VERÐ: 3.295 KR./M²

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is



ÞÚ SPARAR 1.000 KR.
Vnr. 93460010
Regngalli PVC/nylon, gulur.
1.995 kr.
ALMENNT VERÐ: 2.995 KR.
Vnr. 52248043
Loftljós, 50 cm.
9.995 kr.
ALMENNT VERÐ: 13.995 KR.
ÞÚ SPARAR 4.000 KR.
Vnr. 52237714
VERONA loftljós, 5xE14, 40W
14.995 kr.
ALMENNT VERÐ: 19.995 KR.
ÞÚ SPARAR 5.000 KR.
FYRIR ÞIG
ÞÚ SPARAR 1.000 KR.
Vnr. 41119004
Panna með loki, 28 cm.
2.995 kr.
ALMENNT VERÐ: 3.995 KR.
Vnr. 41100146
Matarstell með gylltu og bláu mynstri, 6 manna, alls 39 stk.
11.595 kr.
ALMENNT VERÐ: 14.595 KR.
ÞÚ SPARAR 3.000 KR.
ÞÚ SPARAR 1.000 KR.
Vnr. 41119004
MELISSA brauðrist.
2.995 kr.
ALMENNT VERÐ: 3.995 KR.
Einhell®
Vnr. 74804116
EINHELL rafhlöðu-skrúfvél, 10,8V.
10.995 kr.
ALMENNT VERÐ: 14.490 KR.
ÞÚ SPARAR 3.495 KR.
HLERI 60X110 CM
LOFTHÆÐ 255-280 CM
ÞÚ SPARAR 9.000 KR.
Vnr. 53330000
RADEX loftastigi, einangraður hleri.
16.995 kr.
ALMENNT VERÐ: 25.995 KR.
ÞÚ SPARAR 10.000 KR.
Vnr. 68870008
ELLIX verkfæravagn og verkfærakista.
19.995 kr.
ALMENNT VERÐ: 29.995 KR.
Vnr. 68870008
TACTIX verkfærabox, 50 cm.
1.495 kr.
ALMENNT VERÐ: 2.890 KR.
ÞÚ SPARAR 1.395 KR.
VERÐLÆKKUN Á HAUSTLAUKUM
Haustlaukar. Verð frá:
295 kr.
Hönnun og umbrot: VERT markaðsstofa
Verð gilda til og með 11.10.2014 eða á meðan birgðir endast.

# Ljóð kvenna lesin og sungin á Bakkanum

Á ljóðahátíð Konubókastofu í Rauða húsinu á Eyrarbakka á sunnudaginn gæðir fólk sér á kaffi og kökum og hlýðir á upplestur og ljúfa tónlist við ljóð kvenna.

„Ég er búin að fá flott ljóðskáld,“ segir Rannveig Anna Jónsdóttir, forstöðumaður Konubókastofu, um dagskrá ljóðahátíðar í Rauða húsinu á Eyrarbakka á sunnudaginn klukkan 14. Hún kynnir til sögunnar Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur, Kristrúnu Guðmundsdóttur, Heiðrúnu Ólafsdóttur og Sigrúnu Haraldsdóttur sem allar lesa upp úr bókum sínum. „Svo mun Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir halda erindi um skáldkonuna Erlu og Lay Low og Agnes Erna Estherardóttir ætla að flytja ljúfa tónlist við ljóð kvenna.“

Rannveig Anna stofnaði Konubókastofuna á síðasta ári. Hún er bókmenntafræðingur og kveðst alin upp í anda kvenréttinda. Þetta tvennt hafi sameinast í hugmyndinni um konubókastofu. „Ég sá safn á Englandi 2008 sem er eingöngu með bækur eftir konur. Þegar ég gekk þar út ákvað ég að stofna svona á Íslandi þegar ég kæmi heim. „Ég sagði mörgum frá fyrirætlan minni og eftir viðtal við mig í Landanum fóru mér að berast bækur eftir konur hvaðanæva af landinu. Hellingur af bókum. Fleiri viðtöl hafa birst og bækurnar streyma til mín stanslaust. Ein kom núna í morgun, afskaplega falleg, hún heitir Ljóðin hennar ömmu og þessi amma hét Laufey Sigríður og var Kristjánsdóttir.



**SAFNVÖRÐURINN** Rannveig Anna stofnaði Konubókastofuna á síðasta ári og segir þangað koma bæði Íslendinga og erlenda ferðamenn. Stofan er hluti hins nýja verkefnis Bókabæirnir austanfjalls. MYND/ÚR EINKASAFNI

Rannveig Anna segir sveitarfélagið Árborg hafa skaffað Konubókastofunni herbergi í Blátúni á Eyrarbakka. „Nú er plássið orðið of lítið þannig að næsta skref er að finna stærra,“ segir hún. „En Rauða húsið er svo elskulegt að leyfa mér að halda ljóðahátíðina þar.“

Konubókastofan er varðveislu- og fræðslusafn með vefsíðuna konubokastofa.is. Elsta bókin þar er frá 1886, það er handavinnubók eftir þrjá höfunda, þar á meðal Þóru biskups. „Hver sem er getur komið og fræðst um bækurnar og höfunda þeirra en við lánum þær ekki úr húsi,“ segir Rannveig Anna sem er í lokin spurð hvort hún sé skáld. „Nei, því miður, það væri dásamlegt. En ég hef heilmikinn áhuga á skáldskap.“ gun@frettabladid.is






**ÉVGÉNÍ KISSIN** „Tæknin var óaðfinnanleg, hröðustu tónahlaup voru glitrandi og flott. Kissin hristi þau fram úr erminni.“ MYND: SHEILA ROCK

# Évgení Kissin er algjör rokkstjarna

TÓNLIST ★★★★★

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Einleikari** Évgení Kissin
**Stjórnandi** Vladimir Ashkenazy
Verk eftir Brahms og Rakmaninoff
**TÓNLEIKAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS**
**ELDBORG Í HÖRPU**
**FIMMTUDAGINN 2. OKTÓBER**

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið byrjuðu ekkert sérstaklega vel. Vladimir Ashkenazy stjórnaði og á dagskránni var þriðja sinfónía Brahms. Þetta var endurtekning frá kvöldinu áður. Kannski voru hljóðfæraleikararnir bara þreyttir. Spilamennskan var óttalega dauf-leg og það voru nokkrar hroðalegar feilnótur í fyrsta kaflanum. Sem betur fer lagaðist tæknilega hliðin eftir því sem á leið. En túlkunin varð samt aldrei þannig að tónlistin gripi mann, sem var synd því þessi sinfónía eftir Brahms er hrífandi fögur.

Flatneskjan skipti þó engu máli, því einleikarinn í hinu verkinu var allt annað en slappur. Það var einn fremsti píanóleikari heims, Évgení Kissin. Hann var í aðalhlutverkinu í öðrum píanókonsert Rakmaninoffs.

Tæknin var óaðfinnanleg, hröðustu tónahlaup voru glitrandi og flott. Kissin hristi þau fram úr erminni. Svo var túlkunin sjálf afar sannfærandi. Myrk stemningin sem einkennir þessa tónlist Rakmaninoffs skilaði sér fullkomlega. Allar sönglínurnar voru unaðslega fallega mótaðar. Hljómsveitin spilaði líka prýðilega hér. Heildarhljómurinn var safaríkur og munúðarfullur. Hann var akkúrat eins og Rakmaninoff á að hljóma.

Einkennandi fyrir spilamennsku Kissins var hve mikið hann notaði allan líkamann. Hljómurinn í píanóinu var ótrúlega breiður, en samt sterkur. Krafturinn kom frá þyngd alls efri hluta líkamans, það var engin óþarfa vöðvaspenna. Þetta gerði tóninn svo mjúkan og eðlilegan.

Rakmaninoff þjáðist af minnimáttarkennd á tímabili, hann var eiginlega hættur að semja eftir slæma útreið sem fyrsta sinfónía hans hlaut. En geðlæknir tók hann í tíma og dáleiddi hann. Það virkaði, afraksturinn var þessi vinsæli píanókonsert sem Rakmaninoff tileinkaði geðlækninum í þakklætisskyni. Óhætt er að segja að konsertinn sé dáleiðandi – hann er svo fagur.

Þegar Kissin var búinn að spila æptu tónleikagestir af hrifningu og stukku á fætur. Ég man ekki eftir öðrum eins fagnaðarlátum á nokkrum klassískum tónleikum sem ég hef farið á. Vinsælir rokktónlistarmenn kalla vissulega fram svona viðbrögð, en ekki fólk úr klassíska geiranum.

Kissin lék tvö aukalög, etýðu opus 39 nr. 5 eftir Rakmaninoff og vals í As-dúr eftir Brahms. Etýðan eftir Rakmaninoff var stórbrotin og glæsileg, valsinn var heillandi í einfaldleika sínum.

Ég verð að segja að þrátt fyrir sinfóníuna eftir Brahms voru tónleikarnir stórkostleg upplifun, þeir voru með þeim bestu sem ég hef farið á þetta árið. Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Þriðja sinfónía Brahms var slöpp, en einleikur Évgenís Kissin í öðrum píanókonsert Rakmaninoffs bætti það upp og vel það. Hann ætti að fá sjö stjörnur í það minnsta.

# Orðaævintýri í Norræna húsinu

Söguheimur þrettán barnabóka hlutgerður.

**Orðaævintýri: sýning um lestrargleði fyrir alla fjölskylduna verður opnuð í Norræna húsinu í dag klukkan 14. Sýningin er hluti af lestrarhátíð Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og Páfugls úti í mýri – Alþjóðlegrar barna- og unglingabókmenntahátíðar í Reykjavík 2014 Á sýningunni má meðal annars finna tveggja hæða kofa, sundlaug fulla af bókstöfum, sögutjald, páfuglinn sjálfan, sögusvið, veðurvegg, bókaísskáp og endurljóðblöndunarsegulvegg.**

**Sýningin er ávöxtur samstarfs þeirra Davíðs Stefánssonar rithöfundar og Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur myndlistarkonu sem hafa sökkt sér ofan í söguheim þrettán norrænna barnabóka og afraksturinn er litríkt ævintýraland þar sem gestir ganga inn í veröld barnabókarinnar og verða þátttakendur í sögum og sagnagerð.**




HUGSAR ÞÚ
VEL UM ÞIG
OG ÞÍNA?
NATRACARE NOTAR AÐEINS LÍFRÆNA BÓMULL
SEM ER RÆKTUÐ OG HREINSUÐ ÁN EITUREFNA.
NOTKUN Á LÍFRÆNNI BÓMULL MINNKAR
LÍKUR Á EITRUN OG SÝKINGUM
Á ÞÍNU VIÐKVÆMASTA SVÆÐI.
natracare
organic & natural
natracare
organic & natural
10
organic cotton cover
super
ultra extra
natracare
organic & natural
12
organic cotton cover
normal
ultra extra pads
plastic free, perfume free and chlorine free
LÍFRÆN DÖMUBINDI OG TÍÐATAPPAR
ÁN KLÓRS
ÁN ILMEFNA
ÁN PLASTEFNA
natracare®
NÁTTÚRULEG VELLÍÐAN

Make it matter.

# Ódýrari í rekstri

með nýrri, byltingarkenndri prenttækni HP og betri orkunýtingu.




HP Officejet Pro X fjölnotaprentarar

**Nýtt hraðamet*** í prentun
– allt að 70 blaðsíður á mínútu

50%
**Helmingi ódýrari í rekstri**
en sambærilegir laserprentarar

Umhverfisvænn

Kynntu þér eiginleika nýju
**„HP PageWide“** tækninnar

*Samkvæmt Guinness World Records og prófunum Buyers Laboratory LLC.

Fáðu ráðgjöf sérfræðinga Opinna kerfa við val á lausnum sem henta þínum þörfum og umhverfi.

Nánar á www.ok.is/ProX

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið



**SÖNGKONAN** „Þetta eru voða skemmtileg lög og textarnir líka,“ segir Jóhanna um dagskrána í Iðnó annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leikhúskenndir tónleikar á alvörutímum

Sviðið í Iðnó verður fullt af músíköntum annað kvöld með Jóhönnu Þórhalls sem miðdepil. Hún lofar skemmtilegu revíuleikhúskvöldi.

„Ég er í því að lifa núna eins og hver dagur sé sá síðasti,“ segir Jóhanna Þórhallsdóttir hlæjandi og kveðst þar vera undir áhrifum frá textum á nýja diskinum sínum, sem ber titilinn Söngvar á alvörutímum. Þá texta segir hún meðal annars eftir Þorvald Þorsteinsson og Guðmund Sigurðsson, tengdaföður hennar, sem var kunnur revíuhöfundur. Hún ætlar að syngja þessa texta við eigin lög á tónleikum í Iðnó annað kvöld, sunnudag, ásamt fleiri snillingum og þar verða líka lög úr söngleikjum og leikritum.

„Þetta er dálítið leikhúskennt prógramm og þess vegna finnst mér svo gaman að vera í Iðnó, það er aðalsöngleikhúsið í mínum huga og heldur vel utan um svona tónleika,“ segir söngkonan.

Á sviðinu með Jóhönnu verða hinn finnski harmónikuleikari Matti Kallio, Kjartan Valdimarsson píanisti, Gunnar Hrafnsson sellóleikari, Jóhann Hjörleifsson trommuleikari, auk þess sem Sigurður Flosason mætir með saxófóninn og Egill Ólafsson tekur lagið með henni. „Við Egill vorum samtímis í Hamrahlíðarkórnum í denn en höfum aldrei sungið tvö saman áður,“ segir hún. Jóhanna getur þess líka að Gunnhildur, dóttir hennar, Einarsdóttir syngi með henni og vinkonur tvær, Thelma Hrönn og Lilja Dögg. „Síðan verður leynigestur,“ en að sjálfsögðu ljóstrar hún engu upp um hann. gun@frettabladid.is

# Átján örleikrit sýnd

Elsku Unnur, Mávagrátur, Möguleikarnir 2014 og Nærvera eru titlar úr leikritaskrá íslensk/færeyskrar stuttverkahátíðar sem stendur yfir í Kópavogi í dag.

„Það verða fimmtán örleikrit frá sjö íslenskum áhugaleikfélögum sýnd í dag í Funalind 2 í Kópavogi. Auk þess koma þrjú frá Færeyjum,“ segir Þorgeir Tryggvason, einn þeirra sem halda utan um stuttverkahátíð undir merkjum Norður-Evrópska áhugaleikhússambandsins, NEATA. Hann er líka leikstjóri tveggja verkanna sem Hugleikur teflir fram.

Hátíðin byrjar klukkan 13 í dag og endar á sameiginlegum hátíðarkvöldverði í Hlégarði í Mosfellsbæ.

Þorgeir segir leikverkin vera frá þremur upp í fimmtán mínútur að lengd og að umgjörðin sé einföld. „Mörg þessara leikrita verða til á námskeiðum innan áhugaleikfélaganna, þar er lögð rækt við þetta form. Frændur okkar í Færeyjum hafa líka tileinkað sér stuttverkasmíð á síðustu árum og þetta er í þriðja sinn sem þeir taka þátt í svona hátíð með okkur, ein þeirra var í Færeyjum.“ Hann upplýsir líka að íslensku verkin fari í leikritabanka Bandalags íslenskra leikfélaga.

Þegar sýningum lýkur síðdegis í dag sjá Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Karl Ágúst Úlfsson um gagnrýni og umræður. - gun



**TOGGI** Þorgeir leikstýrir tveimur stuttverkum í dag sem leikfélagið Hugleikur teflir fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Fjölskyldufjör á laugardag
Kaffi, kleinur og ís*
*Tilboðin gilda á meðan birgðir endast
Ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira fylgir gjöf
Allt að 90% afsláttur
Ævar vísindamaður kemur á laugardag kl. 14.00
Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!
LOKAHELGI
RISALAGERSALA
á Fiskislóð 39
Opið alla helgina kl. 10–19
Tískustelpur
990 kr.
Sjóræningjar
499 kr.
Krakkinn sem hvarf
1.290 kr.
Stefán Máni
Feigð
99 kr.
Feigð, Stefán Máni
Dögun
Stephenie Meyer
690 kr.
Jacqueline Wilson
Hvalirnir syngja
490 kr.
Gerðu eins og ég
990 kr.
Myndlist í þrjátíu þúsund ár
990 kr.
Aðþrengd í Odessu
99 kr.
Alvara leiksins
990 kr.
Spilabókin
Allir helstu spilaleikir og spil
1.499 kr.
2 fyrir 1
Heimsréttir Rikku
1.290 kr.
*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.
LOKAHELGI – LOKAHELGI – LOKAHELGI – LOKAHELGI – LOKAHELGI – LOKAHELGI

# LAUGARDAGUR 4. OKTÓBER 2014

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**14.00** Ástarsöga úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur verður nú flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn tónskáldsins Guðna Franzsonar, í nýjum sinfónískum búningi. Við sögusteininn situr Egill Ólafsson sem flytur ævintýrið í tali og tónum á sinn óviðjafnanlega hátt. Til að skapa tröllunum rétta umgjörð í Eldborgarsal Hörpu verður kraftmiklum tröllamyndum Brians Pilkington varpað upp meðan á flutningi stendur. Miðar frá 2.000 kr.

**14.00** Prins Póló og Dr. Gunni troða upp í Bæjarbíói í Hafnarfirðinum.

**20.00** Stóns halda tónleika til heiðurs Rolling Stones í Háskólabíói í kvöld. Miðaverð 6.990 krónur.

**20.00** Djeli Moussa Condé treður aftur upp í Salnum í Kópavogi.

**20.00** Djeli Moussa Condé frá Gíneu spilar í Salnum í Hamraborg í kvöld. 3.900 krónur inn.

**20.00** Led Zeppelin tribjút-tónleikar í Hörpu í kvöld. Eiríkur Hauksson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og fleiri koma fram.

**21.00** KK og Maggi spila sígild lög á Café Rósenberg í kvöld.

**22.00** Rokksveitin Nykur spilar á Dillon í kvöld. DJ Andrea þeytir skífum á eftir.

**22.00** Hljómsveitin klassíska Bravó spilar á Græna hattinum á Akureyri í kvöld. 2.900 krónur inn.

**22.00** Sage Francis er mörgum Íslendingum kunnur enda er þetta í fjórða skipti sem hann sækir okkur heim. Frábært rímnaflæði, lífleg sviðsframkoma og auðmjúkir textar einkenna hann helst. Lord Pusswhip & Vrong sjá um upphitun. 2.500 krónur inn.

**23.00** Páll Óskar spilar í Smáralindinni í kvöld. 3.000 krónur inn.

### Síðustu forvöð

**10.00** Seinasta tækifæri til að sjá Roundabouts eftir Andreas Eiriksson á Kjarvalsstöðum.

**10.00** Síðasta tækifæri til að sjá Top Soil eftir Andreas Eiriksson á Kjarvalsstöðum.

**11.00** Seinasta tækifæri til að sjá sýninguna Selfsame í Hverfisgallerí eftir Bjarka Bragason, Claudiu Hausfeld og Hildigunni Birgisdóttur.

**17.00** Síðasta tækifæri til að sjá sýningu í Hafnarhúsinu byggða í kringum bókina The Painting that Escaped from Its Frame eftir JBK Ransu.

### Hátíðir

**14.00** All Change Festival er sviðslistahátíð sem fer fram í Tjarnarbíói 4. og 5. október og leggur áherslu á ólíka sköpun leiksýninga og spyr: Hvað er leikrit? Fjölbreytt dagskrá í dag.

### Tónlist

**23.30** Klúbbakvöldið Lagaffe Tales verður á Paloma í kvöld. Skemmtileg danstónlist frá klukkan 23.30 til 04.30.

### Myndlist

**12.00** Málverkasýningin Life of Flowers eftir Georg Douglas opnuð í ART67 á Laugavegi 67.

**14.00** Opnun sýningarinnar Sweet Life eftir Örnu Óttarsdóttur í Harbinger á Freyjugötu 1.

**14.00** Opnunarsýning Gallerýs Ports á Nýbýlavegi 8. Verk eftir 27 listamenn til sýningar, meðal annars eftir Jón Óskar, Huldu Hákon, Bjarna Sigurbjörnsson, Ómar Stefánsson, Erling Klingenberg og Erlu Þórarinsdóttur.

**17.00** Dodda Maggý sýnir vídeóverk sín í Listasafni Íslands í dag.

### Markaðir

**11.00** Andri Freyr Viðarsson og tískudrósin sanngjarna Hanna Lind munu sameina krafta sína í fatabás (með dass af öðrum gersemum) í Flóamarkaðnum Eiðistorgi í dag.

**11.00** Núna er starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar Öskju á leið í Kolaportið til að selja föt, DVD, glös, glingur, snyrtidót og fleiri hluti. Ástæða þessarar fjáröflunar er námsferð í Háskólann í Edinborg þar sem starfsmenn Öskju munu sækja námskeið þar sem þeir læra um útinám miðað að einstaklingum með fötlun.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is*

# Battlarinn snýr aftur

## Bandaríski rapparinn Sage Francis treður aftur upp á Íslandi í kvöld.

Bandaríski rapparinn Sage Francis kemur fram á tónleikum á Húrra í kvöld en hann hefur troðið upp nokkrum sinnum á landinu áður. Francis er stórt nafn í jaðarrappsenunni en hann er mjög þekktur „battle“-rappari, þ.e. rappari sem mætir öðrum rappara í rímnabattli sem er oftast spunnið á staðnum.

Þá hefur hann hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir tónlist sína og persónulega texta en hann er rómaður fyrir mjög líflega sviðsframkomu og fjöruga tónleika. Þetta verður fyrsta stoppið hans á Evróputúrnum þar sem hann kynnir fimmtu plötuna sína, Copper Gone.

Þeir Lord Pusswhip & Vrong munu sjá um upphitun fyrir Francis en þeir hafa vakið athygli í íslensku tónlistarsenunni fyrir framúrstefnulegt hipphopp og öðruvísi raftónlist. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og kostar 2.500 krónur inn.

- asi



**FJÖRUGUR** Sage Francis er rómaður fyrir skemmtilega sviðsframkomu. MYND/GETTY

„PROST“
á Októberfest



Settu skemmtilegan svip á veitingastaðinn með alvöru bjórkönnum og stígvélum, nú þegar Októberfest er gengin í garð. Kynntu þér úrvalið hjá sölumönnum Fastus.

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • sími 580 3900 • www.fastus.is • opið mán - fös 8.30 - 17.00

FASTUS_E_38.10.14









# TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI

## NÝTT LEIKRIT EFTIR HULDAR BREIÐFJÖRÐ

★★★★

**„Gaukar er frábærlega skrifað verk og vel unnið í alla staði.“**
H.A. – DV

| | | |
|---|---|---|
| sun. | 5/10 kl. 20 | ÖRFÁ SÆTI |
| fös. | 10/10 kl. 20 | ÖRFÁ SÆTI |
| sun. | 12/10 kl. 20 | ÖRFÁ SÆTI |
| fös. | 17/10 kl. 20 | |
| lau. | 18/10 kl. 20 | |
| fim. | 23/10 kl. 20 | |
| sun. | 26/10 kl. 20 | |
| fös. | 31/10 kl. 20 | ÖRFÁ SÆTI |

## VERÐLAUNASÝNING AÐ NORÐAN Á STÓRA SVIÐINU

★★★★★

**"Með merkilegri leiksýningum í seinni tíð"**
H.A. – DV

| | | |
|---|---|---|
| fös. | 3/10 kl. 20 | ÖRFÁ SÆTI |
| fim. | 9/10 kl. 20 | |
| fös. | 10/10 kl. 20 | ÖRFÁ SÆTI |
| fim. | 16/10 kl. 20 | |
| fös. | 17/10 kl. 20 | ÖRFÁ SÆTI |
| fös. | 24/10 kl. 20 | ÖRFÁ SÆTI |

# TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS

# LÍFIÐ





DAGSKRÁ RIFF
HELGIN 4. & 5.10.

Laugardagur

| TÍMI | STAÐUR | MYND |
|---|---|---|
| 13:30 | Bíó Paradís 1 | Lokamark Q&A |
| 13:30 | Bíó Paradís 2 | Við götuna Q&A |
| 14:00 | Bíó Paradís 3 | Sumarnætur Q&A |
| 14:00 | Háskólabíó 2 | Lifi Frakkland |
| 14:00 | Háskólabíó 3 | Bota Q&A |
| 14:00 | Norræna húsið | Erlendar stuttmyndir. Ókeypis! |
| 15:45 | Bíó Paradís 1 | Lífið er ljúft |
| 16:00 | Bíó Paradís 2 | Fuglaþingið Q&A |
| 16:00 | Háskólabíó 2 | Draumurinn um fjölskyldu |
| 16:00 | Háskólabíó 3 | Kebab og stjörnuspá |
| 16:00 | Norræna húsið | Erlendar stuttmyndir. Ókeypis! |
| 16:15 | Bíó Paradís 3 | Safnið mikilvirka Q&A |
| 17:45 | Bíó Paradís 1 | Í náðinni |
| 18:00 | Bíó Paradís 2 | Áður en ég hverf |
| 18:00 | Háskólabíó 2 | Agnarsmátt |
| 18:00 | Háskólabíó 3 | Monsún |
| 18:00 | Norræna húsið | Erlendar stuttmyndir. Ókeypis! |
| 18:15 | Bíó Paradís 3 | Dulið stríð |
| 20:00 | Háskólabíó 2 | Undrin |
| 20:00 | Háskólabíó 3 | Morgunroði |
| 20:00 | Norræna húsið | Qaqqat alanngui |
| 20:15 | Bíó Paradís 1 | Á nýjum stað |
| 20:15 | Bíó Paradís 2 | Mannætuöldin |
| 20:15 | Bíó Paradís 3 | Beðið fram í ágúst |
| 21:45 | Bíó Paradís 1 | Xenia |
| 22:00 | Háskólabíó 2 | Brýrnar í Sarajevo |
| 22:00 | Háskólabíó 3 | Framleitt samþykki |
| 22:15 | Bíó Paradís 3 | Örlög |
| 22:30 | Bíó Paradís 2 | Marmato |
| 0:00 | Háskólabíó 2 | Óværan |
| 0:00 | Bíó Paradís 1 | Lifi frelsið |
| 0:15 | Bíó Paradís 2 | Menningarvíman |

Sunnudagur

| TÍMI | STAÐUR | MYND |
|---|---|---|
| 13:30 | Bíó Paradís 1 | Litli Quinquin 1 |
| 13:30 | Bíó Paradís 2 | Pulp: Kvikmynd um lífið, dauðann og stórmarkaði Q&A |
| 14:00 | Bíó Paradís 3 | Hve furðulegt að heita Federico! |
| 14:00 | Háskólabíó 2 | Tir |
| 14:00 | Háskólabíó 3 | Touma húsið |
| 15:30 | Bíó Paradís 1 | Litli Quinquin 2 |
| 15:30 | Bíó Paradís 2 | Óljós mörk |
| 16:00 | Bíó Paradís 3 | Lúdó |
| 16:00 | Háskólabíó 2 | Undrin |
| 16:00 | Háskólabíó 3 | Tilkynnt síðar. Sjá riff.is |
| 17:30 | Bíó Paradís 1 | Gósenlandið |
| 17:30 | Bíó Paradís 2 | Timbúktú |
| 18:00 | Bíó Paradís 3 | Ballettstrákar |
| 18:00 | Háskólabíó 2 | Uppvöxtur |
| 18:00 | Háskólabíó 3 | Tilkynnt síðar. Sjá riff.is |
| 18:00 | Norræna húsið | Stuttmyndir fra Grænlandi og Færeyjum |
| 19:30 | Bíó Paradís 1 | Kennslustundin |
| 19:30 | Bíó Paradís 2 | Tilkynnt síðar. Sjá riff.is |
| 20:00 | Bíó Paradís 3 | Monsún |
| 20:00 | Háskólabíó 3 | Sumarnætur |
| 20:00 | Norræna húsið | Leyndardómar vörðunnar í norðri |
| 21:00 | Háskólabíó 2 | Dúfa sat á grein og hugleiddi tilveruna |
| 21:30 | Bíó Paradís 1 | Snúið aftur til Íþöku |
| 21:30 | Bíó Paradís 2 | Söngur og Napólí |
| 22:00 | Bíó Paradís 3 | Framleitt samþykki: Noam Chomsky og fjölmiðlar |
| 22:00 | Háskólabíó 3 | Í náðinni |
| 23:00 | Háskólabíó 2 | Hinn heilagi Hringvegur / Með andann á lofti |
| 23:30 | Bíó Paradís 1 | Fuglaþingið |
| 23:45 | Bíó Paradís 2 | Skorturinn |




**ÞORBJÖRG HELGA LÉK AÐALHLUTVERK Í MÁLMHAUS** Búið er að selja myndina til margra landa. MYND/SKJÁSKOT

# Málmhaus loksins verðlaunuð úti

## Hlaut fimm verðlaun á kvikmynda- og tónlistarhátíðinni Hell's Half Mile Festival í Michigan. Þorbjörg Helga hlaut meðal annars verðlaun fyrir leik sinn.

„Þetta er bara gaman," segir Davíð Óskar Ólafsson, annar framleiðenda kvikmyndarinnar Málmhauss frá 2013 sem fór sannkallaða sigurför á Hell's Half Mile kvikmynda- og tónlistarhátíðina í Michigan í síðustu viku. Myndin hlaut dómaraverðlaunin sem besta mynd í fullri lengd og áhorfendaverðlaunin sem besta erlenda myndin. Þá hlaut Pétur Ben verðlaun fyrir bestu tónlistina, Þorbjörg Helga Dýrfjörð hlaut verðlaun sem besta aðalleikkonan og Ingvar E. Sigurðsson hlaut verðlaun sem besti aukaleikarinn. Ekkert þeirra gat verið viðstatt til að taka á móti verðlaununum en forsvarsmenn hátíðarinnar höfðu haft beint samband við dreifingaraðila myndarinnar í Bandaríkjunum.

„Það má segja að myndin hafi „hittað" þarna," segir Davíð. „Kannski verður spennandi að sjá hvort þetta sé fyrirboði fyrir dreifinguna í Bandaríkjunum." Búið er að selja myndina til Bandaríkjanna, Þýskalands, Ástralíu, Kanada, Spánar og Svíþjóðar en að sögn Davíðs eru fleiri sölur í bígerð eftir að hún seldist til Bandaríkjanna. Að sögn Davíðs er oft barist um það að ná sölu á kvikmynd í Bandaríkjunum þar sem það opni oft fyrir enn frekari sölu. Hell's Half Mile Film & Music Festival er hátíð tileinkuð samruna tónlistar og kvikmynda. Hún er haldin árlega í Bay City í Michigan í Bandaríkjunum. Þetta er níunda árið sem hátíðin er haldin.

> **Það má segja að myndin hafi „hittað" þarna.**
> *Davíð Óskar Ólafsson, framleiðandi.*

Þetta er í fyrsta skipti sem Málmhaus hlýtur erlend verðlaun en hún hefur þó verið tilnefnd áður. „Hún hefur farið á fullt af erlendum kvikmyndahátíðum og nú hafa dottið inn dómar um hana. Allir eru að gefa henni mjög góða dóma, þannig að það er gaman að sjá að það sé tekið ótrúlega vel í hana í útlöndum," segir Davíð. Málmhaus fór einnig sigurför á Eddu-verðlaunahátíðinni í ár. Eddu-verðlaunin hlutu þau Þorbjörg Helga sem besta leikkona í aðalhlutverki, Halldóra Geirharðsdóttir sem besta leikkona í aukahlutverki, Pétur Ben fyrir tónlistina, Valdís Óskarsdóttir fyrir klippingu, Helga Rós V. Hannam fyrir búninga og Steinunn Þórðardóttir fyrir förðun.

thorduringi@frettabladid.is





**Hreyfill/Bæjarleiðir er styrktaraðili árvekniátaks Krabbameinsfélagsins í október og nóvember**

*Með hverri pantaðri ferð styrkir þú verkefni Krabbameinsfélagsins til að berjast gegn krabbameinum hjá konum.*

*Af því tilefni höfum við sérmerkt bílana okkar enn á ný með bleikum taxaljósum og munu bílstjórarnir taka fagnandi á móti þér.*



Bleika slaufan

**Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!**

„Bleika slaufan" er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.

OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

TAXI HREYFILL BÆJARLEIÐIR

5 88 55 22




Ég hef flutt mig um set

Býð alla gamla og nýja viðskiptavini velkomna

Scala HAIR & MAKEUP

BOGGA GSM 868 3913

LÁGMÚLA 5 - 108 RVÍK - SÍMI 553 1033 - SCALA.IS



# Stjarna Kendall Jenner skein á tískupöllunum

Nýverið lauk tískuvikunum í París og Mílanó. Ein eftirsóttasta fyrirsætan þetta árið var raunveruleikastjarnan Kendall Jenner sem þrammaði tískupallinn fyrir helstu hönnuði heimsins og hlaut mikið lof fyrir. Hún er á góðri leið með að verða vinsælli en systur hennar, þær Kim, Khloe og Kourtney Kardashian.


















**GLÖÐ** Ellen Pompeo er í skýjunum yfir viðbótinni í fjölskylduna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eignaðist stúlku

Leikkonan Ellen Pompeo eignaðist sitt annað barn á dögunum, litla stúlku. Pompeo og eiginmaður hennar, Chris Ivery, fengu staðgöngumóður til að ganga með barnið og tilkynntu þau um fæðinguna þann 2. október síðastliðinn. Dóttirin hefur fengið nafnið Sienna en fyrir áttu þau Stellu sem er fimm ára. Pompeo er best þekkt fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum vinsælu Grey's Anatomy sem siglir nú inn í sína elleftu seríu á skjánum.



**SPENNANDI** Það verður nóg að gera á næstu mánuðum hjá Zoe Saldana sem á von á tvíburum á næstunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tvö á leiðinni

Leikkonan Zoe Saldana hefur staðfest að hún og eiginmaður hennar, Marco Perego, eigi von á tvíburum á næstu mánuðum. Saldana ákvað að tilkynna fréttirnar í beinni hjá E! News er þeir spurðu hana hverju hún ætlaði að klæðast á hrekkjavökunni. „Ég held að ég þurfi að troða mér í þrjá búninga, þarf hugsanlega að gera einhverjar lagfæringar hér og þar en það reddast.“

Saldana er þekkt fyrir hlutverk sín sem Neytiri í Avatar og Gamora í Guardians of the Galaxy.



## Tónlistarsjóður

Umsóknarfrestur til **17. nóvember**

Tónlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 2015.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á **www.rannis.is** Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi. **Umsóknarfrestur rennur út 17. nóvember 2014.**

Auglýst verður eftir umsóknum í apríl 2015 vegna verkefna á seinni hluta ársins.

**Nánari upplýsingar veitir**
Ragnhildur Zoëga, sími 515 5800,
ragnhildur.zoega@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Tveggja tíma spuni

Auðunn Lúthersson og Þórdís Björk skipa raftónlistardúettinn Himbrim.

„Leikhússpuni er alltaf jafn spennandi, maður labbar inn og veit ekkert hvers konar tónlist og hreyfingar fæðast,“ segir Auðunn Lúthersson, nemi í djassdeild FÍH, sem ásamt Þórdísi Björk Þorfinnsdóttur stofnaði raftónlistardúettinn Himbrim á dögunum. Þau hafa í samstarfi við Hrefnu Lind Lárusdóttur staðið fyrir æfingum í Tjarnarbíói þar sem dúettinn spinnur tónlist og hópur sviðslistamanna endurómar hana með líkamstjáningu – eða öfugt.

Þótt Þórdís Björk verði fjarri góðu gamni hyggst Auðunn halda uppi merkjum dúettsins í tveggja tíma samfelldum miðnæturspuna í Tjarnarbíói í kvöld. „Hrefna Lind fer fremst í flokki dansaranna og var helsta driffjöðrin í æfingunum í sumar. Hún stundar nám í leikrænni líkamstjáningu, physical theater, í háskóla í Colorado eins og Halldóra Mark, sem einnig verður með í miðnæturspunanum auk fleiri listamanna,“ segir Auðunn og útskýrir sinn þátt í spunanum.

„Ég spila eigin tónlist á tölvuna mína, sem ég er áður búinn að forrita, t.d. með gítarstefjum, jafnvel söng, og get um leið unnið tónlistina og átt við hana eins og hentar spunanum. Stundum er tónlistin róleg, stundum algjörlega geðveik, allt eftir því hvert spuninn leiðir mig. Í stuttu máli er verkið samspil tónlistar og hreyfingar.“

Auðunn segir miklar tilfinningar og dýnamík í spilinu sem og, eðli málsins samkvæmt, í líkamstjáningu sviðslistamannanna. Hann notar yfirleitt ekki aftur tónlistina úr spunanum en viðurkennir að hún verði sér stundum uppspretta hugmynda. „Spunatónlistin er í raun einnota, hún fæðist í augnablikinu og er skemmtilegust á því augnabliki,“ segir hann.

Þórdís Björk er ein af Reykjavíkurdætrum og segir Auðunn að tildrög þess að þau tvö stilltu saman strengi megi rekja til þess að hann samdi undirspil við rapp og söng þeirra Borgardætra. „Svo fattaði ég hvað Dísa er frábær söngkona og í kjölfarið fórum við að vinna saman.“ Dúettinn hefur nokkrum sinnum komið fram, t.d. á tónlistarhátíðinni Gærunni á Sauðárkróki. „Við höfum gefið út tvö tónlistarmyndbönd, Running in Circle og Thinking about You, og erum að hugleiða frekari útgáfu. Við erum þó lítið að pæla í plötuútgáfu, platan er dauð, aðalfókusinn er að vinna að skemmtilegu myndefni, tengja það við tónlistina og koma á YouTube.“

valgerdur@frettabladid.is



**SAMSPIL** Auðunn Lúthersson tónlistarmaður með stjórnendum leikhópsins til beggja handa, Hrefnu Lind Lárusdóttur, t.v., og Halldóru Mark. MYND/VALLI

## All Change-sviðslistahátíðin

Miðnæturspuninn er hluti af All Change-sviðslistahátíðinni. All Change-hátíðin er samstarfsverkefni Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO, Tjarnarbíós og Vinnslunnar og tengist dagskráin Lestrarhátíð Reykjavíkur. Hátíðin, sem er haldin 4. og 5. október í fimm borgum; Reykjavík, London, Augsburg, New York og New Orleans, byggir á alþjóðlegu samstarfi leikhúslistamanna og er hluti af bresku hátíðinni Fun Palaces.


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

S A F T






ÞÚ KEMST ALLRA ÞINNA FERÐA Á NISSAN LEAF FYRIR EINUNGIS BROT AF ELDSNEYTISKOSTNAÐI HEFÐBUNDINS BÍLS

**5 ÁRA ÁBYRGÐ**
Öllum Nissan Leaf rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 3 ára verksmiðjuábyrgð auk 5 ára verksmiðjuábyrgðar á rafhlöðu sem tryggir þig fyrir mögulegum bilunum, innköllunum eða uppfærslum á búnaði sem kunna að koma upp yfir ábyrgðartímann.

**NOTAÐUR BÍLL SEM INNÁBORGUN**
Þeir sem kaupa Nissan Leaf Nordic rafbíl frá BL ehf. geta greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl. Restina er hægt að taka að láni að hluta eða öllu leyti.

**45 DAGA SKIPTIRÉTTUR**
Langar þig að prófa en ert ekki viss? Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 45 daga skiptiréttur.**

**Ef viðskiptavinur sem keypt hefur Nissan Leaf Nordic telur bílinn ekki henta þörfum sínum bjóðum við 45 daga skiptirétt. Viðskiptavinur getur þá skilað bílnum og látið kaupverðið ganga upp í kaup á sambærilegum eða dýrari nýjum bíl frá BL ehf. Miðað er við að bíllinn sé ekinn að hámarki 1.500 km á tímabilinu.

*Miðað við verðskrá ON 10.09.2014 og 1.250 km akstur á mánuði / 15.000 km á ári.

BL **BL ehf** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# Rannsaka tengsl á milli þyngdar og kynlífs

Aletha Akers stýrir rannsókn um stefnumótavenjur og áhættuhegðun táningsstúlkna í kynlífi.

Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna ver hálfri milljón dollara, rúmlega sextíu milljónum íslenskra króna, í nýja rannsókn um stefnumótavenjur of feitra táningsstúlkna.

Í texta um rannsóknina stendur að stúlkur í yfirþyngd fari á færri stefnumót og stundi sjaldnar kynlíf en þær stúlkur sem eru ekki of þungar. Þá taka þær oftar áhættu í kynlífi, til dæmis með því að nota ekki getnaðarvarnir.

Vísindamenn ætla að fylgjast með kynlífsvenjum of feitra stúlkna og þeirra sem eru ekki í yfirþyngd í fjögur ár til að reyna að komast að því hvort tengsl séu á milli þessarar áhættuhegðunar í kynlífi og þeirrar staðreyndar að of þungar táningsstúlkur fari sjaldnar á stefnumót en jafnöldrur þeirra sem eru í kjörþyngd.

Doktor Aletha Akers hjá University of Pittsburgh School of Medicine stýrir rannsókninni ásamt samstarfsfólki sínu, en í rannsóknum hennar hefur áður komið fram að stúlkur, sem finnst þær of feitar þó að þær séu það ekki endilega samkvæmt stöðlum, séu líklegri til að byrja að stunda kynlíf fyrir þrettán ára aldur en stelpur sem finnst þær grannar eða passlega þungar. - lkg



**LÍKLEGRI TIL AÐ BYRJA AÐ STUNDA KYNLÍF FYRR** Stelpur sem upplifa sig of feitar, þó þær séu það ekki samkvæmt stöðlum, eru líklegri til að byrja að stunda kynlíf fyrir 13 ára aldur. AFP/NORDICPHOTOS



**FÆRRI VINIR Á TWITTER** Fylgjendum fækkar eftir sambandsslit.

## Vinafærri eftir sambandsslit

Venkata Garimella hjá Aalto-háskóla í Finnlandi hóaði saman nokkrum vinum sínum til að rannsaka hvaða áhrif sambandsslit hafa á fylgjendafjöldann á Twitter.

Venkata og vinir fundu fjörutíu þúsund pör á Twitter og fylgdust með hvað gerðist á samfélagsmiðlinum þegar slitnaði upp úr samböndum paranna sem um ræðir.

Í ljós kom að fylgjendum þeirra fækkaði um fimmtán til tuttugu, en líklega eru einhverjir af þeim sameiginlegir vinir fyrrverandi parsins. - lkg



**STEVIE WONDER** AFP/NORDICPHOTOS

## Segja Wonder ekki blindan

„Enginn segir að Stevie Wonder sé í raun ekki blindur. Enginn er að halda því fram. En að því sögðu, Stevie Wonder er kannski ekki blindur," segir í grein á bandaríska miðlinum Deadspin, sem er vinsæll fréttavefur í Bandaríkjunum. Þar hefur nú birst úttekt á þeim samsæriskenningum sem snúast um að söngvarinn frægi Stevie Wonder sé í raun ekki blindur.

Deadspin hefur fjallað um hinar ýmsu samsæriskenningar að undanförnu og bætti þessum kenningum, sem fjalla um blindu Stevie Wonder, við í gær. - lkg



**MILA KUNIS** Varð stjarna þegar hún lék í þáttaröðinni vinsælu That 70's Show. AFP/NORDICPHOTOS

## Stríða aðdáendum sínum

Leikarinn Ashton Kutcher og leikkonan Mila Kunis eignuðust sitt fyrsta barn, Wyatt Isabelle Kutcher, á þriðjudag.

Skötuhjúin stríða aðdáendum sínum á heimasíðu Ashtons þar sem þau birta fullt af barnamyndum og mynd af geit.

„Hérna er barnamyndin. Tja, ein af þeim er sú rétta. Getur þyrlan núna hætt að fljúga yfir húsið okkar, það er barn sofandi hér inni! Og hún er súper sæt," skrifar Ashton við myndirnar.

„Mila og ég viljum bjóða Wyatt Isabelle Kutcher velkomna í heiminn. Megi líf þitt verða fullt af undrum, ást, hlátri, heilbrigði, hamingju, forvitni og einkalífi. Getið þið fundið það út hvaða barn er okkar eða skiptir það einhverju máli? Öll börn eru sæt." - lkg



# Hið leiðinlega norræna fólk

**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Sú mýta að norrænt fólk sé þögult og leiðinlegt lifir góðu lífi víða á Spáni. Óviljandi hef ég nú lagt mín lóð á vogarskálarnar til þess að blása nýju lífi í hana hér í strandbænum Fuengirola, þangað sem ég er nýfluttur.



**ÞAÐ** vildi þannig til að ég fór svo illa að ráði mínu að fá mér rótsterkan kaffisopa áður en ég fór í morgunskokkið nú um daginn. Ég var rétt kominn af stað þegar mér varð ljóst að kaffið tók svo hraustlega til í kroppnum að farið var að þrýsta á að kvöldverðinum frá deginum áður yrði fleygt út um óæðri endann. Ég hafði þó ekki trú á öðru en ég yrði ekki inntur um þetta óþarflega mikið meðan á skokkinu stæði.

**VIRTIST** það ætla að ganga eftir þar til ég er kominn að strandbarnum þar sem ég sný við til að skokka heim. Þá var eins og dyraverðir í þörmum yrðu slakir, farnir að hugsa sem svo að nú værum við á heimleið og því óþarfi að vera að þrengja óþarflega að kvöldverðinum. En það voru þó nokkrir kílómetrar enn í Gustavsberg. Þeir sem hafa reynt vita að það er óþægilegt að skokka við þessar aðstæður. Ég varð nú að sperra rasskinnar af miklu afli. Skokkið varð því að göngukeppni og er ég nú meðvitaður um hvernig sú ólympíska íþróttagrein varð til.

**ÞETTA** varð að þvílíkri píslargöngu að ég var aðframkominn er mig bar að blokkinni minni. Þegar ég er loks kominn í lyftuna þurfti nágranni minn endilega að skella sér inn með mér. Hjá honum voru það dyraverðirnir í efra opinu sem virkuðu ekki því munnræpan stóð út úr honum og skipti engu þó ég væri hrelldur í framan líkt og sjóveikur krakki og síðan með höndina í rassinum svo ekki yrði úr hin óþægilegasta lífsreynsla fyrir okkur báða.

**ÞEGAR** ég er loks kominn á mína hæð lýkur hann kjaftavaðli sínum með því að segja: „Ég heiti Juan, Gaman að kynnast þér.“ Svo réttir hann mér höndina.

**JÁ**, mýtan um ókurteisa, þögula og beinlínis leiðinlega norræna fólkið lifir góðu lífi hér í Fuengirola. Alla vega á stigaganginum hjá mér.

# Barist við hefðirnar

★★★★☆




**Difret**
**LEIKSTJÓRI:** Zeresenay Mehari
**IMDB 7,1**



**VARÐI SIG** Hirut myrti manninn sem rændi henni. MYND/SKJÁSKOT

Difret er eþíópísk mynd sem kom út á árinu og hefur farið sigurför um kvikmyndahátíðir heimsins enda kjörið efni fyrir kvikmyndahátíðir með áherslu á samfélagsmál. Leikkonan Angelina Jolie hefur líka vakið verðskuldaða athygli á myndinni fyrir að vera einn framleiðenda hennar. Orðið „difret“ á amharísku þýðir bæði „hugrekki“ og „nauðgun“ en myndin fjallar um hefð sem kallast „telefa“ og hefur viðgengist í sveitahéruðum Eþíópíu í gegnum aldirnar. Samkvæmt hefðinni má karlmaður ræna ungri stúlku, nauðga henni og gera hana að eiginkonu sinni.

Myndin er byggð á sannri sögu frá tíunda áratugnum. Hirut (Tizita Hagere) er 14 ára bóndadóttir sem sækir skóla og þráir fátt meira en að mennta sig. Á leiðinni heim úr skólanum er henni rænt samkvæmt telefa-hefðinni og nauðgað af tilvonandi „eiginmanni“ sínum. Þegar tækifæri gefst stelur hún riffli mannsins og flýr eftir að hafa myrt manninn. Hún fær lögfræðiaðstoð frá Meaza (Meron Getnet), ungum lögfræðingi í höfuðborginni Addis Ababa, sem þarft að berjast með kjafti og klóm gegn hinu rótgróna feðraveldi. Þá er barátta Meözu og Hiruts í raun tvíþætt þar sem þær takast á bæði við hið opinbera lagakerfi í landinu og síðan hið hefðbundna öldungaráð í þorpi Hirut, en Hirut á yfir höfði sér annaðhvort lífstíðardóm eða dauðarefsingu fyrir að hafa varið sig á þennan hátt.

Difret er merkileg mynd sem vekur athygli á klikkuninni á bak við suma rótgróna siði og þá staðreynd að reynsla Hirut er ekki einsdæmi í heiminum, þótt reynsla hennar hafi kannski breytt viðhorfi Eþíópíumanna til telefa og jafnvel breytt lagastöðu hefðarinnar í landinu líka.

- þij





| SMÁRABÍÓ (Aukakrónur 5%) | | |
|---|---|---|
| DRACULA | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| DRACULA LÚXUS | KL 10.45 | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| THE EQUALIZER LÚXUS | KL 2 - 5 - 8 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LET'S BE COPS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 1 - 3 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 1 - 3.15 | L |
| SMÁHEIMAR 2D | KL 1 - 3 | L |
| SMÁHEIMAR 3D | KL 1 - 3* | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (Aukakrónur 5%) | | |
|---|---|---|
| GONE GIRL FORSÝNING | KL 10.15* | 16 |
| THE EQUALIZER | KL 6 - 10.15** | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 3 - 9 | 14 |
| SMÁHEIMAR | KL 3.30 | L |

*AÐEINS LAUGARDAG
**AÐEINS SUNNUDAG

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN — Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði — NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING




| LAUGARÁSBÍÓ | Laugardagur | Sunnudagur | |
|---|---|---|---|
| DRACULA UNTOLD | 6, 8, 10:20 | 6, 8, 10 | 16 |
| GONE GIRL | | 10:20 | 16 |
| SMÁHEIMAR | 1:45, 3:50 | 1:45, 3:50 | L |
| THE EQUALIZER | 8, 10:40 | 8 | 16 |
| WALK AMONG TOMBSTONES | 5:45, 8, 10 | 5:45, 8, 10:40 | 16 |
